

**SKOÐUN** Sighvatur Björgvinsson skrifar um fórn af frjálsum vilja. 17



**MENNING** Klang der Offenbarung des Göttlichen frumsýnt í kvöld. 24



**LÍFIÐ** Kvennarokksumarbúðir verða haldnar næstu helgi fyrir konur, 20 ára og eldri. 36



**SPORT** Bjarki Már Elísson varð markahæsti Íslendingurinn í þýsku 1. deildinni. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
28. maí 2014
124. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## MARKAÐURINN



### Silicor skrefi nær Grundartanga

Forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials ætla að undirrita viljayfirlýsingu í dag um vilyrði fyrir úthlutun lóðar á Grundartanga.

## FRÉTTIR

**Vara við mengun** Sérfræðingar sem gerðu úttekt á gerð tjaldstæðis á hafnarsvæðinu á Siglufirði vara við metangas- og PCB-mengun. 2

**Þarf að greiða 379 milljarða** Eftir þrettán ár þarf ríkið að greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 23 til 24 milljarða árlega. 4

**Eftirliti ábótavant** Ekkert eftirlit er með því hvort sveitarfélög fari að lögum þegar þjónusta er keypt af einkaaðilum. 6




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | SV | 4 |
| Akureyri | 13° | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 11° | SV | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | SV | 4 |
| Reykjavík | 12° | SV | 6 |

**Hlýjast** NA-lands í dag en hiti yfirleitt 6-15 stig. Bjartviðri NA-lands en skúrir á köflum á V-hluta landsins. Frekar hæg S-læg átt víðast hvar. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Heilsa | Fólk






**FLEIRI NOTA HJÁLM** Samkvæmt nýrri könnun tryggingafélagsins VÍS nota 88 prósent hjólreiðamanna hjálm, aðeins fleiri en í fyrra, en þá voru það 85 prósent. Um þriðjungur hjólreiðamanna reyndist vera í fatnaði sem gerir þá sýnilegri í umferðinni. Aftari hjólreiðamaðurinn hér var bæði með hjálm og í sýnileikafatnaði en reyndar ekki með hendurnar á stýrinu þegar ljósmyndarinn smellti af. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL.

# Helmingi fleiri hjólreiðamenn slasast illa

Slysum á hjólreiðamönnum fjölgar samfara fjölgun þeirra sem fara ferða sinna á hjóli. Talsmaður Samtaka um bíllausan lífsstíl segir einblínt á ökumenn bifreiða í umferðarmenningunni. Tvöfalt fleiri alvarleg slys voru í fyrra en árið áður.

**SAMGÖNGUMÁL** Alvarleg slys á hjólreiðamönnum voru tvöfalt fleiri á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 en árið 2013 samkvæmt upplýsingum Samgöngustofu. Alvarlegum slysum fjölgaði úr fimmtán í þrjátíu og eitt.

Magnús Jensson, fyrrverandi formaður Samtaka um bíllausan lífsstíl, segir ástæðu til að bæta öryggi hjólreiðafólks í umferðinni. „Það er búið að skapa öfgabílamenningu. Bílar eiga alltaf að hafa forgang umfram aðra vegfarendur.“

Magnús bætir við: „Umferðarmenningin einblínir um of á ökumenn. Það hefur gleymst að taka tillit til annarra samgönguþátta en bílsins.“

Magnús bendir einnig á að víða séu biðskyldumerkingar í Reykjavík staðsettar of nálægt gatnamótum. „Merkingarnar eru staðsettar þannig að bílar stansa þegar þeir eru komnir í veg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í stað þess að staðnæmast fyrir framan gangbrautir.“

Vegna þessa gripu félagsmenn í Samtökunum um bíllausan lífsstíl til þess ráðs að endurmerkja nokkur gatnamót í Reykjavík þannig að bílar staðnæmdust fyrir framan gangbrautir.

Árni Davíðsson, stjórnarmaður í Landssamtökum hjólreiðamanna, segir að að hluta til megi útskýra fjölgun slysa með fjölgun hjólreiðamanna. Einnig gæti bætt skráning á hjólreiðaslysum hjá lögreglunni átt þátt í að skýra málið.

Sigrún Helga Lund, annar fyrrverandi formaður í Samtökunum um bíllausan lífsstíl, segir algengt að slys verði vegna þess að ökumenn gleymi að líta til hliðar þegar þeir beygi til hægri og aki þá á hjólreiðamenn sem séu að fara í sömu átt yst til hægri á götunni. Það taki hins vegar tíma fyrir ökumenn að venjast fleiri hjólreiðamönnum í umferðinni. -ih

### ➜ Alvarlega slasaðir hjólreiðamenn

| | |
|---|---|
| 2012 | 15 |
| 2013 | 31 |

Samkvæmt tölum Samgöngustofu um fjölda umferðarslysa á Höfuborgarsvæðinu



**❝ Það hefur gleymst að taka tillit til annarra samgönguþátta en bílsins.**

*Magnús Jensson, fyrverandi formaður Samtaka um bíllausan lífsstíl.*

Bankastjóri svarar gagnrýni:

## Þingmenn ráði ekki bankanum

**VIÐSKIPTI** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir aðkomu stjórnvalda að hugsanlegum framkvæmdum við nýjar höfuðstöðvar bankans eiga að vera takmarkaða. Áformin hafa meðal annars verið gagnrýnd af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra.



STEINÞÓR PÁLSSON

„Við erum ekki á fjárlögum og starfsmenn Landsbankans eru ekki ríkisstarfsmenn. Aðkoma stjórnvalda er takmörkuð og það á að vera þannig samkvæmt þeim leikreglum sem Alþingi er búið að setja. Ég held að það væri ekki góð þróun ef 63 þingmenn færu að stjórna Landsbankanum,“ segir Steinþór. - hg / sjá Markaðinn

Íslenskt upphitunaratriði:

## GusGus hitar upp fyrir Justin

Tónlist „Ég er mikill aðdáandi Justins Timberlake og hef alltaf verið dálítið svag fyrir stöffinu hans og finnst hittararnir hans sérlega æðislegir,“ segir tónlistarmaðurinn Biggi veira og meðlimur hljómsveitarinnar GusGus, en sveitin sér um upphitun fyrir tónleika Justins Timberlake sem fram fara í Kórnum 24. ágúst. „GusGus var alltaf ofarlega á blaði hjá okkur og var eitt af þeim böndum sem við lögðum til. Þetta er frábær sveit og sérstaklega góð tónleikasveit, við erum mjög sátt við að fá hana á þessa frábæru tónleika,“ segir tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu. - glp / sjá síðu 38












## SPURNING DAGSINS



Magnús, heldur þessi hugmynd vatni?

**„Þetta er skotheld, vatnsheld hugmynd.“**

Magnús Garðarsson í Veitingalist hefur sótt um leyfi fyrir „fljótandi hóteli“ í Hafnarfjarðarhöfn.

Grunur leikur á að myglusveppur hafi fundist í frístundamiðstöðinni Árseli:

# Foreldrar fengu ekkert að vita

**HEILBRIGÐISMÁL** Grunur leikur á að myglusveppur hafi fundist í frístundamiðstöðinni Árseli í Árbæ. Óhreinindi fundust undir parketi í danssal í mars síðastliðnum, en niðurstöður hvort um myglusvepp sé að ræða liggja ekki fyrir. Búið er að hreinsa burt óhreinindin og skipt hefur verið um parket. Börn í Árbæjarskóla á aldrinum sex til níu ára hafast við í Árseli.

Einn starfsmaður hefur fundið fyrir einkennum en beðið er eftir niðurstöðu lækna um hvort einkennin séu af völdum sveppsins. Foreldrum barna hefur ekki verið tilkynnt um hugsanlegan myglusvepp.

„Heilbrigðiseftirlitið tók þá ákvörðun að ekki væri þörf á að tilkynna foreldrum barna þetta því börnin eru þarna einungis þrjá tíma á dag, starfsmennirnir í átta tíma og enn er ekkert staðfest,“ segir Jóhannes Guðlaugsson, forstöðumaður Ársels, og bætir við að starfsmönnum Ársels hafi þegar verið boðin læknisskoðun. **- sks**



**ÁRBÆJARSKÓLI** Beðið er eftir niðurstöðu lækna um hvort einkennin séu af völdum myglusveppsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sparnaður upp í skuldir:

# Opnað fyrir umsóknir

**EFNAHAGSMÁL** Hægt verður að sækja um að nýta séreignarsparnað til niðurgreiðslu húsnæðislána frá og með deginum í dag. Alþingi samþykkti lög sem leyfa fólki að nota séreignarsparnað sinn næstu þrjú árin, frá 1. júlí, til að greiða inn á höfuðstól lána. Þeir sem ekki eiga húsnæði mega nýta sparnað sinn næstu fimm ár til að greiða inn á húsnæðislán. Hámarksfjárhæð á ári er 500 þúsund krónur, en hjón eða samskattað fólk getur nýtt 750 þúsund krónur á ári. **- jme**



**GÓÐVERK** Thelma tekur við söfnunarfénu frá Hugrúnu og félögum í nemendaráði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nemendaráð Ölduselsskóla safnaði 70.000 krónum á hátíð:

# Grunnskólanemar styrkja Klepp

**FÉLAGSMÁL Nemendaráð Ölduselsskóla afhenti í gær Kleppsspítala sjötíu þúsund krónur sem söfnuðust á vorhátíð skólans. Nemendurnir áttu sjálfir frumkvæðið að söfnuninni eftir að þeir fengu kynningu á starfsemi spítalans í vetur.**

**„Árgangurinn okkar fór í kynningar upp á Klepp,“ segir Hugrún Egla Einarsdóttir, gjaldkeri nemendaráðsins. „Þetta var ótrúlega áhugavert og okkur langaði að safna og gera eitthvað fyrir þau.“**

**Það var Thelma Dögg Valdimarsdóttir, sjúkraliði á öryggisgeðdeild og móðir nemanda í Ölduselsskóla, sem hóf að kynna starfsemina á Kleppi fyrir grunnskólanemum. - bá**

Lykilsamningar loks í höfn:

# Allt á fullt í Helguvík

**IÐNAÐUR** Framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju United Silicon hefjast í Helguvík í dag en allir lykilsamningar um verkefnið eru nú í höfn. Allt að 250 störf skapast á framkvæmdatíma og sjötíu stöðugildi verða í fyrirtækinu þegar rekstur hefst eftir tvö ár.

Verksmiðjan rís á iðnaðarlóð við höfnina í Helguvík. Umhverfismat var staðfest fyrir ári en það var í marsmánuði sem Landsvirkjun skýrði frá því að hún hefði gert orkusölusamning við United Silicon. **- kmu**

Margir kjósa utan kjörfundar:

# Meiri þátttaka en síðast

**KOSNINGAR** Talsvert fleiri hafa greitt atkvæði utan kjörfundar í Reykjavík en á sama tíma fyrir fjórum árum.

Í gærkvöldi höfðu 4.146 greitt atkvæði í Reykjavík en á sama tíma fyrir fjórum árum höfðu 2.836 kosið. Samkvæmt upplýsingum Sýslumannsins í Reykjavík fór utankjörfundaratkvæðagreiðslan fremur hægt af stað en hefur verið að glæðast. Á mánudag höfðu 6.850 greitt atkvæði utan kjörfundar á landinu öllu og í sendiráðum erlendis en í gærkvöldi voru utankjörfundaratkvæði orðin 9.497. **- jme**

# Vara við hugsanlegri mengun á tjaldstæði

Séfræðingar, sem gerðu úttekt á gerð tjaldstæðis á hafnarsvæðinu á Siglufirði, vara við að hugsanlega sé þar metangas- og PCB-mengun vegna margvíslegrar urðunar þar í gegn um tíðina. Koma á upp tjörnum og síkjum og athvarfi fyrir fugla.

**SKIPULAGSMÁL** Áform eru nú uppi um að endurskipuleggja Leirutanga á Siglufirði. Tjaldstæði á að vera á norðurhluta tangans næst miðbænum en friðland fugla á sunnanverðri uppfyllingunni.

Um er að ræða áfanga í samkomulagi Fjallabyggðar og Rauðku ehf., félags Róberts Guðfinnssonar, sem er lóðareigandi á svæðinu.

Á fundi með forsvarsmönnum Fjallabyggðar í janúar sagði Róbert við blasa að í óefni stefndi vegna fjölgunar ferðamanna, og tjaldstæði og svæði fyrir húsbíla dugi ekki til. Ákveðið var að fá Edwin Roald golfvallahönnuð og Ármann Viðar Sigurðsson, byggingafulltrúa Fjallabyggðar, til að leggja fram hugmyndir um nýtingu tangans og innri hafnarinnar og miðbæjarins.

Tvímenningarnir segja hugmyndir um miðbæinn enn of óljósar til þess að koma með markvissar tillögur um hann. Þeir fengu ráð hjá fuglaáhugamönnum og Fuglaverndarfélagi Íslands varðandi tangann.

„Lagt er til að tjaldsvæði verði á norðurhluta tangans, einkum til að draga úr gönguvegalengd til og frá miðbæ Siglufjarðar, og að friðland fugla verði á sunnanverðri uppfyllingunni, þar sem fuglalíf er einna mest í dag. Kría og æðarfugl eru meðal mest áberandi tegunda og er hér gengið út frá því að finna þurfi heppilega og varanlega lausn sem tryggt getur að tjaldsvæðisgestir og krían geti átt samleið á tanganum án þess að úr verði of mikið ónæði,“ segir í umfjölluninni.

Á tanganum er gert er ráð fyrir um 120 húsbílastæðum. Þá er gert ráð fyrir stígum, tjörn og síki. „Hugmyndir hafa komið fram frá Rauðku ehf. um að hluti vatnaleiðar eða síkis geti nýst sem skautasvell á vetrum,“ segja tvímenningarnir.

Sérfræðingarnir vara við að uppfyllingin hafi verið vettvangur margvíslegrar urðunar.

„Án þess að nokkur áþreifanleg gögn liggi fyrir um slíkt, þá telja undirritaðir ekki hægt að útiloka mengunarhættu vegna þessara fyrri landnota. Eftirgrennslan undirritaðra hefur leitt í ljós að víða þar sem heimilissorp og bílhræ hafa verið urðuð geti orðið vart við mengun af völdum metangass og PCB,“ segir í niðurstöðunum.

Bæjarstjórnin hefur samþykkt óbreytta staðsetningu tjaldsvæðis við torgið á Siglufirði næstu tvö ár. **gar@frettabladid.is**

### HUGMYND UM SKIPULAG Á LEIRUTANGA




**1.** Fyrirliggjandi byggingar (Bás) lagfærðar og endurnýttar, til dæmis til að þjónusta tjaldsvæðisgesti, sem bátageymsla og svo framvegis.
**2.** Sjósetningaraðstaða / siglingaklúbbur. **3.** Ylströnd
**4.** Regnvatnslögn framlengd til suðurs og undir Snorragötu.
**5.** Fyrirhuguð bensínstöð, hugsanlegt að tjaldsvæði verði þjónustað þaðan.
**6.** Brýr. **7.** Tjörn. Samkomustaður.


# SUMARTILBOÐ



Árgerð 2014

Niðurfellanleg hliðarborð

98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN Er frá Þýskalandi

Grillbúðin www.grillbudin.is

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið til kl. 16 á laugardag


Öllum starfsmönnum Ferðaþjónustu fatlaðra sagt upp störfum á næstunni:

# Fatlaðir óttast um stöðu sína

**SAMFÉLAGSMÁL** Öllum starfsmönnum Ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík, 24 talsins, var tilkynnt í gær á fundi hjá Strætó bs. að þeim yrði sagt upp störfum í sumar. Ástæðan er sú að bjóða á út aksturshluta Ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu og hætta starfsemi í núverandi mynd um áramót.

„Flestir þeirra sem missa vinnuna eru bílstjórar. Við getum ekki tryggt þeim sambærileg störf eftir áramót og því er þeim sagt upp,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., en bætir við að ökumönnunum verði boðin vinna við akstur strætisvagna.

Þrír fatlaðir vinna í þjónustuveri sem rekið hefur verið fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra. Það fólk óttast mjög um stöðu sína þar sem það hefur skert starfsþrek.




**LÖGÐ NIÐUR** Ferðaþjónusta fatlaðra verður lögð niður í núverandi mynd. 24 starfsmönnum verður sagt upp störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reynir segir að stöðugildum í almennu þjónustuveri Strætó fjölgi um þrjú eftir að Ferðaþjónusta fatlaðra verður lögð niður. Í þær stöður verði ráðið samkvæmt hæfnismati.

„Uppfylli fatlaðir þær kröfur sem gerðar verða eiga þeir sömu möguleika á að hljóta störfin og þeir sem ófatlaðir eru,“ segir Reynir. **- jme**



RISA
TAX FREE
ALLAR VÖRUR*
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI
AÐEINS Í DAG
miðvikudaginn 28. maí
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI
*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af Weber grillum
*Gildir ekki af lægsta lága verði Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**214 þúsund krónur eru lágmarkslaun fyrir fullt starf á Íslandi í dag.**

Lágmarkslaunin voru 157 þúsund árið 2010 og 125 þúsund árið 2007.

*Heimild: ASÍ*

Stjórnarráðið það fyrsta í heiminum til að undirrita Jafnréttissáttmála SÞ:

# Ísland verði áfram í fararbroddi

**VIÐSKIPTI** Stjórnarráð Íslands undirritaði í gær yfirlýsingu um að fylgja Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Stjórnarráðið er með þessu það fyrsta á heimsvísu sem innleiðir sáttmálann.

Undirritunin fór fram á opinni ráðstefnu UN Women á Íslandi, Festu og Samtaka atvinnulífsins á Hótel Nordica. „Þessi sáttmáli er tæki, bæði fyrir opinbera geirann og almenna markaðinn til þess að koma á jafnrétti kynjanna á vinnustöðum,“ sagði Kristin Hetle, framkvæmdastjóri hjá UN Women í New York, sem var viðstödd ráðstefnuna.

Viðmið sáttmálans eru meðal annars að stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og að efla menntun, þjálfun og faglega þróun kvenna á vinnustað.

Auk stjórnarráðsins undirrituðu sex fyrirtæki sáttmálann í gær, þau Alcoa Global, Fjarðaál, Össur, Arion banki, Actavis á Íslandi og Orkuveita Reykjavíkur. **- bá**



**HÚS STJÓRNARRÁÐS ÍSLANDS** Þetta er í fyrsta skipti sem þjóðríki samþykkir Jafnréttissáttmálann á þennan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

44% nota síma við akstur:

## Langflest slys hjá ungu fólki

**SLYS** Langflest umferðarslys verða hjá yngstu ökumönnunum. Þetta kemur fram í nýrri könnun Vátryggingafélags Íslands. Ef litið er til fimm ára aldursbila sést að 15,7 prósent allra umferðarslysa á landinu verða hjá aldurshópnum 17 til 21 árs. Þó ber að nefna að slysum hjá yngstu ökumönnum hefur fækkað mikið. Í könnuninni kemur fram að 44 prósent ungra ökumanna nota farsíma til að skoða smáskilaboð eða fara á netið undir stýri. **-bá**



**OBAMA Í AFGANISTAN** Bandaríkjaforseti kom í óvænta heimsókn þangað um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama um Afganistan:

## Bandaríkjaher áfram í landinu

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst halda 9.800 bandarískum hermönnum í Afganistan, þrátt fyrir að megnið af bandaríska herliðinu verði kallað heim um áramótin.

Hann skýrði frá þessu í gær, stuttu eftir að hann kom aftur til Bandaríkjanna eftir óvænta heimsókn til Afganistans um helgina.

Búist er við því að nokkur þúsund hermenn frá öðrum NATO-ríkjum verði áfram í Afganistan, þannig að alls verði um 12 þúsund manna erlent herlið í landinu í byrjun næsta árs. **- gb**

Auknar veiðitekjur OR:

## Efla rannsóknir á urriðanum

**UMHVERFISMÁL** Orkuveita Reykjavíkur ætlar að láta tekjur af veiðirétti í Þingvallavatni renna til rannsókna á urriðastofninum í vatninu.

„Eftir að auglýst var eftir tilboðum í veiðiréttinn og hann leigður hæstbjóðanda jukust tekjur Orkuveitunnar af honum verulega og nema nú tæpum tveimur milljónum króna á ári,“ segir í frétt OR. „Hugur stjórnar Orkuveitunnar stendur til þess að það muni einkum nýtast til frekari rannsókna á hinum merka urriðastofni í vatninu.“ **- gar**

# Ríkið þarf að greiða LSR 379 milljarða

**Þrettán ár eru þar til eignir B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verða uppurnar. Þá mun ríkið þurfa að greiða LSR 23 til 24 milljarða árlega. Framkvæmdastjóri LSR óskar eftir því að ríkið myndi sér stefnu um greiðslur til sjóðsins.**

**LÍFEYRISMÁL** Verði ekkert að gert mun ríkið þurfa að greiða 23 til 24 milljarða árlega á núverandi verðlagi eftir árið 2027 til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR.

Hann bætir við: „Upphæðin mun þó lækka næstu árin á eftir samfara fækkun lífeyrisþega.“

Ástæða þess er að eignir B-deildar lífeyrissjóðsins verða uppurnar árið 2027. B-deildin hefur lofað lífeyrisgreiðslum upp á 379 milljarða umfram eignir sem munu koma til greiðslu á næstu áratugum.

Ríkið er ábyrgt fyrir lífeyrisgreiðslum B-deildar svo ríkið mun þurfa að greiða upphæðina. Upphæðin jafngildir helmingi af útgjöldum ríkissjóðs á einu ári.

Haukur kallar eftir því að ríkið myndi sér stefnu um greiðslur til LSR. „Því fyrr sem ríkið byrjar að greiða til LSR, þeim mun betra. Hefði ríkið greiðslur strax þarf það að greiða 8 milljarða á ári. Upphæðin mun hækka eftir því sem greiðslum er frestað.“

Árið 1997 var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðsfélaga í B-deild LSR. Í B-deild sjóðsins hefur alltaf verið gert ráð fyrir að einungis hluti lífeyrisgreiðslna fjármagni lífeyri en ríkið ábyrgðist það sem upp á vantaði.

Samfara lokun B-deildar var A-deild sjóðsins stofnuð fyrir nýja sjóðsfélaga. Í A-deildinni eiga greiðslur sjóðsfélaga að standa undir réttindum þeirra. Það hefur hins vegar ekki gengið síðustu sex ár.

Árið 2013 voru skuldbindingar A-deildar umfram eignir minni en þau 10 prósenta vikmörk sem kveðið er á um í lögum. Því þarf stjórn sjóðsins að grípa til aðgerða fyrir 1. október.

„Að öðru óbreyttu þarf stjórn sjóðsins að hækka iðgjöld launagreiðenda til sjóðsins til þess að standast lög,“ segir Haukur.

Stjórn LSR hefur óskað eftir fundi með fjármálaráðherra til þess að fara yfir stöðu A- og B-deilda sjóðsins. **ingvar@frettabladid.is**



**Því fyrr sem ríkið byrjar að greiða til LSR, þeim mun betra.**

*Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri.*





**RÍKIÐ KALLAÐ TIL** Mikill munur er á eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ríkið þarf að brúa bilið. FRÉTTBLAÐIÐ /ARNÞÓR BIRKISSON



**HUNGURSNEYÐ** Tvö hundruð þúsund börn gætu dáið úr hungri í Sómalíu. NORDICPHOTOS/AFP

Slæmt ástand í Sómalíu:

## 200 þúsund gætu dáið

**SÓMALÍA** Tvö hundruð þúsund börn gætu dáið úr hungri vegna gífurlegs fjár- og matarskorts í Sómalíu, verði ekki gripið til aðgerða strax.

Ef fjármagn fæst ekki neyðist Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, til að hætta nauðsynlegri heilbrigðisaðstoð innan eins mánaðar, en stofnunin hefur nú einungis fengið um tíu prósent af nauðsynlegu fjármagni.

Hingað til hefur UNICEF fjármagnað um sjötíu prósent af allri heilbrigðisþjónustu þarlendis, en um hundrað og fimmtíu milljónir Bandaríkjadala þarf til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu að fullu. **- sks**

Giftist í óþökk fjölskyldu:

## Þunguð kona grýtt til dauða

**PAKISTAN** Farzana Paveen var grýtt til dauða af fjölskyldu sinni í Pakistan í gær fyrir að hafa gifst manni í óþökk fjölskyldunnar. Hún var komin þrjá mánuði á leið.

Tuttugu ættingjar og vandamenn konunnar, þar á meðal faðir hennar og bræður, réðust á hana og eiginmann hennar með múrsteinum og bareflum fyrir framan dómshúsið í borginni Lahore. Að sögn pakistönsku lögreglunnar hefur faðir konunnar verið handtekinn fyrir glæpinn. **- sój**






BRESTIR

Nikhil Nathan Kirsh

Opnun miðvikudaginn 28. maí kl. 17 • Allir velkomnir

GALLERÍ FOLD Rauðarárstíg 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 25° | Friedrichshafen | 19° | New York | 20° |
| Aþena | 30° | Gautaborg | 15° | Orlando | 32° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 15° | Ósló | 18° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 23° | París | 19° |
| Billund | 15° | London | 16° | San Francisco | 28° |
| Frankfurt | 20° | Mallorca | 25° | Stokkhólmur | 11° |





**HLÝTT N- OG NA-LANDS** næstu daga, hiti 10-17stig en annars heldur svalara í öðrum landshlutum. Einhver súld verður á V-hluta landsins en þurrt að kalla og bjart yfir NA-lands. Búast má við rigningu eða skúrum víða um helgina.

**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

**FATASÖFNUNARDAGAR RAUÐA KROSSINS OG EIMSKIPS**
**31. MAÍ OG 1. JÚNÍ**

# GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, gluggatjöld og aðrar vefnaðarvörur, á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins helgina 31. maí og 1. júní.- Allur fatnaður, hvort sem hann er slitinn eða heill, nýtist okkur í hjálparstarfi hérlendis sem erlendis.



**Söfnunarstöðvar:**

*Reykjavík:* Sundstaðir ÍTR
*Hafnarfjörður:* Ásvallalaug
*Kópavogur:* Sundlaugin í Vesturbæ Kópavogs
Sundlaugin Versölum 3
*Garðabær:* Sundlaug Garðabæjar, Ásgarði
*Álftanes:* Álftaneslaug
*Mosfellsbær:* Lágafellslaug
*Landsbyggðin:* Móttökustöðvar Eimskips Flytjanda

Ath. Einnig er hægt að skila fatnaði á endurvinnslustöðvum SORPU og í fatasöfnunargáma Rauða krossins.




Rauði krossinn

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða landi var fljótandi hótel sem er á leið í Hafnarfjörð smíðað?
**2.** Hvað hét spænski bærinn, sem nú hefur fengið heitið Gyðingahóll, áður?
**3.** Hvaða Íslendingur leikur með enska B-deildarliðinu Rotherham?

**SVÖR:**

**1.** Í Ungverjalandi. **2.** Gyðingavígabúðir (Castrillo Matajidos). **3.** Kári Árnason.

Hörð átök stjórnarhers og uppreisnarmanna í austanverðri Úkraínu:

# Tugir manna liggja í valnum

**ÚKRAÍNA** Tugir líka voru fluttir inn í líkhús borgarinnar Donetsk í gær, eftir að harðir bardagar geisuðu þar milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna.

Óttast var að allt að hundrað manns hefði fallið í valinn, flestir að sögn stjórnvalda úr röðum uppreisnarmanna en samkvæmt frásögn uppreisnarmanna gæti helmingur þeirra verið úr röðum almennra borgara.

Átökin hófust eftir að auðkýfingurinn Petro Porosjenkó hafði lýst yfir sigri í forsetakosningunum, sem haldnar voru á sunnudaginn.

Porosjenkó hefur sagst ætla að reyna að stilla til friðar í landinu, en hefur sjálfur líkt uppreisnarmönnum í austurhluta landsins við sómalska sjóræningja.

Tildrög átakanna virðast hafa verið þau að uppreisnarmenn hafi reynt að ná flugvellinum í Donetsk á sitt vald. Það er næststærsti flugvöllur landsins.

Síðar um daginn fullyrti stjórnarherinn að hann væri búinn að ná flugvellinum aftur úr höndum uppreisnarmanna. **- gb**



**GÖTUVÍGI HLAÐIÐ ÚR SANDPOKUM** Uppreisnarmenn í Donetsk styrkja varnir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný stofnun á Raufarhöfn:

# Rannsaka á Melrakkasléttu

**SVEITARFÉLÖG** Stofnfundur Rannsóknastöðvarinnar Rifs, sem staðsett verður á Raufarhöfn, var í síðustu viku. Rif er sjálfseignarstofnun og stofnaðilar eru Byggðastofnun, Norðurþing og Náttúrustofa Norðausturlands. Í tengslum við átaksverkefnið Brothættar byggðir hefur verið unnið að því með það að markmiði að nýta sérstöðu Melrakkasléttu til rannsókna og styrkja um leið byggð og innviði samfélagsins. **- jme**

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
S. 777 2 333




# Eftirliti með útboðum sveitarfélaga ábótavant

Ekkert eftirlit er með því hvort sveitarfélög fari að lögum og reglum um útboðsskyld verkefni. Garðabær fer á svig við innkaupareglur sem bærinn setur sjálfur. „Skipulag útboðsmála ekki nógu skýrt,“ segir forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

**STJÓRNSÝSLA** Ekkert virkt eftirlit er með því hvort sveitarfélög fari að lögum þegar þjónusta er keypt af einkaaðilum. Hvorki innanríkisráðuneytið né Ríkiskaup sinna eftirliti með því hvort sveitarfélög fari að lögum þegar þjónusta er keypt.

Garðabær samdi við fyrirtæki fyrrverandi bæjarstjóra Garðabæjar, Ásdísar Höllu Bragadóttur, 15. janúar 2009 um að sinna heimaþjónustu fyrir aldraða í Garðabæ. Greiðslur Garðabæjar til fyrirtækis Ásdísar Höllu námu um 85 milljónum króna á síðustu tveimur árum. EES-reglur kveða á um að ef þjónusta sem er keypt af einkafyrirtæki fari yfir 33 milljónir þurfi að fara fram útboð. Einnig fór Garðabær á svig við eigin innkaupareglur.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir útboðsmál hjá opinberum aðilum ekki vera í nægilega föstum skorðum. „Skipulag útboðsmála hér á landi, og öll umgjörðin í kringum þau mál, er ekki nægjanlega afmarkað og skýrt. Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent stjórnvöldum á það að taka þessi mál til skoðunar,“ segir Páll Gunnar. „Ég þekki ekki til þessa máls með útboð í Garðabæ svo ég vil ekki tjá mig um það mál sérstaklega.“

Páll Gunnar teldi það eðlilegra ef Samkeppniseftirlitið hefði einhverja eftirlitsskyldu og skýrt lagavald til að fara ofan í saumana á útboðum hins opinbera. Því er hins vegar ekki að dreifa í dag og því er lagaramminn nokkuð óskýr og ómarkviss.

Samkeppniseftirlitið skrifaði álit í lok árs 2009 um opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir. Þar kemur fram að stofnunin beini því til hins opinbera að fylgjast markvisst með því að farið sé að samkeppnislögum við framkvæmd útboða og að útboðum verði beitt þegar slíkt er hagkvæmt og því verður við komið. Að mati Samkeppniseftirlitsins er það mikilvægt til þess að efla samkeppni og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem varið er í opinber innkaup á vörum og þjónustu.

„Sú athugun hefur leitt í ljós að nokkur misbrestur kunni að vera á því að útboðsskyld innkaup séu boðin út í samræmi við lög um opinber innkaup. Er í því sambandi ástæða til þess að kanna sérstaklega starfsemi sjálfstæðra lögaðila sem fjármagnaðir eru af hinu opinbera, t.a.m. sjálfseignarstofnanir. Þá má ætla að innkaup sveitarfélaga séu í sumum tilvikum ekki gerð með jafn hagkvæmum hætti og mögulegt væri þar sem þau eru undanskilin lögum um opinber innkaup nema um sé að ræða innkaup sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum ESB,“ segir í áliti Samkeppniseftirlitsins.

Páll Gunnar Pálsson segir skipulag útboðsmála hér á landi, og alla umgjörðina í kringum þau mál, ekki vera nægjanlega afmarkað og skýrt. „Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent stjórnvöldum á það að taka þessi mál til skoðunar,“ segir hann.



**GARÐABÆR** Greiðslur Garðabæjar til fyrirtækis Ásdísar Höllu Bragadóttur námu um 85 milljónum króna á síðustu tveimur árum. MYND/SIGURJÓN ÓLASON



**Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent stjórnvöldum á það að taka þessi mál til skoðunar.**

*Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.*

Sjálfsbjörg vill að ekkert sé ákveðið um málefni fatlaðra án þeirra þátttöku:

# Vilja jafnan hlut fatlaðra í nefndum

**SAMFÉLAGSMÁL** Verulega hallar á fatlaða í nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga sem eiga að fjalla um málefni þeirra.

„Ekkert um okkur án okkar,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar.

Bergur Þorri segir að í 13 manna nefnd sem eigi að endurskoða lög um málefni fatlaðra og semja nýtt lagafrumvarp þar að lútandi sitji einn fulltrúi Öryrkjabandalagsins og annar frá Þroskahjálp.

„Við höfum rætt við Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra og farið þess á leit að fulltrúum fatlaðra í nefndinni verði fjölgað en svarið sem við fengum frá ráðherra var stutt og laggott nei,“ segir Bergur Þorri og telur algerlega óásættanlegt að fatlaðir hafi ekki meira um sín mál að segja.

Hann tiltekur að í samráðsnefnd sveitarfélaga og ríkisins um málefni fatlaðra sitji átta fulltrúar, þrír frá sveitarfélögunum, velferðar-, fjármála- og innanríkisráðuneytið eigi einn fulltrúa hvert og síðan eigi Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp hvort sinn fulltrúann.

Bergur Þorri segir að Sjálfsbjörg telji eðlilegt að fatlaðir eigi jafnmarga fulltrúa og sveitarfélögin í nefndinni. **- jme**



**Við höfum rætt við Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra og farið þess á leit að fulltrúum fatlaðra í nefndinni verði fjölgað.**

*Bergur Þorri Benjamínsson, varaformaður Sjálfsbjargar.*



# Allt tilbúið fyrir sumarið?



BAUHAUS
**HJÓLBÖRUR**
80 lítrar.

**5.395,-**

AL-KO

Bara í BAUHAUS

**AL-KO MOSATÆTARI**
Combi Care 38 E Comfort. Auðvelt að skipta yfir í lóðrétta hnífavalsinn, sem léttir á grassverðinum. 1300 vatta mótor, sláttubreidd 38 og 37 cm, 5 hæðarstillingar, 55 l safnskúffa. Grænni og betur hirt grasflöt sem endist lengur.

**21.995,-**



Gardol
**GAFFALL**
**8.995,-**



Gardol
**GARÐSKÓFLA**
**6.695,-**



Gardol
**STUNGUSKÓFLA**
**6.685,-**



**495,-**

**GRÓÐURMOLD, 40 L**
Fyrir garðinn, matjurtagarðinn, blómapottana og útikerin. Inniheldur næringu og heldur vel raka.



**1.999,-**

**HAFKORN KALKPÖRUNGAR, 5 KG**
Auðleysanlegt kalk sem brotnar hratt niður í jarðvegi og hækkar sýrustig hans. Gott gegn mosa og til almennra jarðvegsbóta.
10 kg. **3.199,-**



**1.995,-**

**GARÐKRAFTUR, 10 KG**
Alhliða klórsnauður áburður, einkum ætlaður fyrir matjurtir og garðrækt. Öll næringarefni í einu korni.



**AÐ EIGIN VALI**
**895,-**

Gardol
**GARÐVERKFÆRI**
Veljið um garðhrífu, arfasköfu, jarðhaka eða haka.

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 28. maí til og með miðvikudeginum 4. júní 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

Kosningar framlengdar:

## Helltu sér yfir landsmenn

**EGYPTALAND, AP** Egypskir ráðamenn og egypskir fjölmiðlar helltu sér yfir landsmenn í gær og skömmuðu þá fyrir að mæta ekki á kjörstað.

Þátttaka í forsetakosningum, sem hófust á mánudag og átti að ljúka í gær, var með minnsta móti. Ákveðið var að framlengja kosningarnar um einn dag. Lítill vafi leikur á því að Abdel-Fattah el Sissi verði sigurvegari. Hann tók til sín öll völd í landinu síðasta sumar. - gb

Oddviti X-listans vill að Kópavogsbær taki sig alvarlega sem stærsti atvinnurekandinn í bænum:

# Næst besti flokkurinn vill hækka launin

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Oddviti X-listans, Hjálmar Hjálmarsson, vill hækka lægstu laun bæjarstarfsmanna. Er það eitt af kosningaloforðum listans í kosningabaráttunni.

„Við leggjum áherslu á að Kópavogsbær taki sig alvarlega sem stærsti atvinnurekandinn í bænum og borgi mannsæmandi laun. 300 þúsund er lágmark að okkar mati," segir Hjálmar.

Hann telur líklegt að framboðið nái inn manni í sveitarstjórnarkosningunum á laugardaginn og að framboðið sé öðru vísi en önnur framboð í bænum.

„Sérstaða okkar felst fyrst og fremst í því að við höfum nákvæmlega engin tengsl við stjórnmálaflokkana á landsvísu þannig að við ráðum okkur sjálf og erum ekki bundin á klafa flokks eða foringjaræðis. Við höfum heldur engin bein hagsmunatengsl við fyrirtæki eða félög, sem þvælist óneitanlega oft fyrir í pólitíkinni," segir Hjálmar.

„Við viljum forgangsraða fyrir fólk en ekki steinsteypu. Við höfum geysigóða aðstöðu í bænum að flestu leyti hvað varðar íþróttir, menningu, leikskóla og grunnskóla. Nú er kominn tími til að verja peningunum í allt fólkið með þekkinguna og reynsluna," segir hann. - sa



**HJÁLMAR HJÁLMARSSON** Oddvitinn telur líklegt að framboðið nái inn manni í sveitarstjórnarkosningunum. MYND/ARNAR HALLDÓRSSON


## Grunnskólinn á Hólmavík

GRUNNSKÓLINN HÓLMAVÍK

### Lausar kennarastöður við Grunnskólann á Hólmavík skólaárið 2014-2015

• Meðal kennslugreina eru stærðfræði, samfélagsgreinar og íþróttir.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennsluréttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakarvottorð. Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ. **Umsóknarfrestur er til 2. júní 2014.**

**Nánari upplýsingar veita**
Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, skólastjóri, sími 451 3129 og 698 0929
Ingibjörg Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri, sími 451 3129 og 695 4743

Umsóknum með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Huldu I. Rafnarsdóttur á skolastjorar@holmavik.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 80 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum. Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufegurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.


# Gögn málsins sanna ekki morðið á Karli

Tveir matsmenn, sem fengnir voru til að yfirfara gögn í Egilsstaðamorðmálinu svokallaða, eru sammála um öll atriði málsins. Þeir segja að gögn málsins ein og sér leiði ekki sekt Friðriks Brynjars Friðrikssonar, sem var dæmdur í fangelsi, í ljós.

**LÖGREGLUMÁL** Það er álit tveggja dómkvaddra matsmanna að ekki sé hægt að segja til um það með afgerandi hætti hvort Friðrik Brynjar Friðriksson varð Karli Jónssyni að bana, eða ekki, í maí í fyrra.

Friðrik Brynjar var dæmdur í 16 ára fangelsi í Héraðsdómi Austurlands fyrir morðið á Karli.

Vitnaleiðslur fóru fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær yfir tveimur dómkvöddum matsmönnum sem fengnir voru til að yfirfara rannsókn málsins og þau gögn sem liggja fyrir. Matsmennirnir gagnrýndu meðal annars ljósmyndir sem lögregla hafði tekið af vettvangi glæpsins en sumar þeirra voru óskýrar og ónothæfar við yfirferð matsmannanna. Þá vantaði ljósmyndir frá öllum sjónarhornum meðal annars í tilfelli blóðugs handarfars sem fannst á svalahandriði íbúðarinnar þar sem Karl var drepinn.

Einnig voru myndir af blóðdropum í forstofu íbúðarinnar óstaðsettar og svo virtist sem erfitt hefði verið að greina af myndunum stærð dropanna. Engin útskýring hefur fengist á blóðdropunum í forstofunni.

Það sem vekur athygli í málinu er að ekkert blóð fannst á hvítri peysu Friðriks sem hann var í kvöldið sem morðið átti sér stað.



**Í HÉRAÐSDÓMI** Friðrik Brynjar Friðriksson í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gillian Leak, breskur matsmaður, sagði að það eitt og sér sanni þó ekki sakleysi Friðriks. Hún sagðist oft hafa unnið að svipuðum morðmálum þar sem lítið blóð hefði slest á gerandann og hefði það meðal annars með staðsetningu morðingjans að gera. Kraftur stungnanna skiptir jafnframt máli en Karl var stunginn með svo miklu afli að bæði blað og skefti hnífsins sem notaður var brotnaði.

Í dómsal var tekist á um hvort framburður Friðriks Brynjars stæðist skoðun. Hann greindi frá því að hann hefði komið að líki Karls og dregið það út á svalir. Lítið blóð hafði myndast þar sem líkið hafði verið stungið og mat saksóknari það sem svo að líkið hefði því verið dregið strax eftir að það var stungið.

Gillian Leak sagði þó að vel væri mögulegt að á milli tíu til fimmtán mínútur hefðu liðið frá því að Karl lést af sárum sínum og þar til lík hans var dregið út á svalir. Því til stuðnings vísaði hún til krufningarskýrslu sem sýndi að mikið blóð safnaðist innvortis í Karli án þess að finna sér leið út úr líkamanum

snaeros@frettabladid.is


www.volkswagen.is




Volkswagen up!

# Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# Allt tilbúið fyrir sumarið?



**AL-KO**

Bara í BAUHAUS

**AL-KO MOSATÆTARI**
Combi Care 38 E Comfort. Auðvelt að skipta yfir í lóðrétta hnífavalsinn, sem léttir á grassverðinum. 1300 vatta mótor, sláttubreidd 38 og 37 cm, 5 hæðarstillingar, 55 l safnskúffa. Grænni og betur hirt grasflöt sem endist lengur.

**21.995,-**

BAUHAUS
**HJÓLBÖRUR**
80 lítrar.

**5.395,-**



Gardol
**GAFFALL**
**8.995,-**

Gardol
**GARÐSKÓFLA**
**6.695,-**

Gardol
**STUNGUSKÓFLA**
**6.685,-**



**495,-**

**GRÓÐURMOLD, 40 L**
Fyrir garðinn, matjurtagarðinn, blómapottana og útikerin. Inniheldur næringu og heldur vel raka.



**1.999,-**

**HAFKORN KALKPÖRUNGAR, 5 KG**
Auðleysanlegt kalk sem brotnar hratt niður í jarðvegi og hækkar sýrustig hans. Gott gegn mosa og til almennra jarðvegsbóta.
10 kg. **3.199,-**



**1.995,-**

**GARÐKRAFTUR, 10 KG**
Alhliða klórsnauður áburður, einkum ætlaður fyrir matjurtir og garðrækt. Öll næringarefni í einu korni.



**AÐ EIGIN VALI**
**895,-**

Gardol
**GARÐVERKFÆRI**
Veljið um garðhrífu, arfasköfu, jarðhaka eða haka.

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 28. maí til og með miðvikudeginum 4. júní 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

# KOMDU Í HEIMSÓKN OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 02/12, ekinn 42 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Rnr. 280954

Frábært verð
2.190 þús.



PEUGEOT 206 ACTIVE
Nýskr. 12/11, ekinn 31 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.940 þús.
Rnr. 281481.




SUZUKI SPLASH GLS
Nýskr. 01/12, ekinn 70 þús. km.
bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.550 þús.
Rnr. 281688.



SKODA ROOMSTER STYLE
Nýskr. 04/08, ekinn 35 þús km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.690 þús.
Rnr. 142144




HYUNDAI i30 COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 83 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.380 þús.
Rnr. 281231.



CHEVROLET AVEO LTZ
Nýskr. 02/12, ekinn 40 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.190 þús.
Rnr. 102273.




KIA SORENTO CLASSIC
Nýskr. 01/11, ekinn 40 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr. 102272.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




# Boðar umræðu um þjóðaröryggi í haust

**Stefnt er að því að ræða nýja þjóðaröryggisstefnu á haustþingi. Utanríkisráðherra segir að vel megi hugsa sér að stofna íslenskt þjóðaröryggisráð. Stefnan mun byggjast á víðri skilgreiningu og fjalla um náttúruvá og mengunarslys auk hernaðarógnar.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Unnið verður að nýrri þjóðaröryggisstefnu Íslands á næstu mánuðum og tillaga að stefnu lögð fyrir haustþing Alþingis, segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.

Rætt var um tillögur að mótun þjóðaröryggisstefnu á fundi á vegum Varðbergs í Háskóla Íslands í gær. Þar var fjallað um skýrslu þingmannanefndar sem fékk það verkefni að móta tillögur um þjóðaröryggisstefnu.

Gunnar Bragi segir að vel megi hugsa sér að stofna íslenskt þjóðaröryggisráð. Hlutverk slíks ráðs yrði að bregðast við hvers konar ógnum sem að landinu steðji, til dæmis hernaðarlegum, vegna náttúruhamfara eða mengunarslyss.

„Það er brýnt að það fari fram almenn umræða um niðurstöðu nefndarinnar fyrir utan veggi Alþingis, við þurfum að hleypa sem flestum að þessu máli,“ sagði Gunnar Bragi á fundinum í gær.

Hann sagði mótun þjóðaröryggisstefnu hluta af því ferli sem átt hafi sér stað á síðustu árum, þegar ábyrgðin á öryggi landsins hafi í auknum mæli færst yfir á herðar Íslendinga sjálfra.

Hugtakið þjóðaröryggi takmarkast ekki við hernað og hertól, heldur nær einnig til netöryggis, náttúruhamfara, mengunarslysa og annarra ógna, eins og fram kemur í skýrslu þingmannanefndarinnar.

Þau drög að þjóðaröryggisstefnu, sem þverpólitísk þingmannanefnd skilaði, líða aðeins fyrir það að orðalagið í þeim er almennt, sagði Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, á fundinum í gær. Valur ritstýrði meðal annars áhættumatsskýrslu fyrir Ísland sem kom út árið 2009.

„Þegar farið er ofan í saumana á tillögum nefndarinnar er ljóst að hún byggist í megindráttum á þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa fylgt undanfarin ár,“ sagði Valur. „Það er leitast við að ná sem breiðastri samstöðu, og hið almenna orðalag sem einkennir textann er dæmi um það viðhorf.“

Valur sagði þó ljóst að enn væri ágreiningur um nokkur grundvallarmálefni. Dæmi um það er afstaðan til hlutverks Atlantshafsbandalagsins, friðlýsingar Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og samstarfs við Evrópusambandið.

Valur sagði fulla þörf á því að stofna íslenskt þjóðaröryggisráð. Það hafi til dæmis komið í ljós í efnahagshruninu, þegar viðbrögð stjórnvalda hafi ekki verið nægilega vel samræmd.

Valgerður Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, sagði það vissulega tímamót þegar takist að leggja drög að þjóðaröryggisstefnu með stuðningi allra stjórnmálaflokka. Mikill ágreiningur hafi verið um þennan málaflokk í íslenskum stjórnmálum í gegnum tíðina.

Hún sagði það mikla áskorun fyrir þá embættismenn sem nú fái það hlutverk að móta tillögu að þjóðaröryggisstefnu. Þeir verði að sameina ólík sjónarmið, og gæta þess að verkefni endi á réttum stöðum í stjórnsýslunni.

brjann@frettabladid.is




**EKKI BARA ÞOTUR** Þótt flestir tengi umræðu um þjóðaröryggi við hermenn og hertól er hugtakið skilgreint mun víðar í skýrslu nefndar sem falið var að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**



> **Það er leitast við að ná sem breiðastri samstöðu, og hið almenna orðalag sem einkennir textann er dæmi um það viðhorf.**
>
> *Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði við HÍ.*


# Útskriftarstjarnan

Ógleymanleg útskriftargjöf




Úr gulli kr. **16.900**
Úr silfri kr. **7.900**
Okkar hönnun og smíði

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA · SÍA · 141418

www.jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

Enn eitt útibú vinsællar skyndibitakeðju verður opnað í september ef allt gengur samkvæmt áætlun:

# Feðgar opna Hamborgarabúlluna í Ósló

**VIÐSKIPTI** Feðgarnir Bjarni Finnsson og Baldur Bjarnason, ásamt fjölskyldum þeirra, hafa gert samning um að reka Hamborgarabúllu Tómasar í Noregi.

„Ef allt gengur samkvæmt áætlun er meiningin að fyrsti staðurinn verði opnaður í september í Ósló," segir Bjarni, sem vonast til að opna fleiri staði í Noregi síðar meir.

„Við ætlum að byrja á einum stað og sjá hvernig því verður tekið. Við tökum eitt skref í einu. Þetta er algjörlega í samvinnu við Tomma [Tómas Tómasson, stofnanda Búllunnar] og hans lið."

Bjarni átti verslunina Blómaval í þrjátíu ár, auk þess sem þeir feðgar ráku Ísbúð Vesturbæjar þangað til þeir seldu hana fyrir tveimur og hálfu ári. Hann segir hamborgarana á Búllunni þá bestu sem völ er á. „Það er ekkert öðru vísi."

Þegar Hamborgarabúllan í Ósló verður opnuð verða staðirnir orðnir ellefu talsins á tíu árum. Fyrir eru útibú við Geirsgötu, Ofanleiti, Bankastræti, Bíldshöfða, í Hafnarfirði, á Selfossi, tvö í London, auk þess sem Kaupmannahöfn og Berlín eru nýir viðkomustaðir hamborgarakeðjunnar. Fyrsta Búllan var opnuð við Geirsgötuna í apríl árið 2004. **- fb**

> **Við ætlum að byrja á einum stað og sjá hvernig því verður tekið. Við tökum eitt skref í einu.**
> *Bjarni Finnsson.*



**BJARNI FINNSSON** Bjarni, sonur hans Baldur og fjölskyldur þeirra ætla að freista gæfunnar í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsókn í 44 borgum:

## Kókaínneysla sést í skólpinu

**NOREGUR** Vísindamenn hafa greint skólp og frárennslisvatn í 44 evrópskum borgum til þess að kortleggja fíkniefnanotkun íbúanna. Leitað var að leifum amfetamíns, kannabis, kókaíns, E-pillu og metamfetamíns. Í frétt á vef Aftenposten segir að aðeins hafi verið rannsakað skólp frá einni norrænni borg, Ósló. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að neysla kókaíns jókst talsvert 2011 til 2012 og neysla amfetamíns jókst verulega 2011 til 2013. **- ibs**



**GÆÐAFÆÐI** Mávarnir sækja mikið í andarunga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endur þurfa ekki brauðgjafir:

## Brauðið laðar að mávagerið

**NÁTTÚRA** Engin þörf er á að gefa öndunum á Tjörninni í Reykjavík brauð yfir sumarmánuðina, og hafa borgaryfirvöld nú mælst til þess að borgarbúar hætti brauðgjöfum þar til kólna fer í veðri.

Í frétt á síðu Reykjavíkurborgar segir að endurnar hafi næga fæðu í Tjörninni yfir sumartímann til að framfleyta sér og ungum sínum. Brauðgjafirnar laða hins vegar að sílamávinn, sem er farfugl og því aðeins vandamál á Tjörninni á sumrin.

Sílamávurinn gæðir sér einnig á andarungum þegar hann nær til, sérstaklega þeim minnstu. **- bj**



**HELLE-THORNING-SCHMIDT** Forsætisráðherra Danmerkur ætlar ekki að vera við vígslu moskunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Tignum Dönum boðið:

## Risastór moska vígð í Köben

**DANMÖRK** Dönsku konungsfjölskyldunni og forsætisráðherra Danmerkur hefur verið boðið að vera við formlega vígslu fyrstu stóru moskunnar í Danmörku þann 19. júní næstkomandi. Moskan er 6.700 fermetrar að stærð og er við Rovsinggade í norðvesturhluta Kaupmannahafnar. Á vef Kristilega dagblaðsins segir að Katar hafi veitt 150 milljónir danskra króna til byggingarinnar.

Helle-Thorning-Schmidt forsætisráðherra tilkynnti þinginu í skriflegu svari í febrúar að hún yrði ekki viðstödd. **- ibs**






# Ekki efast um stórtækar breytingar

**Framkvæmdastjóri Vísis spáir stórstígum breytingum í útgerð og fiskvinnslu á næstu árum. Þeir sem gerst þekkja taka undir að þróunin sé óumflýjanleg – og næsta skref í breytingum síðustu áratuga í greininni. Þróunin er drifin af tækni, kröfum markaða með aukinni samkeppni og samþjöppun aflaheimilda. Hins vegar hafa mótvægisaðgerðir stjórnvalda, fyrirtækja og samfélaga verið ómarkvissar í besta falli.**


**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




Því er spáð að fiskvinnslum á Íslandi muni fækka um helming á næstu árum og fiskveiðiflotinn verði grisjaður um allt að þriðjung. Í þessari spá felst að umbylting í útgerð og vinnslu sé hinum megin við hornið og varðar þúsundir Íslendinga beint og óbeint.

### Stórfelld hagræðing

Þetta telur Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, að liggi fyrir eins og kom fram í viðtali í Eyjunni á Stöð 2 á sunnudag þar sem hann sagði að stórfelld hagræðing stæði fyrir dyrum í íslenskum sjávarútvegi, og væri reyndar þegar hafin. Pétur vinnur nú að því að slökkva elda í þremur landsfjórðungum eftir að fyrirtæki hans tók þá ákvörðun að hætta vinnslu á Þingeyri, Húsavík og Djúpavogi og flytja hana til Grindavíkur. Ákvörðunin felur í sér áfall fyrir Húsavík en reiðarslag fyrir Djúpavog og Þingeyri, er mat heimamanna. Fyrirtækið hefur ákveðið að fresta hluta þeirra aðgerða sem ákveðið var að ganga í en viðbrögð frá nefndum sveitarfélögum og úr fleiri áttum í samfélaginu hafa verið afar hörð.

Pétur sagði það jafnframt mikilvægt að útgerðarmenn, stjórnvöld og sveitarfélögin hringinn í kringum landið komi að mótvægisaðgerðum vegna þessara breytinga sem eru að verða, og bauðst til að leiða þá vinnu.

### Engar efasemdir

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, efast ekki, frekar en aðrir viðmælendur Fréttablaðsins, um að breytingar séu í farvatninu. Menn greinir þó á um hversu stórtækar þær verða og hvað langan tíma þær taki. Arnar segir að þegar horft sé áratugi aftur í tímann megi sjá að hægfara þróun í þessa átt hefur átt sér stað allt tímabilið. Það hafi komið til með sameiningum fyrirtækja og vegna gjaldþrota í greininni, og heilt yfir breyttust aðstæður mikið. Hann nefnir að þegar fiskmarkaðir komu til sögunnar fyrir um 20 árum þá skapaðist aukin sérhæfing sem varð til þess að fyrirtækjum fækkaði minna en ella. „Nú aftur á móti, og kannski það sem hér um ræðir, er að samkeppnin er sífellt að aukast á mörkuðum sem kallar á meiri hagræðingu hjá okkur, og svo takmarkaður kvóti. Veiðigjöldin, síðast en ekki síst, ýta mjög á eftir því að fyrirtæki sameinist og stækki, og þar af leiðandi eins og fyrrum, fækkar fyrirtækjunum. Hvað þetta tekur langan tíma er erfitt að segja til um,“ segir Arnar og nefnir það sem oft gleymist í umræðunni að fiskimjölsverksmiðjur hér á landi voru ekki fyrir löngu um 40 talsins, en eru um eða innan við tíu í dag.

„Þessi þróun hefur haldið áfram og meirihluti kvótans er unninn af fáum stórum fyrirtækjum. Það er staðan í dag; fá stór og meðalstór fyrirtæki og svo fjöldi smáfyrirtækja. Ég geri ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram, ég efast um að það verði í stórum stökkum en síðasti hvatinn sem ýtir á eftir þessu eru veiðigjöldin.“

### Óskrifað blað

„Þetta er bók sem á eftir að skrifa,“ segir Pétur inntur eftir því hvaða mótvægisaðgerðir gætu komið til greina til að draga úr neikvæðum áhrifum breytinga í sjávarbyggðum landsins sem veikastar eru fyrir. Hitt segir Pétur ljóst að síðustu 30 árin hafi það verið vanrækt að mæta breytingum sem voru fyrirsjáanlegar með breytingum á fiskveiðistjórnuninni á sínum tíma. Það eigi jafnt við um fyrirtæki, stjórnvöld og einstakar byggðir. „Þetta er mjög spennandi tækifæri núna næsta árið að við setjum saman hóp sem mótar hugmyndir um hvernig menn eiga að haga sér í þessum hluta málsins. Það eru tækifæri í öllum þessum sveitarfélögum og mótvægisaðgerðir geta því verið margvíslegar og ólíkar. Aðalmálið er að það sé viðurkennt að mótvægisaðgerðir verða að fylgja þessari hagræðingu í sjávarútvegi sem verið er að lofsama. Sem dæmi fögnum við hverju nýju tæki sem fundið er upp hjá Marel, en fækkar störfum í sjávarútvegi. En þá þurfum við að hafa eitthvað fyrir manninn sem missir vinnuna á móti, en þetta hafa allir vanrækt,“ segir Pétur.

### Jafnvægi og bolfiskur

Hérna tæpir Pétur á þeirri staðreynd, sem lítið er haldið á lofti, að íslenskur sjávarútvegur er tæknigrein, en ekki einföld frumframleiðsla eins og áður var. Verðmætið liggur ekki lengur í hráefninu í sjálfu sér heldur breytir menntun og tækni hráefni í verðmæti í gegnum alþjóðaviðskipti þar sem góðar samgöngur eru lykilatriði.

Pétur bendir á að stór hluti íslensks sjávarútvegs hefur fundið jafnvægi; útgerðir uppsjávarafla geri út frá Austfjörðum og fleiri dæmi eru nærtæk. Hins vegar á þetta ekki við um bolfiskinn sem er unninn um allt land. Vinnsla á þessum mikilvægu tegundum sé að færast vestur á bóginn vegna nálægðar við alþjóðaflugvöll og betri samgöngur.




**Í DJÚPAVOGSHÖFN** Vísir hf. hefur frestað flutningum frá Djúpavogi um eitt ár en á vegum fyrirtækisins hafa starfað þar um 50 manns á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samfélagsleg áhrif voru aldrei greind

**Þórólfur Matthíasson**, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir margt koma upp í hugann við orð Péturs H. Pálssonar um yfirvofandi breytingar í sjávarútvegi.



„Stjórnvöld hafa algjörlega látið undir höfuð leggjast að ráðast í félagslega áhrifagreiningu [Social Impact Study] vegna kvótakerfisins. Þess háttar greiningar þykja hins vegar orðið jafn nauðsynlegar erlendis vegna stórra og lítilla kerfisbreytinga og áhrifagreining á umhverfisþáttum þegar um óafturkræf náttúruinngrip á borð við virkjanir er að ræða. Þetta áhugaleysi stjórnvalda stafar ekki af því að þeim hafi ekki verið bent á að þörf sé á svona greiningu, heldur þvert á móti.“

Þórólfur segir að greiningin eigi að draga upp sviðsmyndir sem sýni áhrif breytinga á borð við upptöku kvótakerfis. „Hagræðing og breytt vinnuaflsnotkun, sem og breytt byggðamynstur í kjölfarið, er ein þeirra sviðsmynda sem var algjörlega borðleggjandi við upptöku kvótakerfisins. Það hefði náttúrulega verið eðlilegt að sú breyting hefði verið greind sérstaklega. En í staðinn fyrir að fara í breiða greiningu á mögulegum samfélagslegum áhrifum kvótakerfisins leituðu stjórnvöld fyrst og fremst til þröngs hóps hagfræðinga sem höfðu fyrirfram mótaðar skoðanir á að kvótakerfið væri algott. Síður eða ekki var leitað til hagfræðinga og annarra aðila sem bentu á að kerfinu fylgdu bæði kostir og gallar,“ segir Þórólfur.

### Meira fyrir miklu minna

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, segir það ótrúlegt en satt að þótt Íslendingar veiði rétt þriðjung þess þorskafla sem veiddur var árið 1981 þá séu verðmætin helmingi meiri á núvirði fyrir afla dagsins í dag en þá var.

„Svona eigum við að halda áfram og fá meira fyrir afurðirnar og auka hagræði. Þeim fækkar sem veiða og vinna í flakavinnslu en hinum getur fjölgað hratt – sem vinna við hvers konar fullvinnslu. Það sýna athuganir okkar hjá Sjávarklasanum.“

Þór tekur undir að frekari hagræðing muni eiga sér stað. „Sú hagræðing getur vel orðið í samræmi við það sem Pétur nefnir. Líklegt er að á allra næstu árum færist hluti mannaflans á fiskiskipum yfir á olíuleitar- og þjónustuskip. Fiskvinnslufólk mun líka færa sig yfir í fiskeldi eða fullvinnslu. Þetta eru eðlilegar breytingar sem verða að fá að eiga sér stað að mínu mati,“ segir Þór sem telur að það eigi að vera samvinnuverkefni að kortleggja möguleg tækifæri fyrir sjávarbyggðir til þess að fara í frekari fullvinnslu. Hann segir að áhugi á fullvinnslu afurða, m.a. fyrir erlenda ferðamenn, sé ótrúlega mikill og frábær verkefni þegar komin á koppinn.

### Þarf að brenna á mönnum

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um þá eru nú þegar öflug fyrirtæki í vinnslutækni, líftækni og fullvinnslu víða um land. Því ofar sem þau komast í virðiskeðjunni því betri eru laun starfsmannanna og störfin áhugaverðari. Þarna skiptir miklu máli áhugi útgerðanna. Dæmin eru nú þegar mörg.

Þór segir að best gangi þegar öflug sjávarútvegsfyrirtæki víða um land tengja saman minni nýsköpunarfyrirtæki við sína starfsemi. „Það er klókt og hagkvæmt að halda fullvinnslu ýmiss konar nálægt útgerðum og þótt þeim fækki þá verða útgerðir á heimsmælikvarða staðsettar á ýmsum stöðum á landinu og þar mun byggð og atvinnustarfsemi blómstra,“ segir Þór sem telur að breytingarnar verði að gerast á viðskiptagrundvelli, og hefur ekki trú á að ríkið eigi eða geti haft hér mikil áhrif á. „Það þarf brennandi áhuga heimamanna og öflug fyrirtæki sem vilja taka þátt í uppbyggingunni. Það eru mikil tækifæri í öllum sjávarklasanum. Nú þurfum við að fá meiri einkafjárfestingu, hér eða erlendis, m.a. í líftæknina, sprota í tæknigeiranum og margvíslega fullvinnslu – ef okkur tekst það þá er ég viss um að umsvifin aukast og mannaflaþörfin líka,“ segir Þór.




Byggingatækniskólinn
Átt þú samleið með okkur?
Nú er rétti tíminn til að mennta sig í byggingagreinum.
Kynntu þér námið á
*tskoli.is/byggingataekniskolinn*
Opið fyrir umsóknir á haustönn á
*menntagatt.is* til 31. maí.
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is

Ábendingahnappinn
má finna á
www.barnaheill.is
SAFT

# NAUTAAT



RIBEYE
INNFLUTT
3.374 kr/kg
verð áður 4.499



NAUTALUNDIR
INNFLUTT
3.999 kr/kg
verð áður 4.799



HAMBORGARAR
2X140 gr
449 kr/pk
verð áður 599



NAUTA T-BONE
KRYDDLEGIÐ
3.824 kr/kg
verð áður 4.499



PIPARSTEIK
INNFLUTT
2.659 kr/kg
verð áður 3.799



NAUTA KÓTILETTUR
KRYDDLEGNAR
3.654 kr/kg
verð áður 4.299

Gildir til 1. júní á meðan birgðir endast.

## EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF BBQ SÓSUM.




HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

# KARN



F-15 þotur fljúga yfir svæðið




## KEILIR

### LIFANDI OG SKEMMTILEG DAGSKRÁ

**Kynningar og örfyrirlestrar** um skólastarfið
**Skúffukaka** í boði Menu
**Stærstu róbótar landsins** teikna myndir
**Villi Vísindamaður** verður með tilraunir kl. 13.30
**Bryn Ballett Akademían** sýnir dans
**Tónlistaratriði**
**Flughermir**
**Nammiflokkarinn**

**ELDEY**
Opnar vinnustofur í frumkvöðlasetrinu, þrívíddarprentari og handverkssýning. Boðið upp á amerískt nammi; kísil-kandífloss og kísilvatn. Lifandi tónlist og létt stemning.



**KEILIR**
Kynntu þér fjölbreytt námsframboð Keilis, s.s. Háskólabrú, einkaþjálfun, flugnám, flugvirkjun, tæknifræði og ævintýraferðaleiðsögn.

**SIRKUS ÍSLANDS skemmtir**



**OPIÐ HÚS Í SPORTHÚSINU**

**KARNIVAL ★ ÁVAXTAKARFAN ★ HOPPUKASTALAR ★ DRAUGAHÚS ★ SIRKUS**

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ

Ásbrú í Reykjanesbæ er suðupottur tækifæra. Þar hefur á skömmum tíma byggst upp litríkt samfélag, þar sem saman fer öflug menntastofnun, fjöldi spennandi fyrirtækja og blómstrandi mannlíf.

**Nánari upplýsingar á www.asbru.is.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 140797

29. MAÍ, KL. 13.00–16.00

# …NIVAL

## ATLANTIC

### KARNIVALSTEMNING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



Andlitsmálning

**Pollapönk** syngur kl. 14.30
**Sirkus Íslands** skemmtir kl. 15.15
**US Airforce** verður með bás og flýgur yfir karnivalið á F-15 þotum sínum
**Ávaxtakarfan** flytur atriði
**Draugahús.** Þorir þú að kíkja?
**Andlitsmálning**

**Prauta- og leikjabásar**
**Hoppukastalar**
**Vatnsgusan**
**Fjölbreyttir matarbásar**
**Fáðu mynd** af þér með Obama
**Frjáls félagasamtök** verða með skemmtibása
**Bryn Ballett Akademían** sýnir dans

## KARNIVAL

Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkomnir í fjörið og gátu keypt amerískar vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum. Nú höldum við á Ásbrú KARNIVAL með svipuðu sniði og bjóðum alla velkomna að skemmta sér og sínum.

## CHILI-KEPPNI

Fyrirtæki keppa um besta chili á Íslandi. Skráning á keppni@asbru.is

## OPIN KEPPNI UM BESTU PIE-UNA

Epla-pie, berja-pie og opinn flokkur.
Nánar á www.asbru.is. Skráning á keppni@asbru.is

**Ath. vinsamlegast skiljið hunda og önnur dýr eftir örugg heima.**

**POLLAPÖNK ★ CHILI&PIE-KEPPNI ★ ANDLITSMÁLUN ★ SKEMMTIBÁSAR**

**Opinn dagur**

Opinn dagur á Ásbrú er haldinn árlega. Landsmenn allir eru hvattir til að koma og kynna sér starfsemina á svæðinu. Að deginum standa **Kadeco, Keilir** og **Háskólavellir** í samstarfi við bandaríska sendiráðið á Íslandi.



Frambjóðendur á móti lóðaúthlutun til trúfélaga:

# Fordómarnir og tvískinnungurinn

Framsóknarflokkurinn kastaði neti fyrir atkvæði á fremur ógeðfelldum miðum fordóma og útlendingahaturs þegar Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti flokksins í Reykjavík, sagði í samtali við Vísi að hún vildi afturkalla lóðir sem Félagi múslima á Íslandi og rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni hefur verið úthlutað fyrir helgidóma. „Á meðan við erum með þjóðkirkju eigum við ekki að úthluta lóðum undir hús eins og moskur eða kirkjur fyrir grísku [svo] rétttrúnaðarkirkjuna,“ sagði Sveinbjörg í viðtalinu.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hún sagðist nýkomin úr stærstu mosku í heimi í Abú Dabí. „Það er engin kirkja þar, eðli málsins samkvæmt,“ sagði oddvitinn. Það er að vísu bull; það er fullt af kirkjum í Abú Dabí, en hugsunin er temmilega skýr; hér erum við í þjóðkirkjunni og önnur trúfélög eiga ekkert að fá að byggja moskur eða kirkjur. Það er umhugsunarefni að forysta Framsóknarflokksins hafi enn ekki gert neinar athugasemdir við þennan málflutning.

Umræðan um nýja stefnu Framsóknarflokksins í Reykjavík hefur orðið til þess að rifjuð hafa verið upp ummæli Kristínar Soffíu Jónsdóttur, frambjóðanda Samfylkingarinnar í borginni, frá 2012. Rússneska rétttrúnaðarkirkjan birti auglýsingu í Fréttablaðinu sama dag og gleðiganga samkynhneigðra fór fram. Þar var vitnað í Biblíuna um að „kynvillingar“ væru í hópi siðleysingja og glæpamanna. „Ömurlegt að Reykjavíkurborg sé búin að útdeila lóð til þessa skítasafnaðar. Þessi söfnuður má fokka sér,“ varð Kristínu Soffíu þá að orði á Facebook. Hún er reyndar núna á þeirri skoðun að orðalagið hafi verið óheppilegt og Reykjavíkurborg eigi að fara að lögum og láta trúfélög hafa lóðir.

Einum frambjóðanda til borgarstjórnar finnst þannig, í nafni einsleitni okkar lútherska samfélags, að það eigi ekki að láta önnur trúfélög hafa lóðir. Öðrum frambjóðanda, sem talar oft og mikið fyrir fjölbreytni og umburðarlyndi, fannst það sama, af því að trúfélagið viðraði óvinsæla minnihlutaskoðun sem gengur gegn nú orðið viðteknum hugmyndum um sjálfsagðan fjölbreytileika í samfélagi okkar. Það er ekki allur munur á þessu tvennu.

Annar frambjóðandinn er augljóslega haldinn fordómum, en hinn virðist hafa verið illa haldinn af tvískinnungi. Málið er nefnilega að fjölbreytni og umburðarlyndi fylgir að við verðum að þola að heyra ýmis viðhorf sem við erum ekki sammála. Samt hefur samfylkingarkonan verið skömmuð minna af eigin flokksmönnum en framsóknarkonan. Er kannski ekki sama hver hefur fordóma gagnvart hverju?

Múslímarnir í moskunni munu hafa alls konar skoðanir á til dæmis kvenfrelsi og samkynhneigð, sem eru Kristínu Soffíu ekki þóknanlegar. Sama á við um ýmsa kristna söfnuði og fyrir ekki svo löngu um marga innan þjóðkirkjunnar – samt hefur fáum dottið í hug að loka kirkjum eða afturkalla lóðir í því samhengi.

Reykjavík á að vera borg þar sem öll trúfélög mega eiga sitt tilbeiðsluhús – og þar sem við skiljum að fjölbreytileikanum fylgi jafnvel óþægileg viðhorf, sem við erum ekki sammála. Við verðum að vera fólk til að svara þeim í opnum umræðum, í staðinn fyrir að vilja banna og refsa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Moska eða Moskva?

Afstaða Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknar og flugvallarvina, til úthlutunar borgarinnar á lóð undir mosku hefur verið mál málanna síðan fyrir helgi. Sveinbjörg virðist hafa gengið fram af flestum með afstöðu sinni og hafa margir gert því skóna að Framsókn sé nú loks að gangast við því að vera þjóðernissinnaður hægri flokkur. Það var óvæntur vinkill þegar kom í ljós að varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar hafði lýst sömu afstöðu til lóðaúthlutunar til rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Munurinn er þó að samfylkingarkonan segist iðrast en Sveinbjörg lítur svo á að hún hafi umboð flokksforystunnar til að halda ótrauð áfram.



### Hægri flokkar í sókn

Kosningum til Evrópuþingsins lauk með sigri þjóðernissinna um alla Evrópu. Í sumum tilfellum er um að ræða mikla íhaldsflokka sem veldur því að frjálslyndara fólk er uggandi. Það vekur athygli að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að niðurstaðan gefi tilefni til þess að íhuga hvort gera eigi hlutina í Evrópu öðru vísi. Það er spurning hvað Sigmundur meinar með því. Þykja honum úrslitin góð, og í samræmi við stefnu Framsóknarflokksins? Eða er hann jafn uggandi og frjálslyndir um alla Evrópu?



### Hörð gagnrýni

Það sætir tíðindum hversu harkalega gagnrýni Sjálfstæðisflokkurinn í borginni fær frá eigin flokkssystkinum svo skömmu fyrir kosningar. Frambjóðendur hafa fengið harða gagnrýni í leiðurum Morgunblaðsins fyrir dugleysi. Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri, sendir svo frá sér pillu í gær, þegar hann spyr á Evrópuvaktinni hvort það sé við aðra að sakast en frambjóðendur að hafa ekki komið stefnumálum flokksins á dagskrá í Reykjavík. Staða flokksins í borginni er svo sannarlega ekkert til að hrópa húrra fyrir. En varla verður þetta til að auka eindrægni og samstöðu rétt fyrir kosningar.

snæros@frettabladid.is
johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Takk!

STJÓRNMÁL



Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þær voru glaðar í viðtali í sjónvarpinu sóknarbörnin mín fyrrverandi, fjórar ungar konur í Bolungarvík. Þær eru viljugar til að gefa kost á sér til sveitarstjórnarstarfa í bænum næstu fjögur árin. Þær vilja láta gott af sér leiða og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd sem þær telja að bæti mannlíf og auki velsæld. Þannig er mörgum farið þessa dagana. Þau eru mörg sem hafa vilja til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu og hafa ákveðna framtíðarsýn fyrir byggðarlög sín.

Það er stutt til sveitarstjórnarkosninga hér á landi og er frestur til að skila framboðslistum inn til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi liðinn.

Það er gott og þakkarvert að fólk vill gefa kost á sér til samfélagslegra verkefna. Umræðan er oft óvægin og athugasemdirnar særandi og lítt uppbyggilegar. Dómharka er þekkt hjá mannkyninu og það er auðvelt að falla í þá gryfju að dæma þegar enga ábyrgð þarf að axla. Það er umhugsunarvert hvers vegna gullna reglan er ekki ofarlega í huga og oftar höfð í heiðri í mannlegum samskiptum sem og í netheimum. „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.“ Hún hvetur okkur til samskipta og samtals og í framhaldi af því til uppbyggilegra framkvæmda. Hún hvetur okkur til þroska þannig að við séum fær um að setja okkur í annarra spor. Þið sem bjóðið ykkur fram hafið sýnt djörfung og kjark. Megi ykkur auðnast að halda þeim eiginleikum í störfum fyrir sveitarfélög ykkar.

**➜ Það er gott og þakkarvert að fólk vill gefa kost á sér til samfélagslegra verkefna. Umræðan er oft óvægin og athugasemdir særandi og lítt uppbyggilegar. Dómharka er þekkt hjá mannkyninu og það er auðvelt að falla í þá gryfju að dæma þegar enga ábyrgð þarf að axla.**

Ég óska frambjóðendum öllum til hamingju með þá ákvörðun að bjóða sig fram til að vinna sveitarfélagi sínu heilt og þeim sem brautargengi fá velfarnaðar á þeim vegi. Megi kjósendur nýta sér réttinn til áhrifa með því að mæta á kjörstað. Hvert atkvæði skiptir máli og hefur áhrif á niðurstöðu kosninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Heimsborg er frjálslynd borg

SAMFÉLAG



**Hildur Sverrisdóttir**
borgarfulltrúi

Allar borgir sem vilja kalla sig heimsborgir eiga sameiginlegt að þar býr alls konar fólk. Borg er ekki einsleitt samfélag eins og víða í sveitum heldur suðupottur ólíkra hópa og viðhorfa. Í blómlegum borgum ríkir eðli máls samkvæmt talsvert umburðarlyndi og frjálslyndi íbúa hverra gagnvart öðrum.

Reykjavík er ekki fjölmenn í samanburði við stórborgir heims. En Reykjavík er stórborg ef horft er til þess að hér er rými fyrir alls konar fólk með ólíkar skoðanir, menningarbakgrunn, lífsstíl, kynhneigð, trúarbrögð og hvaðeina. Og í Reykjavík búa bókstaflega næstum því allra þjóða kvikindi.

Þetta er í senn helsti styrkleiki höfuðborgarinnar og aðalkosturinn við að búa í Reykjavík. Á grunni frjálslyndra viðhorfa og réttar hvers einstaklings til að ráða sér sjálfur byggist besta vörnin gegn fordómum og fávisku öfgaafla sem ala á hatri gagnvart þeim sem ekki falla að íhaldssömum og úreltum skoðunum um einsleitt samfélag.

Borgarkerfið okkar verður að taka mið af því að í borg býr alls konar fólk með ólíkar þarfir og væntingar, mismunandi siði og venjur.

Sumir vilja búa þétt, aðrir dreift, sumir smátt og aðrir stórt. Sumir vilja eiga, aðrir leigja. Sumir vilja aka til vinnu eða skóla, aðrir ganga, hjóla eða taka strætó. Við eigum að leyfa fólki að eiga raunverulegt val um búsetuform og samgöngumáta.

**➜ Reykjavík er ekki fjölmenn í samanburði við stórborgir heims. En Reykjavík er stórborg ef horft er til þess að hér er rými fyrir alls konar fólk með ólíkar skoðanir, menningarbakgrunn, lífsstíl, kynhneigð, trúarbrögð og hvaðeina. Og í Reykjavík búa bókstaflega næstum því allra þjóða kvikindi.**

### Fögnum fjölbreytninni

Sumir ungir foreldrar vilja smábarnaleikskóla, aðrir dagmömmu, enn aðrir vera heima. Sumir vilja setja börnin sín í hverfisskólann, aðrir í sjálfstæðan skóla. Aldraðir kunna að vilja flytja á dvalarheimili, en við eigum líka að geta gert þeim kleift að búa lengur heima með einstaklingsmiðaðri þjónustu. Aðalatriðið er að borgin tryggi valfrelsi íbúanna og reyni ekki að ráða fyrir fólk. Ef aðrir en stofnanir borgarinnar eru best til þess fallnir að veita þjónustuna á að semja um það.

Við eigum að fagna fjölbreytninni og virða frelsi fólks til orðs og æðis og að iðka trú sína og siði, svo fremi að ekki sé gengið á rétt annarra. Við eigum að hjálpa innflytjendum að aðlagast og læra tungumálið, en líka að viðhalda færni í eigin móðurmáli. Við eigum að flykkjast í gleðigöngu og sýna stuðning við ást jafnt gagnkynhneigðra og samkynhneigðra. Við eigum að taka vel á móti flóttamönnum og hælisleitendum, sem vilja gera Reykjavík að sinni nýju heimaborg. Reykjavík er full af áberandi kirkjum sem bera okkar kristna arfi fallegt vitni. Við eigum að fagna því að eignast tilbeiðsluhús fleiri trúarbragða, sem sýna að hér er trúfrelsið í hávegum haft og allir jafnréttháir.

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur frjálslyndis og einstaklingsfrelsis. Á þeim grunni er best að stýra borg sem ætlar að vera heimsborg; fjölbreytt, víðsýn, frjáls og opin.

# Fórn af frjálsum vilja

FJÁRMÁL



**Sighvatur Björgvinsson**
fv. ráðherra

Áunnin lífeyrisréttindi eru eina eign íslenskra heimila, sem er til fulls varin gegn kröfum lánardrottna. Sama máli gegnir um innistæður séreignarlífeyris. Þó illa fari í fjármálum heimilisins og kröfuhafar hirði allar eignir fjölskyldunnar eru lífeyrisréttindin og séreignarlífeyririnn sú eina eign heimilisins sem kröfuhafar geta ekki snert. Þetta eru eignirnar sem eiga að tryggja fjölskyldufeðrum og -mæðrum sem áhyggjuminnst ævikvöld eftir að starfsdegi lýkur.

Lífeyrisréttindin ein og sér geta ekki tryggt fólki nema takmarkaðan hlut af viku- eða mánaðarlaunum þess meðan það var á vinnumarkaði. Því var opnuð sú leið að fólk gæti keypt sér aukin réttindi með 2% innleggi í séreignarlífeyri gegn jafn háu framlagi frá atvinnuveitanda. Þannig var boðið upp á þann kost að tryggja fólki enn betri afkomu á efri árum en einber lífeyrissjóðsaðild gat gert.

Og einmitt þess vegna voru þessi réttindi séreignarlífeyris varin með sama hætti og réttindin í lífeyrissjóðunum. Þó kröfuhafar gætu hirt allar eigur skuldugra heimila í fjárþröng gátu þeir og geta ekki snert eignir heimilanna í lífeyrissjóðum og í séreignarlífeyri. Þetta á að vera ósnertanleg eign til ráðstöfunar þegar starfsævi lýkur og ellin sækir fólk heim.

### Nema hvað?

Nema! Nema hvað? Nema heimilin taki þá ákvörðun að taka út séreignarlífeyrinn sinn og breyta honum í einhverja þá eign, sem ekki verður varin fyrir kröfuhöfum og löggjafinn, Alþingi, leyfi þeim það. Breyti honum t.d. í eignarhluta í húseign, eignarhluta í bifreið (eins og dæmi eru til um) – eða í utanlandsferð þar sem eignin er horfin að ferð lokinni. Slíkir fjölskyldufeður og -mæður eiga svo von á slakari afkomu sem því nemur á efri árum – en hvað hirða sumir Íslendingar hvort eð er um það. Það er hin líðandi stund sem skiptir svo marga svo miklu máli. Hvað morgundagurinn ber í skauti sér er eitthvað, sem er handan tíma og rúms. Auk þess sem það hlýtur að reddast! En hvaða meiri greiða er hægt að gera núverandi og væntanlegum kröfuhöfum á hendur íslenskum heimilum en þá, að heimilin fáist til þess að breyta lögvörðum eignum sínum í kröfugerðartilefni lánadrottna?

Og svo álíta margir þetta vera sérstakan happafeng fyrir sig og sína. Happafeng að geta að eigin frumkvæði breytt lögvörðum eignum sínum í önnur eignarform sem njóta engrar verndar fyrir kröfum kröfuhafa. Sem hægt er svo að hirða af skuldsettu fólki nánast með einu pennastriki.

### Himinhrópandi þögn

Mig undrar hve lífeyrissjóðirnir hafa þagað þunnu hljóði þegar meira að segja bankarnir eru farnir að auglýsa námskeið og fræðslufundi til þess að hjálpa starfandi fólki við að breyta lögvörðum eignum sínum í önnur eignarform, sem eru óvarin fyrir kröfuhöfum. Nú eru bankarnir sjálfir þeir aðilar í landinu, sem mestar og stærstar kröfur eiga á hendur heimilum. Það er því eðlilegt frá sjónarhóli þeirra eigin hagsmuna að þeir hjálpi fólki við að skerða hinar lögvörðu eignir sínar og breyta þeim í andlag kröfugerða lánastofnana.

**➜ Mig undrar hve lífeyrissjóðirnir hafa þagað þunnu hljóði þegar meira að segja bankarnir eru farnir að auglýsa námskeið og fræðslufundi til þess að hjálpa starfandi fólki við að breyta lögvörðum eignum sínum í önnur eignaform, sem eru óvarin fyrir kröfuhöfum. Nú eru bankarnir sjálfir þeir aðilar í landinu, sem mestar og stærstar kröfur eiga á hendur heimilunum.**

En hví þegja lífeyrissjóðirnir og stéttarfélögin, sem börðust fyrir þessum réttindum? Hví þegja þeir þegar gerð er atlaga að réttindum, sem þeir sköpu, með það að markmiði að breyta einu lögvörðu eignum heimilanna í önnur eignarform, sem bankar og aðrar lánastofnanir geta gengið að og hirt af fólki sem ratað hefur í skuldaraunir og með því auk þess fórnað stórum hluta afkomu sinnar á elliárunum í hendurnar á óskyldum lánardrottnum á markaði. Hví þessi himinhrópandi þögn lífeyrissjóða og stéttarfélaga?

# Þrjár flugur í einu höggi

GAGNSÆI



**Brynjar Guðnason**
í 1. sæti á lista Pírata í Hafnarfirði



**Kristín Elfa Guðnadóttir**
í 5. sæti á lista Pírata í Reykjavík

Píratar bjóða fram lista til sveitarstjórnarkosninga í fjórum sveitarfélögum í vor. Framboðin sameinast sérstaklega um stórt baráttumál: opið bókhald. En hvað þýðir það eiginlega?

Við viljum að hver einasta færsla sé birt, fyrir utan þær sem ekki er hægt að birta vegna persónuverndarsjónarmiða, og að sett verði upp vefsíða þar sem einfalt og aðgengilegt er að leita í gögnunum.

Með opnu bókhaldi sláum við ekki bara tvær heldur þrjár flugur í einu höggi.

Í fyrsta lagi sjá íbúar hvernig peningum þeirra er varið. Sveitarfélög eru rekin með okkar skattfé og við eigum rétt á að sjá í hvað peningarnir fara. Við fáum hugmyndir um betri þjónustu og fleiri tekjulindir þegar við sjáum þetta svona svart á hvítu. Íbúarýni á bókhald getur leitt til nýsköpunar í atvinnulífi og sterkari fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Í öðru lagi eykur opið bókhald aðhald. Kjörnir fulltrúar og embættismenn geta ekki falið útgjöld og líkur á spillingu og óhóflegri eyðslu minnka verulega.

Í þriðja lagi hefur opið bókhald góð áhrif á rekstur almennt. Því til stuðnings bendum við á rannsóknir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem sýna fram á samsvörun milli opins bókhalds og betra lánshæfismats – og með betra lánshæfismati fást oft betri kjör á lánum.

**➜ Með opnu bókhaldi sláum við ekki bara tvær heldur þrjár flugur í einu höggi. Í fyrsta lagi sjá íbúar hvernig peningum þeirra er varið. Sveitarfélög eru rekin með okkar skattfé ...**

Píratar leggja áherslu á að aðgangur að bókhaldsgögnum sveitarfélaga verði auðveldur og þægilegur. Hægt verði að skoða og fletta upp útgjöldum eftir tegundum og dagsetningum. Greiðslur til fyrirtækja og verktaka verði opinberar.

Þetta hefur verið gert víða um heim – til dæmis hafa mörg ríki Bandaríkjanna opnað vefsetur um gagnsæi og bjóða öllum sem áhuga hafa að skoða fjármál ríkjanna í þaula.

Atkvæði til Pírata á kjördag er atkvæði með meira gagnsæi – þar sem við getum öll fylgst með útgjöldum, veitt kjörnum fulltrúum virkt aðhald, komið í veg fyrir spillingu, styrkt stöðu sveitarfélagsins og bætt þjónustu við íbúa.



# Tilraunaverkefni sem var ekki útboðsskylt

VELFERÐ



**Gunnar Einarsson**
bæjarstjóri

Félagsleg heimaþjónusta hefur aldrei verið boðin út hér á landi. Þjónustan er viðkvæm og persónuleg og nauðsynlegt hefur þótt að fá reynslu á störf einkaaðila áður en farið verði í útboð. Flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu kaupa þjónustu af fyrirtækinu Sinnum auk annarra fyrirtækja.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu kaupir Garðabær félagslega heimaþjónustu af fyrirtækinu Sinnum og reyndar af fleiri fyrirtækjum líka. Þjónusta Sinnum felst annars vegar í þrifum á heimilum fólks og hins vegar í svokölluðum innlitum þar sem fólki er veitt ýmis persónuleg aðstoð eftir þörfum. Þjónustuþegar í Garðabæ geta valið um að fá þjónustuna frá Sinnum, frá starfsfólki Garðabæjar eða frá fyrirtækinu ISS, sem sinnir að vísu aðeins þrifum en ekki innliti. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með að kaupa þjónustu af fleiri fyrirtækjum.

Félagsleg heimaþjónusta er viðkvæm, persónuleg þjónusta. Fyrir nokkrum árum var staðan sú að erfitt var að manna störf við heimaþjónustu og það mynduðust biðlistar með tilheyrandi óþægindum fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Til að ráða bót á þessu var ákveðið að leita nýrra leiða og kaupa hluta þjónustunnar frá einkaaðilum. Fyrsti samningurinn þar að lútandi var gerður við fyrirtækið ISS á árinu 2006 um þrif á heimilum. Áður hafði fjölskyldusvið Garðabæjar kannað áhuga nokkurra fyrirtækja en ISS var það eina sem lýsti yfir áhuga á að fara inn á þetta svið. Á árinu 2009 var fyrirtækið Sinnum komið á markaðinn og var þá ákveðið að óska eftir tilboði frá fyrirtækinu, bæði í þrif og innlit. Tilboð Sinnum var metið m.a. út frá kostnaði bæjarins við sömu þjónustu og verðinu sem samið hafði verið um við ISS. Niðurstaðan var sú að tilboð Sinnum væri hagstætt og hagstæðara en að bærinn sinnti þjónustunni sjálfur.

### Ekki útboðsskylt verkefni

Samningur Garðabæjar og Sinnum var tímamótasamningur en með honum fór af stað tilraun um samstarf sveitarfélags og einkaaðila til að sinna þessari tilteknu þjónustu. Samningurinn kveður á um einingaverð, þ.e. að samningsupphæð fari eftir magni þjónustunnar og er miðað við að lágmarki 50 heimili. Samningurinn felur því ekki í sér skuldbindingu um ákveðna samningsfjárhæð heldur er það í hendi bæjarins að stjórna og skipuleggja starfsemina og með því að ákvarða samningsfjárhæðina. Það er því rangt að halda því fram að verkefnið hafi verið útboðsskylt þegar samningurinn var gerður.

Í upphafi var samningurinn gerður til eins árs og gilti til 15. janúar 2010 en frá þeim tíma hefur hann verið endurnýjaður til eins árs í senn vegna góðrar reynslu og ánægju þeirra sem fá þjónustuna.

Sveitarfélögum ber lögum samkvæmt skylda til að bjóða þeim íbúum sem á þurfa að halda upp á félagslega heimaþjónustu. Það er mat bæjaryfirvalda að nauðsynlegt hafi verið að afla reynslu af þróun samninganna við ISS og Sinnum áður en teknar yrðu ákvarðanir um framtíðarskipulag og fyrirkomulag á jafn mikilvægri starfsemi og félagsleg heimaþjónusta er. Sú reynsla liggur nú fyrir og mun nýtast nýrri bæjarstjórn við mótun á fyrirkomulagi þjónustunnar til framtíðar.

Þótt blaðamaður Fréttablaðsins, Sveinn Arnarsson, sem var reyndar kosningastjóri Samfylkingarinnar á Akureyri í fyrra, hafi haft það að sínu markmiði, nú korteri fyrir kosningar, að gera samning Garðabæjar og Sinnum tortryggilegan, er rétt að geta þess að í dag kaupa flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sambærilega þjónustu af Sinnum, sem sýnir að tímamótaverkefnið sem Garðabær hratt af stað fyrir nokkrum árum hefur gefið góða raun. Í öllum tilvikum er verklagið það sama, þ.e. óskað er eftir tilboðum í tiltekna þjónustu og samið um fast einingaverð. Umfangið ræðst síðan af eftirspurn og endanleg reikningsupphæð sömuleiðis. Það skýtur því skökku við að reynt sé að gera viðskipti Garðabæjar við fyrirtækið tortryggileg og kveikir þá hugsun að þar liggi aðrar hvatir að baki en að upplýsa lesendur.

### Aldrei verið boðið út

Rétt er að taka fram að það hefur aldrei verið viðhaft útboð á þessari þjónustu hér á landi. Flest sveitarfélög, og Garðabær þar með talinn, vilja að það sé í höndum íbúanna sjálfra að geta breytt þjónustunni og/eða óskað eftir nýjum aðila til að sinna henni. Það er vandasamara ef verk er boðið út. Við mótun á því hvernig þessari viðkvæmu þjónustu verður háttað til framtíðar mætti, auk þess að skoða útboðsleiðina, hugsa sér að líta til Norðurlandanna. Þar er heimaþjónusta víða „valfrjáls“ en ekki boðin út í almennu útboði. Í stað þess að sveitarfélag semji við eitt eða tvö fyrirtæki um heimaþjónustu velja íbúarnir sér eitt af þeim fyrirtækjum sem sveitarfélagið hefur staðfest að sé viðurkennt á þessu sviði.

**➜ Samningur Garðabæjar og Sinnum var tímamótasamningur en með honum fór af stað tilraun um samstarf sveitarfélags og einkaaðila til að sinna þessari tilteknu þjónustu.**

Þannig má fara ólíkar leiðir að því markmiði að bjóða íbúunum upp á góða þjónustu, þegar þeir þurfa á henni að halda. Það hefur Garðabær getað gert á undanförnum árum, með því að kaupa hluta þjónustunnar frá einkaaðila. Í Garðabæ er enginn biðlisti eftir heimaþjónustu og kvartanir vegna hennar eru afar fátíðar. Þeir sem þurfa á þjónustunni að halda eru ánægðir og það er í mínum huga aðalatriðið en ekki hvernig eignarhaldi eins af þeim fyrirtækjum sem hana veita er háttað.

# Neyðarakstur og þrenging gatna

UMFERÐ



**Björn Gíslason**
slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, í 8. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Meirihluti borgarstjórnar, þ.e. Samfylkingin og Björt framtíð, þrengja markvisst að fjölskyldubílnum og er það yfirlýst stefna samkvæmt nýju aðalskipulagi höfuðborgarinnar að breyta umferðarkerfinu og þar með daglegum ferðavenjum íbúa borgarinnar. Stefnunni hefur þegar verið komið í framkvæmd með þrengingu gatna og fækkun bílastæða sbr. Snorrabraut, Borgartún og Hofsvallagötu. Samkvæmt aðalskipulagi/hverfisskipulagi á m.a. að þrengja Miklubraut frá Kringlumýrarbraut að Lönguhlíð, Hringbraut frá Melatorgi og út á Eiðisgranda og svo Gullinbrú í Grafarvogi. Þetta eiga að vera svokallaðar „Borgargötur“ þar sem auk þrengingar er dregið úr umferðarhraða. Hætt verður við gerð mannvirkja sem greiða fyrir bílaumferð s.s. mislægra gatnamóta.

### Mínútur geta skipt máli

Þrenging gatna sem jafnframt eru stofnbrautir er alvörumál fyrir aðila sem sinna neyðarþjónustu eins og lögreglu, sjúkralið og slökkvilið. Þessir aðilar þurfa oft að komast sem fyrst á útkallsstað og í sumum tilfellum getur verið um mannslíf að ræða. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu og eru um 25 þúsund sjúkraflutningar framkvæmdir árlega. 25-30% af þeim eru neyðar- og bráðaflutningar og langflestir í höfuðborginni.

Því er ljóst að fyrirhugaðar þrengingar á stofnbrautum í Reykjavík verða til þess að aðilar sem sinna neyðarþjónustu komast seinna á útkallsstað.

Samráð við lögreglu, slökkvilið o.fl. er nokkuð sem verður að hafa við gerð umferðarskipulags en samráð er nokkuð sem núverandi borgaryfirvöld virðast eingöngu tala um á tyllidögum.

**➜ Samráð við lögreglu, slökkvilið o.fl. er nokkuð sem verður að hafa við gerð umferðarskipulags en samráð er nokkuð sem núverandi borgaryfirvöld virðast eingöngu tala um á tyllidögum. Við megum ekki velja okkur skipulag sem minnkar gæði neyðarþjónustu við okkurm…**

Við megum ekki velja okkur skipulag sem minnkar gæði neyðarþjónustu við okkur og við eigum að hafa að leiðarljósi í samgöngumálum í Reykjavík að tryggja val á milli ólíkra samgöngukosta, hvort sem fólk kýs að nota almenningssamgöngur, fjölskyldubílinn, hjól eða tvo jafnfljóta.

# Traust fjármálastjórn í Reykjavík

FJÁRMÁL



**Heiða Björg Hilmisdóttir**
í 6. sæti á lista Samfylkingar í Reykjavík

Nýlega bárust þær jákvæðu fréttir að afkoma Reykjavíkurborgar var jákvæð um 8,4 milljarða króna árið 2013. Þetta eru ánægjuleg tíðindi, því ekki er svo langt síðan að rekstrarniðurstaða borgarinnar var neikvæð sem nam 71 milljarði eins og raunin var árið 2008. Eiginfjárhlutfall borgarinnar hefur aukist úr 26% árið 2009 í 40% árið 2013 eða um 50%. Þetta skiptir máli, því traustari sem eiginfjárstaðan er, því betri lánskjör fær borgin.

Mestu skiptir að skuldastaða Reykjavíkurborgar hefur batnað töluvert undanfarin ár. Árið 2009 skuldaði Reykjavíkurborg (bæði A- og B-hluti) um 358 milljarða en við síðustu áramót skuldaði samstæðan 286 milljarða. Þetta er jákvæð þróun uppá 72 milljarða en þó er skuldarhlutfall borgarinnar enn of hátt eða um 221% af tekjum samstæðunnar.

**➜ Það er gleðilegt að eftir erfið ár eru horfur í fjármálum borgarinnar mjög jákvæðar, fyrir borgina, fyrirtæki hennar og ekki síst íbúa hennar.**

Samkvæmt reglum um fjármál sveitarfélaga skal undanskilja reikningsskil veitu- og orkufyrirtækja frá reikningsskilum sveitarfélagsins. Þegar tekið hefur verið tillit til þess er skuldarhlutfall borgarinnar 106% og vel fyrir innan viðmiðunarmörk um skuldarhlutfall sveitarfélaga sem er um 150%. Til viðbótar þessu hefur markvisst verið reynt að draga úr erlendum skuldum borgarinnar, en hlutfall þeirra af heildarlangtímaskuldum lækkaði úr 69% í 63% milli ára. Þetta sýnir trausta fjármálastjórn, því ef vextir af erlendum lánum hækka um 1%, þýðir það útgjaldaaukningu uppá 2,5 milljarða króna.

Til viðbótar þessu má geta þess að núverandi meirihluti hefur ekki látið OR greiða borginni arð en fyrri meirihluti lét OR borga arð fyrir árin 2009 og 2010, 800 milljónir í hvort sinn, en bæði árin var OR rekið með stórtapi! Það er ekki dæmi um ábyrga fjármálastjórn.

Að lokum vil ég nefna eina kennitölu úr rekstri borgarinnar sem gleður mig en það er uppgreiðslutími skulda í árum. Árið 2009 var uppgreiðslutíminn 18 ár, en árið 2013 var þessi uppgreiðslutími kominn niður í 10 ár. Núverandi meirihluti hefur staðið vaktina vel hvað fjármál borgarinnar snertir, hann hefur tekið fjármálin föstum tökum og tekið ákvarðanir sem miða að því að treysta fjármálalega stöðu borgarinnar, sbr. aðgerðina „PLANIÐ“ sem var hrint í framkvæmd vegna fjárhagsvandræða OR í upphafi kjörtímabilsins. Það er gleðilegt að eftir erfið ár eru horfur í fjármálum borgarinnar mjög jákvæðar, fyrir borgina, fyrirtæki hennar og ekki síst íbúa hennar og framtíð þeirra!


**Listnám í Borgarholtsskóla**



- LEIKLIST Nýtt kjörsvið!
- KVIKMYNDAGERÐ
- GRAFÍSK HÖNNUN

Innritun annarra en 10. bekkinga stendur yfir og lýkur 31. maí.
Innritun 10. bekkinga lýkur 10. júní.

Innritun fer fram á **www.menntagatt.is**

Upplýsingar veitir kennslustjóri í síma 535 1700.
Sjá einnig vef skólans: **www.bhs.is**

BHS Borgarholtsskóli
bóknennt • handmennt • siðmennt

# TAKK ÍSLAND!

## Í DAG FER FYRSTA FERÐIN MEÐ NAZAR Í SÓLINA!




### Kæru Íslendingar!

Síðustu 10 ár höfum við tekið á móti sólþyrstum Svíum, Dönum, Norðmönnum og Finnum, en það hefur alltaf vantað eitt land uppá. Núna þegar Íslendingarnir eru með, er tilfinningin allt önnur. Loksins hefur gamall draumur ræst.

Síðan við opnuðum Nazar í nóvember hafa viðtökurnar verið framar væntingum. Við höfðum áætlað 10 ferðir í sumar, en þær verða 14 í heildina. Við munum gera okkar allra besta til að verða þau sem fyrst koma upp í hugann þegar þið hugsið um framtíðar sumarfríin ykkar.

### Takk Ísland!



**Kemal Yamanlar**

*Stofnandi og Framkvæmdarstjóri Nazar*

**Íslensku fararstjórarnir og leiðbeinendurnir eru mættir og bíða bara eftir ykkur.**

**Frá vinstri:**
Einar Hrafn Jónsson (25),
Klara Ásrún Jóhannsdóttir (23),
Kristín Inga Jónsdóttir (24),
Hildur Sigurðardóttir (19)

**Þau sem vantar á myndina eru:**
Ása Steinarsdóttir (23),
Elín Bjarnadóttir (31) og
Katrín White (23)



## SUMARFRÍ 2015

Þú getur nú þegar bókað sumarfríið fyrir 2015.

*nazar.is/2015*

## FRÍR BÆKLINGUR

Pantaðu fína bæklinginn okkar á heimasíðunni okkar

*nazar.is/Panta_baekling*

## PRUFUFJÖLSKYLDAN SEGIR FRÁ!

Fylgdu fyrstu gestunum

*Facebook/NazarIsland*

World of TUI

nazar.is · 519 2777

nazar

## MERKISATBURÐIR

**1967** Íþróttafélagið Fylkir var stofnað í Reykjavík.

**1968** Kylie Minogue, áströlsk söngkona, kemur í heiminn.

**1971** Saltvíkurhátíðin hófst en þar komu saman um tíu þúsund unglingar og skemmtu sér um hvítasunnuna. Hátíðin var kennd við Saltvík á Kjalarnesi.

**1975** Fimmtán Vestur-Afríkuríki stofnuðu Efnahagsbandalag Vestur-Afríkuríkja.



**1978** Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

**1978** Sjálfstæðisflokkurinn missti þann meirihluta sem hann hafði haft í borgarstjórn Reykjavíkur í áratugi í kosningum, en náði honum svo aftur fjórum árum síðar.

**1982** Til Íslands komu flóttamenn frá Póllandi, fimmtán fullorðnir og átta börn. Helmingur hópsins var farinn aftur hálfu ári síðar.

**1983** Eldgos hófst í Grímsvötnum í Vatnajökli en stóð stutt. Norræn dagblöð létu í ljós ótta um að Vatnajökull myndi bráðna og að suðausturhluti Íslands færi í kaf.

**1994** Reykjavíkurlistinn sigraði í kosningum til borgarstjórnar í Reykjavík og hratt meirihluta Sjálfstæðisflokksins, sem þá hafði setið í tólf ár.

**2008** Nepalska þingið breytti landinu úr konungsríki í lýðveldi og batt þannig enda á aldalangt einræði.

**ÞETTA GERÐIST** 28. MAÍ 1937

## Framleiðandinn Volkswagen vaknar

Stærsta bílaframleiðslufyrirtæki í Þýskalandi og næststærsta bílaframleiðslufyrirtæki í heimi, Volkswagen, var stofnað þann 28. maí árið 1937. Volkswagen er með höfuðstöðvar sínar í Wolfsburg í Þýskalandi og á þrjá bíla á listanum yfir tíu mest seldu bíla sögunnar ef marka má vefsíðuna 24/7 Wall St og eru það bílarnir Volkswagen Golf, Volkswagenbjallan og Volkswagen Passat.

Með þessa þrjá bíla á Volkswagen flesta bíla á áður nefndum lista sem eru enn í framleiðslu. Þá er fyrirtækið einnig talið eyða mestu fé allra bílaframleiðenda í rannsóknir og þróun á ökutækjum.

Volkswagen hefur átt fjóra sigurvegara í keppninni um bíl ársins á undanförnum árum, og eru þeir eftirtaldir: Árið 2009 Volkswagen Golf, árið 2010 Volkswagen Polo, árið 2012 Volkswagen up! og árið 2013 Volkswagen Golf.



# Verðlaunin mikil hvatning og gleðiefni

**Sunna Gunnlaugsdóttir hlaut verðlaun úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns fyrir störf sín. Hún hefur mörg járn í eldinum og stefnir á nýja plötu á næsta ári.**

„Tilfinningin er stórkostleg og er mér afskaplega mikið gleðiefni. Verðlaunin eru jafnframt mikill heiður og hvatning fyrir mig," segir píanóleikarinn Sunna Gunnlaugsdóttir sem hlaut verðlaun úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns gítarleikara 2014.

Þetta er í fimmta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og fór athöfnin fram í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar en verðlaunaféð nemur einni milljón króna.

Sunna Gunnlaugsdóttir fæddist 11. maí 1970. Hún stundaði nám í Tónlistarskóla FÍH og í William Paterson College í Bandaríkjunum. Hún hefur gefið út fjölmarga hljómdiska, einn með útsetningum á íslenskum þjóðlögum og sjö með eigin tónsmíðum, þar af einn við íslensk ljóð. Sunna hefur komið fram í Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Evrópu og margoft verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

„Það er fjöldi verkefna fram undan hjá mér eins og tónleikaferðalag um Bandaríkin í sumar, og eiga verðlaunin eftir að koma til með að styðja mín verkefni vel," bætir Sunna ákaflega sátt.

Hún gaf út plötuna Distilled í fyrra en hefur í hyggju að hefjast handa við nýja plötu á næstunni. „Það gæti vel verið að það komi út ný plata eftir áramót. Ég er einnig að fara að vinna með hollenska bassaklarinettuleikaranum Maarten Ornstein að nýrri plötu."

Á síðustu árum hefur Sunna lagt mesta áherslu á tríó sitt með þeim Þorgrími Jónssyni og Scott McLemore og hafa þau verið iðin við að koma fram erlendis. Tríóið hefur fengið frábærar móttökur víða um heim fyrir djasstónlist sem sögð er lýrísk og aðgengileg og talin sameina eldmóð bandaríska djassins og þokka hins evrópska.

Tveir diskar tríósins, Long Pair Bond og Distilled, hafa hlotið mikið lof og verið valdir meðal bestu diska ársins á AllAboutJazz.com, Jazzwrap.com, Rhapsody.com og fleiri vefsíðum.

Tríó Sunnu var Tónlistarhópur Reykjavíkur 2013 og einn af fulltrúum Íslands á hátíðinni Nordic Cool í Kennedy Center. Þau hafa komið fram á djasshátíðum víða um heim þar á meðal í Ósló, London, Bremen, Washington og Rochester.

Fyrir utan tónleikahald víða um heim kennir hún einnig við tónlistarskóla Garðabæjar, Reykjanesbæjar og Mosfellsbæjar. gunnarleo@frettabladid.is



**MIKILL HEIÐUR** Sunna Gunnlaugsdóttir er ákaflega sátt við verðlaunin sem hún hlaut úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÁRNI ÓLAFSSON**
**barnalæknir í Sviss,**
**frá Syðstu-Mörk undir Eyjafjöllum,**

lést 11. apríl sl. Útför fór fram 24. apríl í kyrrþey á ánni Rín í Basel.

**Sonja Yolanda Olafsson-Bagutti**
**Thomas Olafsson** **Beatrice Olafsson**
**Petur Olafsson** **Lucie Olafsson**
**Katrin Olafsson**
**og barnbörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,

**STEFÁNS EGGERTS PÉTURSSONAR**
**frá Brúarholti í Miðfirði,**
**Kirkjuvegi 11, Keflavík.**

**Páll Björgvin Hilmarsson** **Signý Eggertsdóttir**
**Pétur Skarphéðinn Stefánsson** **Sæbjörg Þórarinsdóttir**
**Lovísa Guðlaug Stefánsdóttir** **Indriði Þórður Ólafsson**
**Ásta Pálína Stefánsdóttir** **Gunnar Már Yngvason**
**Hrönn Stefánsdóttir** **Jósef Hólmgeirsson**
**Reynir Snæfeld Stefánsson** **Ólöf Brynja Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR**
**Miðleiti 5,**

lést miðvikudaginn 21. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 2. júní kl. 13.00.

**Jóhann Geir Guðjónsson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Gunnar Guðjónsson**
**Stefán Sigurður Guðjónsson** **Helga Ottósdóttir**
**Guðjón Hólm Guðjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



Útför föður okkar og tengdaföður,

**BJÖRNS R. EINARSSONAR**
**hljómsveitarstjóra,**

fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 28. maí, kl. 15.00.

**Gunnar Björnsson** **Ágústa Ágústsdóttir**
**Björn Björnsson** **Hrönn Scheving**
**Ásta Jónsdóttir**
**Ragnheiður Björnsdóttir** **Ásmundur G. Vilhjálmsson**
**Oddur Björnsson** **Ásta Kristín Gunnarsdóttir**
**Jón Björnsson** **María Alexandersdóttir**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdasonur,

**MAGNÚS GEIR PÁLSSON**
**Miðhúsum 16, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 19. maí. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju í dag, miðvikudaginn 28. maí, kl. 13.00.

**Áslaug Sif Gunnarsdóttir**
**Bára Sif Magnúsdóttir**
**Gunnar Þór Magnússon**
**Gunnar Sveinsson** **Bára Þorvaldsdóttir**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Bústaðavegi 97, Reykjavík,**

sem lést laugardaginn 24. maí verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 30. maí kl. 13.00.

**Ásgeir Magnússon**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Erna Reynisdóttir**
**Hörður Ásgeirsson** **Lene Drejer Klith**
**Lóa Ásgeirsdóttir** **Helge Stensland**
**Magnús Ingi Ásgeirsson** **Margrét Baldursdóttir**
**Ingólfur Ásgeirsson** **Unnur Sigurbjörg Eysteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Hraunbæ 41, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 25. maí. Útförin fer fram föstudaginn 30. maí klukkan 15.00 í Háteigskirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeildina eða Krabbameinsfélagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján Sigurgeirsson**
**Sigurgeir Kristjánsson** **Rakel Ýr Pétursdóttir**
**Guðmundur Kristjánsson** **Brynja Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. maí 2014 | 34. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## SEGIR BANKANN SÓA FJÁRMUNUM Í NÚVERANDI HÖFUÐSTÖÐVAR

- **Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir byggingu nýrra höfuðstöðva eiga að geta gert bankanum kleift að greiða meiri arð.**
- **Aðkoma stjórnvalda að framkvæmdunum eigi að vera takmörkuð og eftir þeim leikreglum sem Alþingi hafi sett.**
- **Heildarkostnaður yrði undir tíu milljörðum króna en engin ákvörðun um framkvæmdir hefur verið tekin.**

SÍÐA 6-7

## Nýr framkvæmdastjóri Atmo

Ívar Kristjánsson, einn stofnenda CCP hf., hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri ATMO, áður Gogoyoko, frá 1. júní næstkomandi.

ATMO sérhæfir sig í að styðja við starfsemi og ímynd fyrirtækja, meðal annars með því að hanna sérsniðnar tónlistarlausnir og skjástýringar. Fyrirtækið hefur boðið upp á þjónustuna hér á landi undir nafni Gogoyoko í rúm tvö ár.

Ívar hefur gegnt ýmsum lykilstöðum innan CCP hf. frá stofnun þess 1997. Hann var framkvæmdastjóri á árunum 2002–2004 en starfaði lengst af eftir það sem fjármálastjóri fyrirtækisins.

- sój

## Skuldir lækka og tekjur hækka

Tekjur sveitarfélaga hér á landi jukust um 32 prósent á milli áranna 2012 og 2013, að því er fram kemur í skýrslu Íslandsbanka um íslensk sveitarfélög.

Skuldir sveitarfélaganna lækkuðu um sjö prósent sem skýrist að hluta til af styrkingu krónunnar. Í skýrslunni kemur fram að íbúaþróun hafi verið jákvæð undanfarin tvö ár. Hlutfallsleg fólksfjölgun hefur orðið á öllum landsvæðum nema einu, Norðurlandi vestra. Mest var aukningin á höfuðborgarsvæðinu en þar á eftir komu Suðurnes, Suðurland og Austurland.

Niðurstöður skýrslunnar fyrir A- og B-hluta reksturs sveitarfélaganna benda til þess að rekstur 97% þeirra geti staðið undir núverandi skuldsetningu.

- jme

## Um 67 milljarða gjaldþrot

Gjaldþrot eignarhaldsfélagsins Vetrarmýrar, sem hét áður Smáey, og var í eigu Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum, nemur tæpum 67 milljörðum króna.

Þetta kom fram í Lögbirtingablaðinu í gær.

Félagið var úrskurðað gjaldþrota í október á síðasta ári. Engar eignir fundust í búinu og lauk skiptum án greiðslu upp í lýstar kröfur en þær námu 66,7 milljörðum króna.

Smáey var móðurfélag eignarhaldsfélagsins Bergeyjar sem átti um tíma Toyotaumboðið á Íslandi.

- rkr



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**2** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**11** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**HAGAR**
**15,6%** frá áramótum

**ICELANDAIR GROUP**
**6,7%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**MAREL**
**-19,7%** frá áramótum

**TRYGGINGA-MIÐSTÖÐIN**
**5,3%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 114,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 118,00 | -9,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 230,00 | -12,2% | -4,4% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 31,60 | 14,9% | -0,9% |
| Hagar | 44,40 | 15,6% | 1,6% |
| Icelandair Group | 17,55 | -3,6% | 6,7% |
| Marel | 105,50 | -20,7% | -1,4% |
| N1 | 16.70 | -11,6% | -5,1% |
| Nýherji | 4,10 | 12,3% | -7,0% |
| Reginn | 16,10 | 3,5% | -1,8% |
| Tryggingamiðstöðin* | 25,75 | -19,7% | -5,3% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 8,92 | -17,3% | -1,7% |
| Össur | 277,00 | 21,0% | -1,1% |
| Sjóvá | 12,51 | -7,4% | -1,1% |
| HB Grandi | 25,10 | -9,4% | -0,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1152,03 | -8,5% | 0,9% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 14,00 | 5,7% | -24,3% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 28. maí**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vísitala neysluverðs í maí 2014
- Nýskráningar og gjaldþrot í apríl 2014

**Föstudagur 30. maí**
- Vísitala framleiðsluverðs í apríl 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Kjötframleiðsla í apríl 2014
- Vöruskipti við útlönd

**Mánudagur 2. júní**
- Þjónustuviðskipti við útlönd

**Þriðjudagur 3. júní**
- Greiðslujöfnuður - Seðlabanki Íslands
- Erlend staða þjóðarbúsins og erlendar skuldir

**Miðvikudagur 4. júní**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum

**Fimmtudagur 5. júní**
- Aðalfundur Haga

**Föstudagur 6. júní**
- Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði
- Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2014
- Gistinætur á hótelum í apríl 2014

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




Fyrsta uppgjör Sjóvár frá skráningu sýnir mikið tap af fjárfestingastarfsemi:

# Tapaði 124 milljónum króna

Sjóvá tapaði 124 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 617 milljóna hagnað á sama tíma í fyrra.

Hagnaður af vátryggingastarfsemi Sjóvár nam 318 milljónum og lækkaði um 53 milljónir frá fyrsta fjórðungi 2013. Um 451 milljónar króna tap var af fjárfestingastarfsemi félagsins miðað við 486 milljóna króna hagnað í fyrra.

„Tap var af fjárfestingastarfsemi félagsins sem leiðir til þess að afkoma félagsins er neikvæð um 124 milljónir króna. Við náðum markmiðum okkar um að auka iðgjöld að raunvirði og tjónahlutfall félagsins er hagfellt," sagði Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, í uppgjörstilkynningu félagsins.

Hermann sagði rekstrarkostnað félagsins yfirleitt vera hæstan á fyrsta fjórðungi. Hærri rekstrarkostnað megi að hluta rekja til aukins sölu- og markaðskostnaðar.

„Ávöxtun á innlendum fjármálamarkaði var almennt slæm á fyrsta ársfjórðungi og afkoma félagsins á fjórðungnum því undir væntingum. Ræður þar mestu lækkun á verði ríkisskuldabréfa," sagði Hermann. **- hg**



**Í KAUPHÖLLINNI** Uppgjör Sjóvár er það fyrsta frá skráningu félagsins á markað í apríl síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Silicor skrefi nær lóð undir sólarkísilver

*Stjórnarmenn Silicor Materials undirrita í dag viljayfirlýsingu um vilyrði vegna lóðar á Grundartanga. Fyrirtækið horfði áður til Sádi-Arabíu og Kanada. Viðræðum um raforkukaup miðar vel.*

**IÐNAÐUR**
**HARALDUR GUÐMUNDSSON |**
HARALDUR@FRETTABLADID.IS

Forsvarsmenn bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials ætla samkvæmt heimildum Markaðarins að undirrita viljayfirlýsingu í dag við Faxaflóahafnir sem kveður á um vilyrði fyrir úthlutun lóðar á Grundartanga og framkvæmdum við innviði á svæðinu.

Yfirlýsingin þýðir að stjórn fyrirtækisins, sem er nú stödd hér á landi, hefur tekið endanlega ákvörðun um að stefna að byggingu 77 milljarða króna sólarkísilverksmiðju á Íslandi. Sádi-Arabía og Kanada voru áður einnig inni í myndinni. Stjórnendur sveitarfélaga á Vesturlandi, þar á meðal Hvalfjarðarsveitar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar, verða að öllum líkindum viðstaddir undirritunina á Katanesi við Grundartanga.

Heimildir blaðsins herma að viðræðum Silicor við Orku náttúrunnar, hlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, og Landsvirkjun um raforkukaup miði vel. Einnig er fjárfestingarsamningur, eða svokallaður ívilnanasamningur, ríkisstjórnarinnar við fyrirtækið sagður langt kominn.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar barst fyrr í vor erindi frá nefnd ríkisins um ívilnanir vegna nýfjárfestinga. Þar kemur fram að Silicor hafi óskað eftir ívilnunum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ívilnanir fela í sér afslætti af ýmsum opinberum gjöldum og sköttum. Hvalfjarðarsveit hefur tekið vel í veitingu þeirra og lýst yfir formlegum stuðningi við byggingu verksmiðjunnar, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu.

Áætlanir Silicor Materials gera ráð fyrir verksmiðju sem gæti framleitt um nítján þúsund tonn af sólarkísil á ári og skapað um fjögur hundruð störf. Kísillinn yrði notaður í framleiðslu á sólarrafhlöðum. Fyrirtækið vill hefja framkvæmdir næsta haust og gerir ráð fyrir að framleiðsla hefjist haustið 2017 eða vorið 2018.



**Á GRUNDARTANGA** Verksmiðja Silicor Materials yrði samkvæmt áætlunum um 93.000 fermetrar að stærð og framkvæmdasvæðið alls um 223.000 fermetrar. FRETTABLAÐIÐ/PJETUR

### Með einkaleyfi á nýrri framleiðsluaðferð

Silicor Materials er með einkaleyfi á nýrri framleiðsluaðferð sem byggist á hreinsun kísils með því að leysa hann upp í fljótandi áli. Álið virkar þá eins og svampur sem dregur í sig óæskileg efni og eftir verður kísill sem hægt er að nota til framleiðslu á sólarrafhlöðum. Fyrirtækið var stofnað árið 2006 og starfar í þremur löndum; Bandaríkjunum, Kanada og Þýskalandi.

Stjórnendur fasteignafélagsins segja horfur í rekstri góðar og að útlit sé fyrir að áætlanir þess standist:

# Reginn hagnast um 397 milljónir

Hagnaður Regins fasteignafélags á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 397 milljónum króna eftir tekjuskatt. Félagið hagnaðist um 243 milljónir á fyrsta ársfjórðungi 2013.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 1.031 milljón króna og rekstrarhagnaður 618 milljónum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 33 prósent og hefur því staðið í stað miðað við uppgjör Regins á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs.

Hlutafé félagsins var aukið á tímabilinu. Það var 1,3 milljarðar króna að nafnvirði en er nú rúmir 1,43 milljarðar.

Í tilkynningu fasteignafélagsins um árshlutauppgjörið segja stjórnendur þess að horfur í rekstri séu góðar og að engar vísbendingar séu um annað en að áætlanir Regins standist.

Stærstu eignir félagsins eru verslunarmiðstöðin Smáralind í Kópavogi og Egilshöll í Grafarvogi. **-hg**



**VIÐ SMÁRALIND** Helgi S. Gunnarsson er forstjóri Regins fasteignafélags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ASUS PRO FARTÖLVA

## 50.000 KRÓNA AFSLÁTTUR !



14” HD skjár með breiðu sjónarhorni viðheldur skerpu og gæðum lita þó ekki sé horft beint á skjáinn. Mött áferð lágmarkar endurvarp birtu á notandann.

Örþunn til að ferðast með og aðeins 1.64 kg.

Stórt og þægilegt chicklet lyklaborð sem auðveldar áslátt og er vökvahelt.

Fingrafaraskanni tryggir skjótan aðgang og notendaöryggi.

Harðgerður SSD diskur sem þolir meira hnjask en í hefðbundnum fyrirtækjafartölvum og stenst ítrustu kröfur um gagnaöryggi.

intel inside CORE i7 Ultrabook Inspired by Intel

ASUS

### FULLKOMIN VINNUTÖLVA

Sérstaklega hröð 14“ fyrirtækjafartölva með Intel i5 örgjörva, 256GB dulkóðuðum SSD diski og 8GB vinnsluminni. Hönnuð til að veita hámarks gagnaöryggi með TPM höggvörn, vökvaheldu lyklaborði og fingrafaraskanna. Mjög sterkbyggð umgjörð úr magnesíum-, ál- og koltrefjablöndu gerir tölvuna fislétta til að ferðast með.

Traust fartölva fyrir fyrirtæki á 50.000 króna afslætti á meðan birgðir endast.

**FYRIRTÆKJATILBOÐ**

# 199.990

**FULLT VERÐ 249.990**

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




**FORSTJÓRINN** Íran er ekki í ferðaplönum Marks Zuckerberg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Zuckerberg mæti fyrir dóm:

## Þarf að svara fyrir Instagram

Dómari í Íran hefur gert Mark Zuckerberg, stofnanda og aðaleiganda Facebook, að mæta fyrir dóm í suðurhluta landsins.

Þar er Zuckerberg ætlað að svara ásökunum þess efnis að forrit fyrirtækisins, Instagram og Whatsapp, brjóti gegn friðhelgi einkalífsins, samkvæmt frétt AP um málið.

Talið er ólíklegt að hann láti sjá sig í íranska dómssalnum enda er enginn framsalssamningur milli ríkjanna tveggja. Vefur Facebook er nú þegar bannaður í landinu ásamt öðrum samskiptamiðlum eins og Twitter og YouTube.

Þrátt fyrir það eru stjórnmálaleiðtogar í landinu, eins og Mohammad Jvad Zarif utanríkisráðherra, virkir á Twitter. Írönsk ungmenni eiga þó ekki í ýkja miklum vandræðum með að komast fram hjá tæknitakmörkunum stjórnvalda. - sój

# Vilja virkja kraft frumkvöðla

***Þrátt fyrir mikinn mótbyr er kraftur í íbúum Djúpavogshrepps. Austurbrú, Afl starfsgreinasamband og sveitarfélagið undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun frumkvöðlaseturs.***

**FRUMKVÖÐLAR**
Samúel Karl Ólason | samuel@frettabladid.is

„Við erum búin að hugsa þetta verkefni í nokkuð langan tíma. Hér er fjölbreytt flóra af einyrkjum sem langar að vera undir sama þaki og fá félagsskap hver af öðrum,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, sem heldur utan um stofnun frumkvöðlaseturs á Djúpavogi.



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON,**

„Þegar við göngum í gegnum ákveðnar hremmingar þá drífur maður oft í því að láta hugmyndir verða að veruleika. Við hjá Austurbrú höfum verið að vinna að þessu og fylgt eftir með ákveðnum aðgerðum sem eru að verða að veruleika, núna á næstu misserum vonandi.“

Austurbrú ses., Afl starfsgreinafélag og Djúpavogshreppur undirrituðu í gær viljayfirlýsingu um stofnun frumkvöðlaseturs á Djúpavogi. Tilgangur þess er að styðja frumkvöðla við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og skapa þannig ný atvinnutækifæri á Djúpavogi og víðar í landshlutanum.

Í tilkynningu frá Austurbrú segir að þjónusta við frumkvöðla og aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja sé hluti af grunnþjónustu stofnunarinnar. Stefnt verði að því að ráða sérstakan verkefnastjóra til starfa í haust, fáist til þess fjármagn. Tilgangur setursins verður að ýta undir sprotastarfsemi og skapa ný atvinnutækifæri á Djúpavogi og víðar. Sérstök verkefnisstjórn mun setja reglur um aðgang að setrinu og verður greitt fast mánaðargjald fyrir hverja vinnustöð.



**FYRIR AUSTAN** Djúpavogshreppur mun leggja 250 þúsund krónur til stofnkostnaðar frumkvöðlasetursins.

„Hér er skemmtileg flóra af fólki. Þetta eru innanhússarkitektar, grafískir hönnuðir, fatahönnuðir og fleiri,“ segir Ólafur.

„Mér er sagt að hvar sem svona setur verða til komi fólk úr ýmsum áttum sem sé með hugmyndir og fái tækifæri til að koma þeim á framfæri og vinna að þeim í svona hugmyndasamfélagi, eins og maður segir. Fólkið hefur jafnvel unnið að verkefnum inni á heimilum sínum en það er gott að komast í svona samfélag þar sem fjölbreytt flóra af fólki er að vinna,“ segir Ólafur.

„Það er mikill kraftur í fólki, þrátt fyrir mikinn mótbyr undanfarna mánuði. Við lítum á þetta sem ákveðið tækifæri til að virkja þann kraft,“ segir Jóna Árný Þórðardóttir, starfandi framkvæmdastjóri Austurbrúar. „Við erum að stíga fyrstu skrefin, en með þessum krafti sem er í samfélaginu, höfum við alla trú á því að þetta gæti orðið til bóta á þessu svæði.“





Viltu skipta um gír á markaðnum?

Með Flotaleigu Lýsingar geturðu lágmarkað kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lýsingar er nýr kostur á markaðnum** sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á lysing.is

JANÚAR

Lýsing hf. Ármúla 1 108 Reykjavík Sími 540 1500 lysing.is lysing@lysing.is

Lýsing





**HEIÐRUÐ AF RÁÐHERRA** Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra veitti Rannveigu Rist, forstjóra Rio Tinto Alcan, verðlaunin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rio Tinto Alcan á Íslandi verðlaunað á ráðstefnu UN Women í gær:

## Hlaut verðlaun fyrir áherslu á jafnrétti

Rio Tinto Alcan á Íslandi hlaut í gær Hvatningarverðlaun jafnréttismála á ráðstefnu á vegum UN Women á Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru veitt en Soffía Sigurgeirsdóttir, framkvæmdastýra UN Women, segir nauðsynlegt að umbuna fyrirtækjum á íslenskum vinnumarkaði fyrir gott jafnréttisstarf.

„Þetta er til þess að verðlauna fyrirtæki sem hafa skarað fram úr í þessum málum,“ segir Soffía.

Við veitingu verðlaunanna var meðal annars litið til þess hvort stuðlað sé að jöfnum launum og jöfnum hlutföllum kynjanna í stjórnendastöðum innan fyrirtækisins. Í áliti dómnefndar segir að Rio Tinto Alcan hafi „með eftirtektarverðum hætti breytt menningu fyrirtækisins svo bæði kynin eigi þar nú jafna möguleika til starfframa“.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, afhenti verðlaunin. Það eru atvinnuvegaráðuneytið, UN Women á Íslandi, Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtök atvinnulífsins sem standa að verðlaununum. - bá



Dale Carnegie námskeiðið kom mér virkilega á óvart. Ég átti von á að öðlast meira öryggi til að tala fyrir framan hóp af fólki og bæta færni mína í mannlegum samskiptum. En námskeiðið gaf mér svo miklu meira. Meðal annars lærði ég aðferðir til að draga úr streitu og að bæta minnið. Mikilvægast var þó að ég lærði að vera sanngjarnari við sjálfa mig og kynntist frábæru fólki.

**Næsta markmið er að koma eiginmanninum og unglingunum á námskeið.**

*// Kolbrún Björnsdóttir (Kolla), þáttastjórnandi á Stöð 2*

*skráðu þig núna*

# DALE CARNEGIE NÁMSKEIÐ

***Meira sjálfstraust*** ***Betri samskipti*** ***Örugg framkoma*** ***Leiðtogahæfni***

*Komdu í hóp með þeim sem ná árangri. Njóttu þín betur í mannlegum samskiptum og lærðu að hafa góð áhrif á aðra. Á hverjum degi sérðu fólk sem skarar fram úr í athafnalífinu, í stjórnsýslu, íþróttum, fjölmiðlum eða menningu og listalífi. Þetta fólk er í hópi þeirra 20.000 Íslendinga sem notið hefur góðs af þjálfun Dale Carnegie. Skráðu þig núna og nýttu hæfileika þína til fulls.*

*// Ókeypis kynningartímar*

**Fullorðnir**
Mánudaginn 2. júní, 20.00-21.00

**10-15 ára**
Mánudaginn 2. júní, 18.30-19.30

*Skráðu þig á dale.is*

*// Vor- og sumarnámskeið*

| | |
|---|---|
| 3ja daga Dale Carnegie námskeið | 10. júní |
| 3ja daga Dale Carnegie námskeið | 14. júlí |
| Dale Carnegie 16 til 20 ára | 26. maí |
| Dale Carnegie 13 til 15 ára | 3. júní |
| Dale Carnegie 13 til 15 ára | 6. ágúst |
| Dale Carnegie 10 til 12 ára | 18. júní |
| Dale Carnegie 10 til 12 ára | 6. ágúst |

**555 70 80**

HRINGDU NÚNA EÐA SKRÁÐU ÞIG Á

**www.dale.is**

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

*Ármúla 11, 108 Reykjavík | Sími 555 7080 | www.dale.is*



**Í BANKANUM** Steinþór segir núverandi höfuðstöðvar Landsbankans byggðar fyrir annars konar starfsemi og aðra tíma. Bankinn greiði fleiri hundruð milljónir króna í húsaleigu á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Telja nýjar höfuðstöðvar geta komið í veg fyrir sóun á fjármunum bankans

***Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir byggingu nýrra höfuðstöðva geta gert bankanum kleift að greiða meiri arð til ríkisins. Hann segir aðkomu stjórnvalda að hugsanlegum framkvæmdum eiga að vera takmarkaða. Heildarkostnaður yrði undir tíu milljörðum en engin ákvörðun um framkvæmdir hefur verið tekin.***

**VIÐTAL**
HARALDUR GUÐMUNDSSON
HARALDUR@FRETTABLADID.IS



Landsbankinn gæti greitt ríkinu meiri arð til lengri tíma litið og komið í veg fyrir sóun fjármuna með því að flytja starfsemina í nýjar höfuðstöðvar.

Þetta segir Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans. Bankinn keypti nýverið lóð á Hörpureitnum við Austurhöfnina fyrir 957 milljónir króna. Steinþór segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort farið verður þar í framkvæmdir við allt að fimmtán þúsund fermetra höfuðstöðvar.

Hugmyndin hefur meðal annars verið gagnrýnd af stjórnarþingmönnum og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra. Steinþór segir aðkomu stjórnvalda að áformum bankans eiga að vera takmarkaða. Það sé ekki góð þróun ef 63 þingmenn Alþingis eigi að fara að stjórna Landsbankanum.

**Höfuðstöðvarnar barn síns tíma**

„Það liggur ekki fyrir ákvörðun um að við séum að fara að byggja. En okkur ber skylda til að hugsa lengra en nef okkar nær og við þurfum að undirbúa okkur fyrir framtíðina. Fyrir okkur snýst þetta um hvort við eigum að fara í mikla fjárfestingu í núverandi eða svipuðu húsnæði eða stíga skrefinu lengra og fara í hagkvæmt húsnæði sem henta okkur þar sem nánast öll starfsemin yrði á einum stað,“ segir Steinþór.

Landsbankinn rekur starfsemi í sextán húsum og þar af eru fjórtán í miðborginni. Flest eru hluti af höfuðstöðvunum við Hafnar- og Austurstræti og byggð frá 1924-1970. Húsnæðið er tæplega 20 þúsund fermetrar að stærð en Steinþór segir fermetrafjöldann meiri en nauðsyn krefji þar sem húsnæðið sé ekki sérsniðið að starfseminni.

„Þessi hús eru byggð fyrir annars konar starfsemi og aðra tíma og bankinn borgar fleiri hundruð milljónir í leigu á hverju ári. Hluti af húsnæðinu er í skammtímaleigu þar sem við getum átt von á því að allt að 150 starfsmenn vanti skyndilega aðstöðu. Að finna húsnæði fyrir slíkan fjölda getur verið erfitt og dýrt enda mikil krafa um hluti eins og tæknilausnir, öryggismál og annað slíkt.“

Steinþór segir húsnæðið einnig þurfa mikið viðhald og að orkunotkun fyrirtækisins sé meiri en hún þyrfti að vera þar sem húsið sé illa einangrað.

„Það þarf að taka húsnæðið verulega í gegn til að losna við hluti eins og myglusvepp. Að fara í dýrar framkvæmdir í leiguhúsnæði til skamms tíma má líkja við að henda peningum út um gluggann.“

**Framkvæmd undir 10 milljörðum**

Forsætisráðherra hefur gagnrýnt áform Landsbankans og þá meðal annars sagt að bankinn eigi frekar að greiða ríkinu enn meiri arð svo hægt verði að nota fjármunina í önnur verkefni eins og uppbyggingu Landspítalans. Steinþór segir að það geti verið hægt að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri bankans með nýjum höfuðstöðvum og þannig gera honum kleift að greiða út meiri arð til lengri tíma litið.

„Við þurfum líka að horfa til þess að við höfum greitt um 30 milljarða króna í arð á síðustu sex mánuðum, að mestu til ríkisins. Það þarf samt að fara varlega í að lækka eigið fé bankans, þó það sé firna sterkt. Bankinn stendur ágætlega með lausafé en auðvitað er þetta stór fjárhæð sem gæti farið í framkvæmdirnar. Hún verður þó líklega um 0,6-0,8 prósent af efnahagsreikningi bankans, eða vel innan við tíu milljarða króna,“ segir Steinþór.

„Á sama tíma teljum við að það sé verið að sóa fjármunum með því að nota fleiri þúsund fermetra undir skrifstofurými sem við getum verið án. Þetta eru vissulega miklir peningar og það er alveg rétt hjá forsætisráðherra að biðja okkur að huga að þessum málum. Auðvitað hlustum við á það en við erum á sama tíma að reyna að vanda okkur og fara vel yfir alla útreikninga.“

Varðandi ummæli ráðherra um að fjármunirnir eigi frekar að renna til Landspítalans segist Steinþór vera á þeirri skoðun að annað verkefnið þurfi ekki að útiloka hitt.



> Við erum ekki á fjárlögum og starfsmenn Landsbankans eru ekki ríkisstarfsmenn. Aðkoma stjórnvalda er takmörkuð og það á að vera þannig samkvæmt þeim leikreglum sem Alþingi er búið að setja. Ég held að það væri ekki góð þróun ef 63 þingmenn færu að stjórna Landsbankanum.

„Þetta eru ótengd mál. Landsbankinn einbeitir sér að sínum rekstri. Hann er sjálfstætt hlutafélag og stefnir að því að greiða eigendum sínum arð sem byggir á hagkvæmum rekstri. Arður af rekstri bankans, eða sala á hluta af honum ætti að nýtast ríkinu til dæmis til að byggja nýjan spítala eða bæta stöðu ríkissjóðs.“

**Segir of seint í rassinn gripið**

Sigmundur Davíð gagnrýndi einnig núverandi skipulag Hörpureitsins í viðtali í sjónvarpsþættinum ▶

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## BÆJARHÁTÍÐIR Í SUMAR

**Líklegast eru margir farnir að huga að ferðalögum sumarsins. Vilji fólk heimsækja bæjarhátíðir er hægt að skoða hvar þær verða á vefnum www.samband.is/hatidir. Það er Samband íslenskra sveitarfélaga sem hefur safnað saman upplýsingum um bæjar- og sumarhátíðir víðs vegar um landið í sumar.**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >



Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Komnar aftur :-)
Stretch-buxurnar



Kr. 7.900.-
str. 36-52

Litir:
svart og drappað

Við erum á Facebook

Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is


# GEISLANDI HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

**BALSAM KYNNIR** *GOJIBER – Nýtt frá Natural Health Labs. Stuðlar að hreysti og langlífi ásamt því að gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Tilvalið fyrir þá sem vilja neyta gojiberja á auðveldan og þægilegan máta.*

Rósa Þorvaldsdóttir, meistari í snyrtifræðum, kennari og fótaaðgerðafræðingur, er eigandi Snyrtimiðstöðvarinnar Lancome. Hún hefur rekið eigin stofu samfellt í 35 ár. „Við tökum á móti fólki á öllum aldri, konum og körlum, í slakandi andlits- og líkamsmeðferðir og leggjum mikið upp úr þægilegu andrúmslofti. Ég fæ fólk til mín í alls konar ástandi og okkar markmið er alltaf að hjálpa fólki að líða betur í líkama og sál.“

### MÆLIR MEÐ GOJIBERJUM

Hverri meðferð fylgir húðgreining og ráðleggingar um umhirðu húðar segir Rósa. „Ég er með mismunandi ráðleggingar fyrir hvern og einn en bendi öllum á að borða hollt og fara vel með líkamann. Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið. Ég bendi mörgum á að ef þeir vilja fallegt og heilbrigt útlit eru gojiber frábær lausn. Ég tek sjálf gojifæðubótarefni daglega því mér finnst það minnka sykurþörf og gefa mér nauðsynlega viðbótarorku. Einfalt og þægilegt,“ segir Rósa og brosir.

Gojiber eru af mörgum talin næringarríkasta fæða sem finnst í náttúrunni og eru því flokkuð sem svokölluð ofurfæða eða superfood. Berin vaxa í Kína, Mongólíu og Himalajafjöllum og eru oft kölluð hamingjuberin vegna vellíðunar sem þeim fylgir og ótrúlegra áhrifa þeirra á heilsu og heilbrigði. Innfæddir hafa notað þau í þúsundir ára í lækningaskyni vegna einstakra yngingaráhrifa þeirra og margvíslegra næringarefna. Þau eru stútfull af próteini, amínósýrum, vítamínum og steinefnum og einstaklega rík af andoxunarefnum sem vinna gegn öldrun og gefa húð, hári og nöglum fallegan ljóma. Einnig bæta þau sjónina, skerpa hugsun, auka lífsorku og styrkja ónæmiskerfið.



**MÆLIR MEÐ GOJI** „Gojiber eru ein næringarríkasta fæða sem ég veit um og algjört töfraefni fyrir húðina, neglurnar og hárið,“ segir Rósa




### HENTUG LAUSN FYRIR ALLA

Gojiber hafa notið mikilla vinsælda um allan heim. Gojifæðubótaefni er frábær lausn fyrir þá sem vilja neyta berjanna á auðveldan máta. Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu í Blómavali, Vefverslun Heilsutorgs.is, Sportlífi, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.

### RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu eitt til þrjú hylki með vatnsglasi yfir daginn.

**GOJIBER**

Gojiber innihalda 500 sinnum meira af C-vítamíni en appelsínur, margfalt meira járn en spínat og tífalt meiri andoxunarefni en bláber.




Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu



Fyrstu heyrnartækin sem tengjast þráðlaust við snjalltæki

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

## RONALDINHO LEIGIR ÚT



**LÚXUS**
**Hinn þekkti brasilíski knattspyrnumaður Ronaldinho hefur ákveðið að leigja út lúxusvillu sína á meðan HM í fótbolta fer fram í Brasilíu. Þeir sem vilja leigja þessa glæsilegu villu þurfa að leggja fram tæplega 1,8 milljónir fyrir nóttina. Ronaldinho hefur birt myndir af húsinu á Facebook-síðu sinni fyrir áhugasama. Húsið er risastórt og stendur í Barra da Tijuca rétt fyrir utan Rio de Janeiro. Þar eru fimm svefnherbergi, sex baðherbergi og gott rými fyrir átta manns. Heimabíó, vínkjallari, líkamsræktaraðstaða, sundlaug, heitir pottar og grillsvæði utanhúss. Þjónustufólk er til staðar. Fótboltastjarnan verður þó ekki heima við á meðan húsið er í leigu.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Nám sem nýtist þér!**

**Skrifstofubraut I – staðbundið nám og fjarnám**

Tveggja anna hagnýt braut þar sem höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 22. ágúst
Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

**Skrifstofubraut II - rekstrarfulltrúi**

Tveggja anna framhaldsnám á skrifstofubraut Menntaskólans í Kópavogi.
Mikil áhersla er lögð á tölvunám, viðskipta- og samskiptagreinar.
Inntökuskilyrði: Krafist er þekkingar í ensku, bókfærslu og tölvunotkun.
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 22. ágúst
Brautin er einnig kennd í fjarnámi – sjá mk.is

**Viðurkenndur bókari**

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til viðurkennds bókara, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna. Kennsla hefst 25. ágúst. Sjá mk.is

**Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 000/824 4114 eða inga.karlsdottir@mk.is**

# STJARNAN SEM VARÐ FURSTYNJA

**ÆVINTÝRI** *Grace Kelly, furstynja af Mónakó og Hollywood-stjarna, hefur verið töluvert í umræðunni eftir að kvikmynd um hana var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Færri vita um sýningu á persónulegum hlutum hennar sem hefur farið sigurför um heiminn.*

Kvikmyndin nefnist Grace of Monaco og með hlutverk furstynjunnar fer Nicole Kidman. Fjölskylda Grace Kelly er afar óhress með myndina og segir hana sögufölsun. Breski leikarinn Tim Roth fer með hlutverk Rainiers fursta. Kvikmyndagagnrýnendur hafa gefið myndinni vonda dóma en það mun örugglega ekki koma í veg fyrir að hún fái góða aðsókn, enda líf Grace Kelly eins og sprottið upp úr ævintýrabók. Myndin verður sýnd hér á landi í næsta mánuði.

Sýning á raunverulegum fatnaði og persónulegum eigum Grace Kelly hefur hins vegar farið sigurför um heiminn. Hún var fyrst sett upp í Grimaldisafninu í Mónakó árið 2007 þar sem 135 þúsund manns komu og sáu hana. Sýningin hefur síðan farið víða; til Parísar, London, Sao Paulo, Toronto, Ástralíu og Asíu. Í október á síðasta ári var hún sett upp í Fíladelfíu í Bandaríkjunum. Það var eina sýningin þar í landi en Grace Kelly var fædd og uppalin í Fíladelfíu. Nú er verið að setja sýninguna upp í Het Loo-höllinni í Hollandi. Sýningin verður opnuð í byrjun júní og stendur fram til október.

Þeir sem ætla að ferðast um Holland í sumar ættu að koma við í höllinni, skoða glæsilegan og sögulegan fatnað Grace Kelly, en um leið að skoða ákaflega fallegan stað. Í höllinni eru margir gamlir dýrgripir, bæði málverk og aðrir listgripir, sem áhugavert er að skoða. Höllin er í Apeldoorn, sem er í miðju landsins. Hún er frá sautjándu öld og fyrrverandi heimili konungsfjölskyldu Hollands. Höllin var opnuð almenningi árið 1984. Mikill glæsileiki er bæði innan- og utandyra, íburðarmiklir gosbrunnar í stórum og fallegum blómagarði. Núverandi konungsfjölskylda Hollands notar hluta hallarinnar sem sumardvalarstað.



**MÓNAKÓ** Albert prins og Stefanía prinsessa við opnun sýningarinnar í Mónakó.



**CANNES** Nicole Kidman leikur Grace Kelly í nýrri kvikmynd sem fjölskylda furstynjunnar er afar ósátt við.



**VÍÐA UM HEIM** Sýning á persónulegum eigum Grace Kelly hefur farið víða um heim. Hér hefur hún verið sett upp í Peking í Kína.

Hægt er að taka lest frá Schipol-flugvelli eða Amsterdam til Apeldoorn. Þar fyrir utan er auðvelt að finna bæinn sé maður akandi. Á Grace Kelly-sýningunni má sjá klæðnað, fylgihluti, svo sem skartgripi, hatta, veski, skó, sólgleraugu og aðra slíka hluti úr fataskáp prinsessunnar og Hollywood-stjörnunnar en einnig ljósmyndir og hluta úr kvikmyndum sem hún lék í.

Grace Kelly er ekki aðeins furstynja í augum fólks, heldur átrúnaðargoð, enda var hún einstaklega glæsileg kona. Grace fæddist í Bandaríkjunum 1929 en lést í bílslysi árið 1982 stuttu eftir að hún heimsótti Vigdísi Finnbogadóttur, þáverandi forseta, á Bessastaði. Grace eignaðist þrjú börn sem öll hafa verið endalaus uppspretta frétta og ljósmynda, sérstaklega elsta dóttirin, Karólína, sem nú er 57 ára. Einkasonurinn, Albert, 56 ára, var lengi piparsveinn en kvæntist árið 2011, Charlene Wittstock. Yngst er Stefanía, 49 ára.







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512-5447



# HEILSA

MIÐVIKUDAGUR 28. MAÍ 2014



## Fékk ólæknandi hjóladellu

Guðbjörg Halldórsdóttir fékk hjóladellu fimm ára og hefur verið hjólandi síðan.
SÍÐA 2

## Vinnur bug á ýmsum kvillum

Lasermeðferð vinnur bug á ýmsum kvillum. Nýjasta og öflugasta lasertæki landsins er að finna í Heilsuvernd í Glæsibæ.
SÍÐA 4

## Kunni varla skriðsund

Ari Eyberg æfir stíft fyrir Járnkarlinn í Kaupmannahöfn. Hann kunni varla skriðsund þegar hann mætti á fyrstu æfinguna fyrir einu og hálfu ári.
SÍÐA 6

# Viðheldur lífsneistanum

Guðbjörg Halldórsdóttir er haldin ólæknandi hjóladellu. Hún á fjögur hjól en nú orðið notar hún hjólin til líkamsræktar fremur en sem samgöngutæki.



Guðbjörgu þykir fátt betra en að hjóla út um allar koppagrundir. MYND/GVA

Guðbjörg man vel daginn sem hjólaáhuginn kviknaði. „Það var sumardaginn fyrsta þegar ég var fimm ára og ég fékk mitt fyrsta hjól. Eitthvað kviknaði þá inni í mér og mér fannst þetta það geðveikasta sem ég á ævi minni hafði kynnst. Alla tíð síðan hef ég verið hjólandi,“ lýsir Guðbjörg glaðlega. Síðan hún fékk sitt fyrsta hjól eru liðin tæp fimmtíu ár og hjólaáhuginn fer síst minnkandi.

### Úr samgöngutæki í íþróttaiðkun

Þegar Guðbjörg flutti til Reykjavíkur fyrir einum 25 árum eignaðist hún sitt fyrsta fjallahjól. „Ég notaði það sem farartæki í mörg ár og ferðaðist auk þess mikið um landið. Á þessum tíma voru allir á fjallahjólum nema örfáir sérvitringar sem voru á reiserum,“ segir Guðbjörg, sem síðastliðin tíu ár hefur æft hjólreiðar sér til skemmtunar og heilsubótar auk þess sem hún keppir nokkrum sinnum á ári.

### Draumur að eiga mörg hjól

Sem barn dreymdi Guðbjörgu um að eiga mörg og flott hjól. Þann draum hefur hún látið rætast síðustu ár. „Ég hef gaman af öllum tegundum hjólamennsku. Ég á reiser, tvö fjallahjól, annað með dempurum að framan og hitt fulldempað sem gaman er að fara á í styttri fjallaferðir. Svo á ég svokallað cyclocross sem hefur sömu eiginleika og götuhjólið, er með hrútastýri, en er heppilegra til að fara á út fyrir malbikið. Cyclocross-hjólið er líka skemmtilegt æfingatæki á veturna þar sem hægt er að setja á það nagladekk.“

### Tími og peningur

En kostar þetta ekki mikið? „Jú, sérstaklega af því að ég er spennt fyrir því að eiga fínt dót,“ svarar Guðbjörg glettin. Hún hefur keypt öll hjólin sín hér heima og er trú einu vörumerki sem er Trek.

Þá segir hún áhugamálið ekki síður tímafrekt. „Það fer mikill tími í að eiga svona mikið af hjólum. Það þarf að þrífa þau og halda við. Sambýliskona mín gerði grín að því um daginn að ég væri í þrjátíu prósenta vinnu bara við að vesenast með hjólin.“

### Amman á spandexinu

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur Guðbjörgu ekki tekist að smita fjölskyldu sína af hjólaáhuganum. „Ég er að reyna að draga sambýliskonu mína í þetta með mér en hún hefur gefið það út að hún ætli sér ekki að sogast inn í sportið eins og ég,“ segir Guðbjörg, og dóttir hennar og dóttursynirnir tveir hafa heldur ekki látið glepjast. „Þau hrista bara hausinn. Sérstaklega strákarnir þegar amma kemur æðandi á spandexinu,“ segir hún og skellir upp úr.

### Sprenging í hjólamennsku

Guðbjörg hefur eins og svo margir orðið vör við aukinn áhuga fólks á hjólamennsku. „Þegar ég var að hjóla í Reykjavík fyrir 25 árum voru mjög fáir á hjólum og enn færri gíraðir í galla. Þannig að maður var litinn dálítlu hornauga. Það hefur orðið mikil sprenging í þessu og maður getur endalaust fundið sér félagsskap. Oft óska ég mér þess að þetta hefði verið svona þegar ég var upp á mitt besta.“

### Með margt á prjónunum

Guðbjörg er nýkomin heim úr tíu daga æfingaferð til Mallorca þar sem hjólað var upp í 150 km á dag. Hún hefur ekki planað sérstaka hjólaferð í sumar en stefnir þó á að taka þátt í einhverjum mótum. „Ég er búin að taka þátt í tveimur mótum í vor. Síðan er fjölmargt í boði í sumar. Til dæmis keppni á Þingvöllum í lok mánaðar, Bláa lónið er rosalega stór keppni, þá Jökulmílan á Snæfellsnesi. Þá má einnig nefna Heiðmerkuráskorunina sem er stutt fjallahjólakeppni, Tour de Hvolsvöllur og Vesturgötuna á Vestfjörðum sem mér þætti gaman að taka þátt í,“ segir Guðbjörg, sem finnst mikil frelsistilfinning felast í því að geysast um á hjóli. „Þetta er mín leið til að kúpla mig út úr vinnunni og viðheldur auk þess neistanum og barninu í sjálfri mér.“

OptiBac probiotics

Fáðu flatan maga!

Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum?

Optibac - For a Flat Stomach dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari!



„Ég mæli hiklaust með Optibac vörunum“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég nota „For a Flat Stomach“ sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga.“

Marta hefur notað gerlana að staðaldri síðan í haust og getur ekki hugsað sér að vera án þeirra!




facebook.com/optibaciceland

**Útsölustaðir:** Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar og Urðarapótek.



Farið er að senda gervifætur til þróunarlanda þar sem þeir fá nýja eigendur eftir að upphaflegir eigendur hafa fallið frá. MYND/GETTY

## *Gervilimir endurnýttir*

Fjöldi fólks er með allskyns „aukahluti“ í líkama sínum, til dæmis gangráða, sílikonpúða eða gervilimi. Þegar þetta fólk deyr velta ef til vill einhverjir fyrir sér hvað verður um þessa hluti. Fréttamaður breska ríkissjónvarpsins, BBC, Frank Swain, komst að þeirri niðurstöðu að í að minnsta kosti sumum tilfellum gegna þeir áfram sínu hlutverki.

Stundum er engin ástæða til að fjarlægja hluti úr fólki eftir dauða þeirra. Sílikonpúðar og gervimjaðmaliðir eru dæmi um þess konar hluti en þeir hafa lítil umhverfisáhrif. Líklegt er því að fornleifafræðingar framtíðar finni alls kyns hluti í gröfum þeirra sem létust um aldamótin síðustu, svo sem gervitennur og ýmsa málmhluti.

Öðru máli gegnir um það þegar lík eru brennd. Gangráðar eru teknir úr áður en brennt er því rafhlöðurnar í þeim geta sprungið þegar þær hitna. Sílikon fuðrar upp í bræðsluofninum en ekki málmígræðslur eins og títan og kóbolt. Yfirleitt eru málmarnir sigtaðir úr öskunni og þeim eytt sérstaklega. Til eru sérstök fyrirtæki sem sérhæfa sig í endurnýtingu þessara málma og selja þá til fyrirtækja í bíla- og flugvélaiðnaðinum sem nota þá í framleiðslu sína.

Undanfarið hefur það færst í aukana að gervifætur og gangráðar látinna séu sendir til þróunarlanda og þeir notaðir af öðrum. Oft er það eina leiðin fyrir fólk í fátækari löndum heims til að öðlast nýtt og betra líf með hjálp gervilíffæra og útlima.

# Besta forvörnin gegn meltingaróþægindum er góð bakteríuflóra

Heilbrigð bakteríuflóra í meltingarvegi gegnir mikilvægu hlutverki í góðri heilsu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið og hjálpar líkamanum að losna við hvimleið einkenni meltingaróþæginda.

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota Obtibac Probiotics-gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra,“ segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir, sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota Optibac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum.“

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir 70 prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería, eins og loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu, og ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.

Auk þess að nota For a Flat Stomach frá Optibac Probiotics á hverjum degi notar Marta einnig For Every Day Extra (sterkan) sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.



Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af Obtibac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANÍEL

## HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

**Optibac Probiotics** fæst á eftirfarandi stöðum: Lifandi markaður, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Heilsuver, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Urðarapótek, Rima Apótek, Akureyrarapótek, Garðs Apótek, Apótek Ólafsvíkur og Heilsutorgið í Blómaval.

## FOR DAILY WELLBEING EXTRA STRENGTH

- Extra sterkur fyrir daglega heilsu (Probiotic)
- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur 5 ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, m.a. L. Acidopilus NCFM® – með yfir 75 greinum birtum í viðurkenndum vísindaritum.
- Vinnur á IBS (Irritable bowel syndrome) – 20 prósent fólks þjást af IBS.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum. Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.

**● Mælt með fyrir alla sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (Ulcerative colitis), Diverticulitis, Crohn's disease), Candida-ofvöxt eða IBS.**




## FOR DAILY WELLBEING

- fyrir daglega heilsu
- Hollari en sykraðir mjólkurdrykkir með gerlum.
- Fimm milljarðar lifandi vinveittra gerla í hverjum dagskammti.
- Sex mismunandi vinveittar Probiotic-bakteríur. Heildarlausn fyrir alla hluta meltingarkerfisins.
- Inniheldur auk þess Prebiotic sem tryggir gott jafnvægi á góðum vinveittum bakteríum í meltingarvegi.

**● Mælt með fyrir alla sem vilja fá L. Acidophilus eða vöru sem inniheldur alhliða Probiotic-gerla. Gott fyrir þá sem eru með lélega meltingu, bólur eða exem.**




# Traust lausn við hægðatregðu

Byltingarkennd lausn fyrir þá sem þjást af hægðatregðu.

Hægðatregða er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre“ frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi. Einnig prebiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna. Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre“ kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, konur á meðgöngu og með börn á brjósti.

Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

> **Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag. Hentar öllum aldri og einnig konum sem ganga með barn eða eru með það á brjósti.**




# Heilsunammi í ferðalagið eða göngutúrinn

Chimes-engiferbitar eru bæði afar hollir og bragðgóðir. Engiferbitarnir fást í flestum apótekum.

Í aldaraðir hafa íbúar Austur-Jövu í Indónesíu ræktað engifer í næringarríkum jarðvegi eldfjallaeyjunnar. Þessi ræktun er með sérstöku bragði sem ekki er auðvelt að ná fram annars staðar í veröldinni, svo einstakt er það.

Í dag eru Chimes-engiferbitarnir seldir um allan heim, enda eru þeir sérlega bragðgóðir og heilsubætandi á marga vegu. Þeir fást í Lyfjum og heilsu, Apótekaranum, Lyfjaveri, Lifandi markaði, Lyfjavali, Árbæjarapóteki og flestum öðrum apótekum um land allt, auk þess í völdum verslunum Olís og 10-11.

Engifer þykir virka vel til að draga úr bílveiki, flugveiki og gegn morgunógleði, tíðaverkjum og hitakófi. Einnig er engifer mikið notað til að bæta meltingu og ónæmiskerfi.

Það sem skiptir mestu máli er að Chimes-engiferbitarnir eru frábærir á bragðið og góðir sem nammi til að styrkja sál og líkama í amstri dagsins.

Þú verður að prófa.




Engiferbitar sem bæta meltinguna og styrkja ónæmiskerfið. MYND/PJETUR

# Varanleg háreyðing með lasertækni

Nýjasta og öflugasta lasertæki landsins er að finna í Heilsuvernd í Glæsibæ. Þar er boðið upp á varanlega háreyðingu auk ýmissa annarra lasermeðferða sem vinna meðal annars bug á háræðasliti, litabreytingum í húð og sveppasýkingum í nöglum.

Kosturinn við lasermeðferð er sá að hún er fljótleg, nær sársaukalaus og skilar í flestum tilvikum varanlegum árangri við að fjarlægja hár," segir Teitur Guðmundsson læknir og framkvæmdastjóri Heilsuverndar í Glæsibæ.

Mikið hefur verið fjallað um hvers konar háreyðingu en lasermeðferð er með árangursríkustu aðferðum sem notaðar eru til slíks.

„Til eru margvíslegar gerðir lasertækja en þau sem talin eru öflugust við háreyðingu eru af svokallaðri NdYag- og Alexandrite-gerð," útskýrir Teitur.

Við meðferð í slíkum tækjum er hárum eytt með hitaálagi þar sem beitt er ákveðinni bylgjulengd auk þess sem hægt er að stýra orku og tímalengd geislans.

„Með þeim hætti er hægt að tryggja örugga meðferð, góðan árangur og varanlega háreyðingu hjá flestum einstaklingum," segir Teitur.

Engin takmörk eru á því hvar hægt er að eyða hárum á líkamanum.

„Svæðin geta þó verið mismunandi viðkvæm, auk þess sem fjöldi skipta til fullnægjandi árangurs getur verið breytilegur. Almenna reglan er sú að því dekkri sem hár eru því auðveldara er að eiga við þau en erfiðast er að beita laser gegn mjög ljósum eða gráum hárum."

## Lasermeðferð við húðkvillum

Í Heilsuvernd nýtur mestra vinsælda að láta fjarlægja hár af fótleggjum kvenna, holhöndum og bikinísvæði.

„Karlmenn láta hins vegar eyða hárum á bringu, baki og víðar," upplýsir Teitur.

Laserinn í Heilsuvernd er sá nýjasti og öflugasti sinnar tegundar á Íslandi. Auk háreyðingar er boðið upp á ýmsar aðrar lasermeðferðir.

„Dæmi um kvilla sem hægt er að meðhöndla með lasermeðferð er háræðaslit, litabreytingar í húð og síðast en ekki síst sérstök meðferð sem beinist gegn sveppasýkingum í nöglum. Það er býsna hvimleitt og algengt vandamál hér á landi. Lasernotkun gegn sveppasýkingum er vaxandi víða um heim þar sem hún hefur sýnt góða virkni og kemur í veg fyrir aukaverkanir sem lyf í slíkri meðhöndlun geta valdið," segir Teitur.

Heilsuvernd er í Glæsibæ, Álfheimum 74. Sjá nánari upplýsingar á www.hv.is




Teitur Guðmundsson, læknir og framkvæmdastjóri Heilsuverndar, við nýjasta og öflugasta laser landsins. MYND/GVA

> „Dæmi um kvilla sem hægt er að meðhöndla með lasermeðferð er háræðaslit, litabreytingar í húð og síðast en ekki síst sérstök meðferð sem beinist gegn sveppasýkingum í nöglum. Það er býsna hvimleitt og algengt vandamál hér á landi.




Með lasermeðferð er meðal annars hægt að fjarlægja hár með varanlegum árangri og lagfæra háræðaslit, litabreytingar í húð og sveppasýkingar í nöglum. MYND/VALLI

# Ný og byltingarkennd vara

Protein Essence er ný vara frá SciTec Nutrition sem hjálpar líkamanum að auka náttúruleg próteinferli svo að hann eigi auðveldara með að byggja upp vöðvamassa og flýta endurheimt eftir æfingu. Varan fæst í Sportlífi í Glæsibæ, Smáratorgi, Holtagörðum og á sportlif.is.

Protein Essence hjálpar fólki að byggja upp vöðva á algjörlega nýjan hátt,“ segir Gunnar Vilhelmsson, verslunarstjóri Sportlífs í Glæsibæ. Gunnar er lærður einkaþjálfari og nemi í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík.

„Þessi vara inniheldur Bio-Active-peptíð sem auka vöðvavöxt og flýta fyrir endurheimt. Peptíðin eru klofin prótín sem eru unnin úr hágæða kúabroddi. Þau eru síðan aðskilin og samanþjöppuð til að mynda þessa blöndu,“ útskýrir Gunnar.

Að sögn hans inniheldur Protein Essence allar þær níu amínósýrur sem líkaminn þarf úr fæðunni ásamt broddi, hágæða mjólkurprótíni, L-karnitíni, L-tartrati, Beta-alaníni, táríni og C-vítamíni.

## Protein Essence hentar öllum

„Þessi vara er fyrir konur jafnt sem karlmenn sem vilja byggja upp vöðvamassa, viðhalda vöðvamassa eða flýta fyrir endurheimt eftir æfingar,“ segir Gunnar. Hann segir hvern skammt innihalda aðeins 34 kaloríur, enga fitu, nánast engin kolvetni (2,4 g) en mikið af prótínum og Bio-Active-peptíðum.

„Þar af leiðandi hentar þessi vara þeim sem vilja byggja upp hreinan vöðvamassa og eru jafnvel að skera niður fitu.“

## Sportlíf á Smáratorgi

Sportlíf rekur nú þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Nýjasta verslunin var opnuð á Smáratorgi í lok síðasta árs en fyrir eru verslanir í Glæsibæ og Holtagörðum auk þess sem netverslun Sportlífs á www.sportlif.is er hin glæsilegasta. „Síðan sendum við vörur frítt út um allt land,“ upplýsir Gunnar.

## Gott verð og mikið úrval

„Okkar markmið er að bjóða upp á fæðubótarefni á betra verði, eitt besta úrvalið af vörum og góða þjónustu,“ segir Gunnar og bætir við að starfsfólk Sportlífs hafi víðtæka þekkingu og reynslu á sviði fæðubótarefna og leggi mikið upp úr því að gera vel við viðskiptavininn.

„Við finnum út hvaða vörur henta fólki best út frá þeirra eigin markmiðum,“ segir hann og hvetur alla til að kíkja í Sportlíf og fá ráðgjöf.

## Nánari upplýsingar

Sportlíf á facebook: www.Facebook.com/sportlif

Heimasíða Sportlífs: www.Sportlif.is

Nánari lýsingu á Protein Essence er að finna á heimasíðu Sportlífs.



Þær Magnea Gunnarsdóttir, keppandi í módelfitness, og Katrín Edda Þorsteinsdóttir, Íslandsmeistari í módelfitness, eru báðar styrktar af Sportlífi.



Gunnar Vilhelmsson, verslunarstjóri Sportlífs í Glæsibæ, mælir með Protein Essence. Gunnar er lærður einkaþjálfari og nemi í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík. MYND/GVA

SPORTLIF.IS

## Um SciTec Nutrition

- SciTec eru leiðandi á fæðubótarmarkaðnum í Evrópu og selja yfir 1.500 tonn af próteini árlega. Þeir bjóða upp á 200 vörutegundir með 700 mismunandi brögðum og í fjölbreyttum stærðum.
- SciTec Nutrition framleiðir sínar eigin vörur og eru allar vörurnar GMP (good manufacturing practice) vottaðar, framleiddar með ISO 22000 og Certified Food Safety (HACCP) stimplunum. Vörurnar eru allar „Doping Free“ og því geta allir íþróttarmenn tekið vörurnar með fullri vissu um að þeir standist öll lyfjapróf.
- SciTec tryggir gæði. Fyrirtækið birtir á heimasíðu sinni niðurstöður úr rannsóknum á hverri einustu framleiðslulotu á próteinum sem þeir framleiða í þeirra eigin verksmiðju þar sem fullvissað er um gæði og hreinleika á vörunum þeirra.
- Sportlíf er umboðsaðili SciTec Nutrition á Íslandi.



# Þetta á eftir að enda með ósköpum

Ari Eyberg, mannauðsráðgjafi hjá Intellecta, æfir nú stíft fyrir Járnkarlinn í Kaupmannahöfn. Hann er nýgræðingur í þríþraut og kunni varla skriðsund þegar hann mætti á fyrstu æfinguna fyrir um einu og hálfu ári. Hann segir markmiðið ekki að slá heimsmet heldur sé það vegferðin sem skipti máli. Stuðningur fjölskyldunnar sé nauðsynlegur við undirbúninginn.

Ég hafði aldrei verið í úthaldsíþróttum áður, bara farið í ræktina eins og flestir. Mörgum finnst ég full brattur að ætla í heilan Járnkarl en ég fór að æfa þríþraut fyrir einu og hálfu ári," segir Ari Eyberg, mannauðsráðgjafi hjá Intellecta, en hann æfir nú af kappi fyrir Járnkarlinn í Kaupmannahöfn, sem fram fer í ágúst.

Járnkarlsævintýrið hófst þegar Ari „lufsaðist gegnum hálft maraþon" eins og hann orðar það, sumarið 2012. Eftir það varð ekki aftur snúið.

„Ég hafði heyrt af þríþraut en hélt að þar væri einungis ofurfólk sem ég hefði ekki roð við. Ég fór samt að mæta á sundæfingar hjá Ægi og komst að því að ég kunni ekki skriðsund. Ég skellti mér því líka á skriðsundsnámskeið."

> **„Þetta geta orðið níu æfingar í viku. Ég er í fullri vinnu og á fjögur ung börn. Þetta væri aldrei hægt nema með miklum stuðningi fjölskyldunnar og konan mín er stuðningsmaður minn númer eitt, tvö og þrjú."**

Ægir reyndist Ara frábær félagsskapur. Hann segir jákvæða og hvetjandi stemningu einkenna félagið og sumarið 2013 ákvað hann að fara í hálfan Járnkarl. Það tókst og eftir það það lá beinast við að fara í heilan Járnkarl næst.

„Maður þarf að hafa eitthvað að dunda við," segir Ari hlæjandi. „Það seldist upp á sex og hálfum tíma í Járnkarlinn í Kaupmannahöfn og ég fékk miða. Nú taka við nokkrar keppnir hér heima og stífar æfingar," segir Ari og viðurkennir að það geti verið áskorun að koma æfingaplaninu heim og saman við vinnu og fjölskyldulíf.

„Þetta geta orðið níu æfingar í viku. Ég er í fullri vinnu og á fjögur ung börn. Þetta væri aldrei hægt nema með miklum stuðningi fjölskyldunnar og konan mín er stuðningsmaður minn númer eitt, tvö og þrjú! Sjálf æfir hún um það bil sex sinnum í viku en það vill svo til að hún er A-manneskja og er mætt í leikfimi klukkan 6 á morgnana. Ég er B-maður og fer á æfingar seinni partinn og á kvöldin. Helgarnar nýti ég í lengri æfingar og er þá að hjóla í þrjá til fjóra tíma. Hlaupaæfingarnar geta tekið frá einum og upp í þrjá tíma."

En hvað tekur við eftir Járnkarlinn í Kaupmannahöfn?

„Það er það sem ég óttast mest," segir Ari hlæjandi. „Þetta á eftir að enda með ósköpum. Margir fara út í það að safna Járnkörlum. En þetta er dýrt sport, græjurnar geta verið dýrar og svo fylgir því kostnaður að taka þátt í keppni erlendis. Ég er ekki alveg búinn að tapa glórunni enn. Ég geri mér líka grein fyrir því að ég mun ekki slá nein heimsmet þarna úti. Fyrir mér er það vegferðin sem skiptir máli."



Ari Eyberg æfir stíft fyrir Járnkarlinn sem fram fer í Kaupmannahöfn í ágúst. Hann hélt að einungis ofurfólk stundaði þríþraut og kunni varla skriðsund þegar hann byrjaði að æfa með Ægi.

MYND/GVA




## Algjört undraefni

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum," segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun voru öll einkennin horfin.




„Nú sef ég samfelldan svefn, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni."



## Betra blóðflæði

Eftir fertugt framleiðir líkaminn 50% minna **Nitric Oxide.** **SUPERBEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, ***20%*** meira þrek orka og úthald. Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna. **Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu. ***Einkaleyfi Neogenis Labs á rauðrófukristall tryggir einstaka yfirburði og virkni af nitrite sem umbreytist í Nitric Oxide í líkamanum .*** Gott bragð ein teskeið blandað í vatn 100 ml sem jafngildir einni flösku 500 ml af rauðrófusafa. ***Varist eftirlíkingar.***




Umboð: vitex - www.superbeets.is Fæst í Apótekum og heilsubúðum






Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Culiacan
MEXICAN GRILL

# HÆTTU Í MEGRUN
# VERTU FIT



FIT réttirnir eru hannaðir með Alexöndru Sif, þjálfara hjá "Betri Árangur.is" sem hjálpað hefur fjölda kvenna að komast í sitt besta form. Þar er lögð áhersla á hreinan mat; próteinríkan og fitusnauðan. Þjálfararnir, sem allir eru með mikla reynslu af líkamsrækt, vilja að heilbrigt mataræði sé hluti af lífsstílnum en ekki kúr. Hættu í megrun og vertu FIT.



## FIT kjúklingasalat

Grillaðar kjúklingalundir, kál, ferskt salsa, kornsalsa, svartar baunir, rifinn ostur og létt sósa. Borið fram í bakaðri tortilluskál.

430 kcal. **1.790 KR**



## FIT kjúklingaspjót

Grilluð kjúklingaspjót, mexíkó-hrísgrjón, ferskt salsa, kornsalsa, svartar baunir, rifinn ostur (9%) og guacamole.

420 kcal. **1.790 KR**

Culiacan, Suðurlandsbraut 4a. s. 533 1033 culiacan.is   Culiacan HollurogGóður





## GENETÍSKT NÆTURÁT

**Þeir sem vakna glorhungraðir** um nætur geta kennt genum sínum um. Það sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar sem birtar voru í tímaritinu Cell Reports.

**Næturát er heilkenni sem nýlega var skilgreint** sem átröskun. Orsakir eru óþekktar. Á milli eitt til tvö prósent manna eiga við þennan vanda að etja; þeir vakna um nætur og geta ekki sofnað á ný nema þeir hafi fengið sér eitthvað bitastætt í gogginn. Nætursnarlið er yfirleitt óhollt og hitaeiningaríkt og leiðir til ofáts, þyngdaraukningar og offitu.

**Rannsóknin tók til músa sem voru ræktaðar með stökkbreyttu geni** sem stjórnar líkamsklukku manna. Þá vöknuðu þær um nætur til að éta, á sama tíma og mýs eru vanalega í fasta svefni. Rannsakendur telja að gen, sem annars vegar stýra svefni og hins vegar áti, vinni saman að jafnvægi svefn- og matarmynsturs og að galli í öðru hvoru geni orsaki truflun á svefni og matarþörf manna.

## LÍFSGLEÐI LENGIR LÍFIÐ

Ef þú trúir á lífið þá lifir þú lengur, er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem gerð var við háskólann Rochester Medical Center í Bandaríkjunum og Carleton háskólann í Kanada. Svarendur voru 7.000 á aldrinum 20–75 ára. Könnunin var unnin á löngu tímabili og 560 þátttakendur létust á meðan á henni stóð. Þátttakendur þurftu meðal annars að útskýra fullyrðingar eins og „sumir fara í gegnum lífið án þess að setja sér markmið, ég er ekki einn af þeim" eða „stundum finnst mér ég hafa gert allt sem mig langar til að gera."

Könnunin þótti sanna að þeir sem misst hafa lífsgleðina deyja yngri en þeir sem hafa eitthvað að lifa fyrir, eru jákvæðir og spaugsamir. Sama hversu gamall þú ert, lífsgleðin og að kunna að njóta lengir lífið, sögðu vísindamennirnir.





## NÝJAR OG HOLLAR TEGUNDIR

**Nú fer að líða að mesta uppskerutíma ársins** á íslensku grænmeti. Undanfarin ár hafa íslenskir garðyrkjubændur hafið ræktun á mörgum nýjum grænmetistegundum sem eru allt í senn hollar, bragðgóðar og spennandi að prófa.

**Fyrst má nefna fjallaspínat sem er ræktað allt árið**. Það er bragðsterkara og stinnara en hefðbundið spínat. Dökk blöðin setja auk þess skemmtilegan svip á salatið og samlokuna. Það er ríkt af steinefnum og inniheldur mikið magn A- og C-vítamíns.

**Hnúðkál er einstaklega bragðgott og hentar vel** sem snakk og millimál. Það má elda á svipaðan hátt og rófur, t.d. gufusjóða eða útbúa stöppu. Einnig er gott að snöggsteikja það á pönnu eða útigrilli. Hnúðkálið fæst í júlí og fram í lok september.

**Sæt paprika er frábrugðin þeirri hefðbundnu í útliti og minnir meira á ofvaxið chili**. Uppskerutími hennar er frá júlí fram í lok október. Himna og fræ paprikunnar eru fjarlægð enda er hún mun bragðsterkari en hefðbundin paprika. Gott er að nýta hana sem álegg eða út í salatið og hún er ljúffeng á grillið eins og aðrar paprikur. Sæta paprikan er mjög C- og A- vítamínrík.

*Heimild: www.islenskt.is.*



## Húsbílar




## Bílaþjónusta




**B.S.VERKTAKAR**

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Fellihýsi




## Varahlutir

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**
Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Opel. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia, Renault, Volvo S40-S70, Mazda 323. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Ræstingar



**KÚKUR Í ÓSKILUM**
Eigandi hunds af stærri gerðinni er beðinn að koma að biðskylduskiltinu við norðvesturhorn Klambratúns. Vinsamlegast hafið með plastpoka. Af hverju er rusl í Reykjavík?

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja

**Sælugarðar.is**
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að *kostnaðarlausu!*
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**ÚÐI**
Garðaúðun fyrir maðki og lús
Brandur Gíslason
Skrúðgarðyrkjumeistari
S: 571-2000

**GARÐLIST** ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA 554 1989 www.gardlist.is

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

Tek að mér að fella og farga trjám. Snögg og öflug þjónusta. Arne s: 696-0006

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**ÞAK OG HÚSAMÁLUN**
Alhliða málningarþjónsuta. Fagmennska og góð umgengni. Uppl. í s. 695 4464 Ágúst málari.

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Frí verkskoðun og tilboð. s. 8919890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Húsaviðhald

**VIÐHALD** fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



▶ Eyjunni þar sem áform Landsbankans voru til umræðu. Ráðherra sagðist þar vilja sjá lágreista byggð við hlið Hörpu.

„Við ráðum ekki skipulagsmálum, það er á hendi borgarinnar. Okkar markmið er, ef við byggjum yfir miðlæga starfsemi bankans, að hanna bygginguna þannig að vel fari innan þess ramma sem skipulagsyfirvöld eru búin að setja og að hún falli sem best að umhverfinu. Það er heldur seint að fara að endurskoða skipulag á reitnum því það er búið að selja þessar lóðir og aðilar eru komnir af stað. Á þessu ári er líklegt að framkvæmdir hefjist á flestum hinna reitanna,“ segir Steinþór.

Hann bætir við að hlutafélagið Landsbankinn eigi að vera rekið samkvæmt lögum og ákveðinni aðferðafræði sem gangi út á að félagið sé með sjálfstæða stjórn og aðkoma hluthafa eigi sér fyrst og fremst stað á hluthafafundum.

„Við erum ekki á fjárlögum og starfsmenn Landsbankans eru ekki ríkisstarfsmenn. Aðkoma stjórnvalda er takmörkuð og það á að vera þannig samkvæmt þeim leikreglum sem Alþingi er búið að setja. Ég held að það væri ekki góð þróun ef 63 þingmenn færu að stjórna Landsbankanum.“

### Fáar aðrar lóðir komi til greina

Bygging nýrra höfuðstöðva Landsbankans hefur verið rædd frá níunda áratug síðustu aldar. Hugmyndavinnan fór aftur af stað fyrir um fjórum árum og á þeim tíma hefur bankinn skoðað margar lóðir og byggingar og leitinni er að sögn Steinþórs ekki enn lokið.

„Við leituðum til borgarinnar fyrir nokkrum árum og spurðum hvar hægt væri að koma fyrir banka. Borgin gat ekki bent á marga staði en gat bent á Austurhöfnina. Svo þegar Sítus auglýsti þessa lóð, og við sáum að allar hinar lóðirnar voru farnar, þá ákváðum við að festa okkur hana til að eiga valmöguleika.“

Steinþór segir fáar lóðir og byggingar koma til greina. Bankinn hafi skoðað bæði tilbúnar byggingar og aðrar í byggingu en að stjórnendur hans vilji ekki fara úr núverandi húsnæði í annað sem henti starfseminni lítið betur eða alls ekki.

„Síðan kitlar saga Landsbankahússins í Austurstræti okkur. Við myndum helst vilja tengja okkur við það og nýta það áfram með einhverjum hætti. Hér eigum við eign sem erfitt er að verðmeta sem hefur verið andlit eða táknmerki bankans og við sjáum hag í því að vera nálægt henni.“

Steinþór segir heildarkostnað framkvæmda vegna nýrra höfuðstöðva á Hörpureitnum ekki meiri en ef húsið yrði byggt á öðrum ódýrari stað. Lóðin sé vissulega dýr en á móti komi að gatnagerðargjöld séu innifalin í verðinu, búið sé að grafa grunninn og staðsetningin í miðbænum hafi kosti sem vegi á móti lóðaverðinu.

„Svo vitum við ekki hvernig svona fyrirtæki eins og Landsbankinn verður eftir tuttugu eða fimmtíu ár. Ef við segjum sem svo að við vildum losa okkur við einhvern hluta af nýrri byggingu eftir einhvern tíma þá vilja fasteignasalar sem við höfum rætt við meina að fasteignaverð muni halda sér betur hér í miðborginni og jafnvel hækka miðað við að byggja skrifstofubyggingu á öðrum stöðum.“

### Enginn stór fundarsalur

Núverandi höfuðstöðvar bankans henta eins og áður segir ekki þeirri starfsemi sem þar fer fram að mati Steinþórs. Annað dæmi sem hann nefnir er að í höfuðstöðvunum er enginn fundarsalur fyrir fleiri en tuttugu manns.

„Hér vantar stór og opin rými þar sem fólk getur unnið saman eins og nútímastarfsemi kallar á. Við þurfum að fara út úr húsi til að halda fundi fyrir fleiri en 20 manns og þú finnur varla fyrirtæki af þessari stærðargráðu á Íslandi sem er ekki í nýlegu húsnæði,“ segir Steinþór.

Hann segir bankaráð Landsbankans ætla að taka ákvörðun á næstu mánuðum um hvort og þá hvar farið verður í framkvæmdirnar. Ef af þeim verði taki síðan við nokkurra ára hönnunar- og framkvæmdavinna.

„Við leggjum mikla áherslu á að það verði lagður góður tími í það. Við höfum á síðastliðnum fjórum árum fækkað útibúum um 40 prósent og minnkað húsnæði þeirra um 30 prósent. Við höfum dregið úr kostnaði alls staðar í bankanum, fækkað starfsfólki og leitað annarra leiða hvar sem við getum til að búa okkur undir framtíðina. Næsta skref er að hagræða í húsnæðismálum og allar okkar tölur benda til að þessi framkvæmd yrði hagkvæm.“

## Lóðin samkvæmt nýju deiliskipulagi




**TEIKNING AF SVÆÐINU** Landsbankinn keypti svokallaðan reit 6 við Austurhöfnina af Sítusi ehf., dótturfélagi Reykjavíkurborgar og ríkisins. MYND/BATTERÍIÐ ARKITEKTAR

## TÍMALÍNA Bankinn óskaði eftir lóð í ágúst í fyrra

**22. ÁGÚST 2013** Bréf Steinþórs Pálssonar bankastjóra, þar sem óskað var eftir lóð við hlið Hörpu, lagt fram í borgarráði.

**28. OKTÓBER 2013** Stjórn Sítusar ehf. ákveður að auglýsa til sölu þá lóð sem Landsbankinn keypti á endanum í stað þess að semja einungis við bankann.



**19. MARS 2014 Tryggvi Pálsson**, formaður bankaráðs Landsbankans, sagði á aðalfundi bankans að ráðið væri einróma þeirrar skoðunar að húsnæðisvanda bankans þyrfti að leysa.

**6. MAÍ 2014 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** forsætisráðherra segir í ræðustól á Alþingi að sér þyki áform Landsbankans „sérkennileg“. „Ég skal alveg viðurkenna það að mér þykir óneitanlega mjög sérkennilegt þegar menn eru farnir að velta því fyrir sér, einungis fimm árum eftir að bankinn komst í þrot og skrapp í framhaldinu af því mikið saman, að fara að byggja nýjar höfuðstöðvar,“ sagði Sigmundur.

**13. MAÍ 2014** Tilkynnt um kaup Landsbankans á lóðinni. Kaupverðið er sagt vera 957 milljónir króna.



ágúst 2013 | september 2013 | október 2013 | desember 2013 | janúar 2014 | febrúar 2014 | mars 2014 | maí 2014





Við kunnum vel að meta endurtekningar...

> Sendibílar ársins 2013 og 2014

Einn sigur er glæsilegur árangur, tveir sigrar eru enn betri! Ford er fyrsti framleiðandinn til að vinna titilinn Sendibíll ársins - International Van of the Year tvö ár í röð. Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.

FORD **TRANSIT CONNECT**
FRÁ **2.382.470** KR. ÁN VSK

FORD **TRANSIT CUSTOM**
FRÁ **3.498.008** KR. ÁN VSK

KOMDU OG PRÓFAÐU SENDIBÍLA ÁRSINS

International Van of the Year 2013 – Transit Custom
International Van of the Year 2014 – Transit Connect
Euro NCAP – Test 2013

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.990.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.250.000 m/vsk.
Ford Transit Connect með 1,6TDCi dísilvél og Start-Stop spartækni uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. $CO_2$ losun 183 g/km. Verð frá 4.390.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Snyrtifræðin kemur sér vel í starfinu

***Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, vinnur nú að hönnun nýrrar verslunar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún er með doktorspróf í alþjóðlegum viðskiptum en ætlaði upphaflega að verða læknir.***

**SVIPMYND**
**HARALDUR GUÐMUNDSSON**
haraldur@frettabladid.is



**FORFALLIN** Ásta fór að stunda stangveiði fyrir nokkrum árum og nú dreymir hana um sportið á nóttunni. MYND/ÓLI HAUKUR

Ásta Dís Óladóttir hefur starfað sem framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar í tæp fjögur ár. Hún vinnur nú ásamt öðru starfsfólki fyrirtækisins að hönnun nýrrar verslunar í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

„Við snerum öllu á hvolf í komuverslun Fríhafnarinnar í fyrra og færðum áfengið fremst í búðina. Það er að skila sér í mikilli aukningu í sölu til útlendinga og ég geri ráð fyrir að við förum í svipaðar breytingar á efri hæðinni,“ segir Ásta.

Fríhöfnin rekur einnig fataverslunina Duty Free Fashion og tekur nú þátt í útboði Isavia vegna verslunar- og veitingareksturs í flugstöðinni.

„Svo er sumartraffíkin að byrja og við vonum að það takist að leysa úr þessum verkfallsmálum svo traffíkin gangi snurðulaust fyrir sig.“

Ásta er með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun og doktorspróf í alþjóðlegum viðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Hún starfaði áður sem dósent í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst og sem forstöðumaður Rannsóknaseturs um alþjóðleg viðskipti og forseti viðskiptadeildar skólans. Þar á undan var hún aðjúnkt við viðskiptadeild Háskóla Íslands og markaðs- og kynningarstjóri deildarinnar.

„Það sem að færri vita er að ég fór í sjúkraliðanám og ætlaði alltaf að verða læknir. Svo hugsaði ég, nei, veistu, ég nenni ekki að vera of lengi í háskóla. Mér fannst læknisfræðin alltof langt nám en endaði svo í doktorsnámi,“ segir Ásta og hlær.

„Svo er ég förðunarfræðingur líka og það nýtist afar vel í starfinu því ég fer alltaf reglulega niður í búð að selja.“

Ásta hefur einnig setið í stjórnum fjölmargra fyrirtækja, þar á meðal SpKef sparisjóðs, Mentors og Húsasmiðjunnar. Hún er gift Jakobi Bjarnasyni, starfsmanni skilanefndar Landsbankans og sameiginlega eiga þau sjö börn.

„Maðurinn minn smitaði mig af laxveiðibakteríunni fyrir nokkrum árum. Ég er eiginlega orðin forfallnari heldur en hann, því mig er farið að dreyma þetta og þá skiptir engu hvort það er lax, silungur eða sjóstöng. Ég ætla að fara í fyrsta skipti í opnunarholl í Blöndu nú í byrjun júní. Ég hef alltaf farið í lok júlí en ég er orðin þannig að ég get ekki beðið.“

## Blómstrar í kaupmannshlutverkinu



„Ég kynntist Ástu fyrst þegar hún hóf störf á Bifröst sem deildarforseti viðskiptadeildar. Það voru ferskir vindar sem fylgdu henni. Það er hennar einkenni, finnst mér, að hún er fersk og alltaf að og alltaf með einhverjar skemmtilegar hugmyndir í kollinum. Hún er góður vinur og gestgjafi og er dugleg við að bjóða heim. Þannig að maður skuldar henni endalaus matarboð og partí. Það voru vissulega ákveðin vonbrigði þegar hún ákvað að fara frá Bifröst, fyrir okkur sem unnum með henni, en um leið sá maður hana blómstra í kaupmannshlutverkinu í Fríhöfninni og það hefur verið gaman að fylgjast með því hvernig hún hefur rifið verslunina upp.“

**Bryndís Hlöðversdóttir**
starfsmannastjóri á Landspítalanum



„Ásta er metnaðargjarn orkubolti með ótrúlega frjótt hugmyndaflug. Hún hrindir verkefnum auðveldlega í framkvæmd, setur sér markmið sem engum öðrum dettur í hug og hefur einstakt lag á að fá fólk til að vinna með sér að ná árangri. Ásta kemur mér stöðugt á óvart og dettur ótrúlegustu hlutir í hug, hjólar á milli funda í París og manar mig í plankakeppni á furðulegustu stöðum. Hún er samkvæm sjálfri sér, eldklár, stórskemmtileg og mikill húmoristi. Hún er ekki bara sanngjarn og góður yfirmaður heldur einnig traust vinkona sem sem er bæði gott að leita til og nauðsynlegt að eiga að.“

**Ásta Friðriksdóttir**
fjármálastjóri Fríhafnarinnar.

# Starfsmönnum Betware fjölgi um 40%

***Stefán Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri Betware, segir að starfsmönnum hugbúnaðarfyrirtækisins muni hafa fjölgað úr 117 í 168 við næstu áramót. Samstarfið við Novomatic, sem keypti 90% í fyrirtækinu, hefur gengið vel.***

**VIÐTAL**
**STEFÁN ÓLI JÓNSSON** | stefan@365.is




**STOFNAÐI FYRIRTÆKIÐ** Stefán Hrafnkelsson seldi sextán prósenta hlut sinn í Betware í nóvember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsemi hugbúnaðarfyrirtækisins Betware hefur tekið stakkaskiptum allt frá kaupum austurrísku fyrirtækjasamsteypunnar Novomatic á 90 prósenta hlut í fyrirtækinu í nóvember á síðasta ári.

Kaupverðið var trúnaðarmál en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það á bilinu tveir til þrír milljarðar króna. Kaupin voru þá stærsta erlenda fjárfestingin hérlendis frá hruni.

Nú, hálfu ári síðar, segir Stefán Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri og fyrrum aðaleigandi Betware, samstarfið við Novomatic hafa gengið framar björtustu vonum. Eftir brösugan rekstur árið 2012 hafi tekist að snúa blaðinu við svo um munaði og segir Stefán að síðasta rekstrarár hafi verið það besta frá stofnun fyrirtækisins árið 1998.

Betware sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir lottó-leiki á netinu og hefur fyrirtækinu í kjölfar kaupa Austurríkismannanna tekist að leggja áherslu á fleiri vöruflokka innan geirans en áður, til að mynda á rafræna skafmiða og spilakassa. Fyrirtækið hefur tvær starfsstöðvar, aðra hérlendis og hina í Serbíu, og á hvorri stöðinni starfa tvö framleiðsluteymi. Eftir kaup Novomatic hefur starfsemi fyrirtækisins fært út kvíarnar í báðum löndunum.

„Við áætlum að starfsfólki fyrirtækisins muni fjölga um 40 prósent á þessu ári, þar af verður mesta fjölgunin í röðum þeirra sem sinna vöruþróun fyrirtækisins frá Íslandi,“ segir Stefán.

Starfsmenn Betware voru um 117 talsins í upphafi árs en áætlað er að þeir verði um 168 þegar 2015 gengur í garð. Alls 24 hafa nú þegar hafið störf hjá fyrirtækinu.

Stefán segir stækkun fyrirtækisins gera því kleift að leggja aukna áherslu á vöruþróun sem muni koma til með að auka samkeppnishæfni Betware í framtíðinni. Samstarfið við Novomatic hafi meðal annars gert það að verkum að Betware hafi náð að laða til sín starfsfólk frá helstu keppinautum sínum.

„Betware hefur allt frá stofnun fyrirtækisins lagt áherslu á að selja vöru sína til Evrópu og Kanada en með kaupum Novomatic og útvíkkun starfseminnar í Serbíu hefur æ ríkari áhersla verið lögð á sölu til landa á Balkanskaganum,“ segir Stefán

„Eftir að við komumst undir Novomatic-hattinn fengum við aðgang að gríðarstóru söluneti fyrirtækisins.“

Ljóst er að Balkanskaginn er forráðamönnum fyrirtækisins hugleikinn. Til að mynda hafa starfsmenn Betware staðið að peningasöfnun fyrir fórnarlömb flóðanna á Balkanskaga á liðnum vikum og hefur safnast um hálf milljón króna.

Betware lenti á dögunum í sjötta sæti meðal stórra fyrirtækja í vali VR á fyrirtæki ársins.

„Það var mikil viðurkenning og þrátt fyrir uppganginn á síðasta ári stefnir fyrirtækið enn lengra. Við þurfum enn nokkur ár til að komast á það flug sem Betware vill komast á,“ segir Stefán hvergi banginn.

> Eftir að við komumst undir Novomatic-hattinn fengum við aðgang að gríðarstóru söluneti fyrirtækisins.

# SONOS

## FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM




**Hvað er SONOS?**

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfallt í uppsetningu.

Spotify   Google play

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Verkfall flugmanna ekki aðeins mál þeirra sjálfra heldur þjóðarinnar allrar:

# Ábyrgðarleysi flugmanna

Áætlað er að tjón þjóðarbúsins vegna verkfalls flugmanna, þá daga sem það varaði, hafi verið um 900 milljónir til einn milljarður króna á dag. Það eru tekjur Icelandair og afleiddar tekjur ferðaþjónustunnar. Um 70 prósent allra flugferða til og frá landinu eru á vegum Icelandair.



**Markaðshornið**
Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Að þessu virtu væri jafnframt skynsamlegt fyrir stjórnendur Icelandair að búa sér til áætlanir fram í tímann ef annað verkfall flugmanna skyldi skella á næsta haust, en þeir hafa samið til 30. september. Höggið yrði auðvitað minna því þetta yrði utan háannatíma.**

Landsbankinn hefur tvívegis unnið skýrslur um verðmæti ferðaþjónustunnar á síðustu árum. Annars vegar skýrslu fyrir árið 2011 og á síðasta ári kom svo greining fyrir tímabilið 2011–2013. Sérfræðingar bankans spáðu því að ferðaþjónustan færi fram úr sjávarútvegi í útflutningstekjum þjóðarbúsins. Sú spá rættist fyrr á þessu ári þegar tölur fyrir árið 2013 lágu fyrir. Þá gerðist það í fyrsta sinn að ferðaþjónustan varð stærsta atvinnugrein landsins, og um leið sú mikilvægasta, þegar útflutningstekjur eru annars vegar. Gjaldeyristekjur þjóðarbúsins vegna ferðaþjónustu námu alls 274 milljörðum króna í fyrra, sem er meira en vegna sjávarútvegs.

Að þessu virtu er verkfall flugmanna ekki aðeins mál þeirra sjálfra og Icelandair. Það er mál þjóðarinnar allrar. Endurgreiðsluvandi þjóðarbúsins (stundum nefndur greiðslujafnaðarvandi), þ.e. sú staðreynd að þjóðarbúið framleiðir ekki nægan gjaldeyri til að mæta afborgunum lána í framtíðinni, er vandamál allrar þjóðarinnar. Ísland þarf á öllum þeim gjaldeyri að halda sem landið getur aflað. Að skera á slagæð stærstu gjaldeyrisframleiðsluvélar þjóðarbúsins á þessum tíma er ekki aðeins óábyrgt, það er forkastanlegt.

Í ályktun félagsfundar Samtaka ferðaþjónustunnar, sem var samþykkt eftir að Alþingi samþykkti lög á verkfall flugmanna, kom fram að það væri ólíðandi að stærstu útflutningsatvinnugrein landsins og almannahagsmunum væri stefnt í voða þegar stærsta ferðamannasumar sögunnar væri hafið.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja (e. corporate social responsibility) er í tísku, en það eru ekki bara fyrirtækin sjálf í atvinnulífinu sem þurfa að sýna samfélagsábyrgð heldur líka starfsfólkið, venjulegt fólk. Starfsfólk Icelandair vinnur hjá þjóðhagslega mikilvægu fyrirtæki. Þetta starfsfólk getur ekki beitt rörsýn þröngra eiginhagsmuna á stöðu sína. Það verður að horfa á hana í stærra samhengi.

Verkfallsrétturinn er eðlilegt úrræði til að knýja fram kjaraleiðréttingu þegar öll önnur þrýtur. Hins vegar verða flugmenn, og flugliðar sem sömdu á mánudag, að hugsa sig tvisvar um, ef ekki þrisvar. Það sama gildir um stjórnendur Icelandair og Icelandair Group. Menn þurfa að kyngja stoltinu og semja þá tímabundið. Allt til að afstýra verkfalli.

Að þessu virtu væri jafnframt skynsamlegt fyrir stjórnendur Icelandair að búa sér til áætlanir fram í tímann ef annað verkfall flugmanna skyldi skella á næsta haust, en þeir hafa samið til 30. september. Höggið yrði auðvitað minna því þetta yrði utan háannatíma.

Icelandair er fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri og þjóðhagslega mikilvægt fyrir Ísland. Og ferðaþjónustan, stærsta atvinnugrein landsins, er háð því að samgöngur til og frá landinu séu greiðar. Við getum ekki lokað landinu og skrúfað fyrir gjaldeyrisinnstreymið, þótt það sé aðeins tímabundið. Það eru of miklir hagsmunir í húfi.

## Hraðbankar Bitcoin komnir í Spilavítin í Vegas




**SPILAVÍTIÐ THE D Í LAS VEGAS** í Bandaríkjunum varð í vikunni fyrsta spilavíti borgarinnar sem gefur viðskiptavinum kost á að skipta Bitcoin-gjaldmiðlinum í peningaseðla og öfugt. Nýr hraðbanki, Robocoin, var nýverið settur upp í spilavítinu en það hefur tekið á móti rafræna gjaldmiðlinum frá því í janúar á þessu ári. NORDICPHOTOS/AFP

# Verkföll eru tímaskekkja

**VINNUMARKAÐUR**
GUÐMUNDUR SIGURÐSSON
viðskiptafræðingur



Eitt öflugasta vopn launþegahreyfingarinnar hefur í gegnum tíðina verið að beita verkföllum ef ekki þykir nægilega vel boðið við samningaborðið. Þetta hefur oftast skilað þeim árangri fyrir rest að um semst eða stjórnvöld hafa gripið inn í og deilan hefur verið leyst með lagasetningu, úrskurði eða gerðardómi.

Verkfallsvopnið er þvingunaraðgerð sem miðast við að þrýsta á samningsvilja gagnaðila. Þegar tveir aðilar semja í launadeilu er það sjaldan þannig að báðir aðilar gangi sáttir frá borði, báðir aðilar þurfa yfirleitt að gefa eftir til að niðurstaða náist fram. Ef menn enda í þeirri stöðu við samningaborðið að of mikið ber í milli endar deilan í dag í verkfalli. Oft bitnar slíkt verkfall á þriðja aðila, sbr. verkföll á sjúkrahúsum, starfsmanna flugfélaga, kennara eða sjómanna. Fjöldinn allur af aðilum sem ekki eru í umræddri launadeilu, bæði fyrirtæki og einstaklingar, þurfa að glíma við afleiðingar hennar.

Nauðsynlegt er að launþegar hafi úrræði til að þrýsta á kjarabætur, á sama máta má slík launadeila ekki hafa þannig afleiðingar að umrætt fyrirtæki/stofnun beri of mikinn skaða af, svo ég tali nú ekki um þriðja aðila eða samfélagið í heild. Þetta er samt því miður oft afleiðing verkfalla í okkar samfélagi í dag.

Það sem vantar oft inn í þessa jöfnu er hvati fyrir báða aðila til að finna lausn og semja. Ég vil leggja til þá breytingu að verkfallsréttur í þeirri mynd sem við þekkjum hann verði afnuminn og eftirfarandi aðferð verði beitt í kjaradeilum framvegis:

1. Þegar styttist í að kjarasamningur renni út hefja samningsaðilar viðræður og reyna að ná lendingu sín á milli (eins og áður).
2. Þegar samningur rennur út (eða X mánuðum þar á eftir) þá hækkar launagreiðsla launagreiðenda og greiðsla til launþega lækkar. Þetta ástand myndi vara þar til samningar nást. Það mætti einnig hugsa sér að greiðslur yrðu stighækkandi eða stiglækkandi miðað við skilgreind tímamörk ef ekki tekst að semja.
3. Þessar viðbótargreiðslur renna hvorki í vasa launagreiðenda né launþega heldur fara í hlutlausan sjóð. Sem dæmi gæti það fjármagn sem kemur í þennan sjóð farið til að efla nýsköpun, styðja góðgerðarmálefni eða íþróttahreyfinguna svo eitthvað sé nefnt. Fjármagnið ætti samt ekki að fara í liði sem annars hefðu verið á fjárlögum og ríkið þannig sparað sér útgjöld. Vonandi yrðu framlög í þennan sjóð óveruleg.
4. Umræddum sjóði mætti ekki vera stjórnað af ríkissjóði þar sem hann hefur töluverða hagsmuni í málinu og yrði líklega stærsti greiðandi í hann.
5. Engin vinnustöðvun myndi eiga sér stað.
6. Verkalýðshreyfingin myndi hætta að safna í verkfallssjóði og þannig gætu útborguð laun hækkað til launþega sem því nemur. Hætt yrði að greiða úr verkfallssjóðum enda yrðu ekki verkföll, inneign í verkfallssjóðum mætti endurgreiða til launþega.
7. Þessi hækkun á greiðslum launagreiðenda og lækkun á greiðslum til launþega þyrfti að vera nægilega há til hafa áhrif á báða aðila en samt ekki það lág að hún skipti litlu máli. Ég myndi telja að hlutfallsbreytingin ætti að vera á bilinu 15-25%. Hver hlutfallsbreytingin á að vera getur verið mismunandi eftir kröfugerðinni og efnahagsástandinu hverju sinni.
8. Dæmi: Launagreiðandi er tilbúinn til að greiða 5% hærri laun, launþegi vill fá 12% hækkun. Samningsaðilar ná ekki saman og deilan endar í hnút. Þá myndi launagreiðandi þurfa að greiða 20% álag og launþegi taka á sig lækkun upp á 20% samkvæmt þessari aðferð.

Það sem ávinnst með þessari aðferð er að báðir aðilar hafa hvata til að semja og að sama skapi eru afleiðingar fyrir báða aðila ef ekki um semst. Enginn þriðji aðili myndi þurfa að þola afleiðingar verkfalls. Greiðslur sem myndu greiðast í slíkan sjóð myndu koma samfélaginu til góða. Þessi breyting myndi tryggja hraðari úrlausn vinnudeilna og tap samfélagsins af vinnudeilum yrði lægra.

Auðvitað er þetta ákveðin einföldun á vinnudeilum því þær snúast ekki einungis um sjálfan launaliðinn en ég vil kasta fram þessari hugmynd til sérfræðinga landsins í vinnudeilum og Alþingis til frekari útfærslu.








NET- OG HEIMASÍMI fylgir Fjölvarpi Veröld á 0 kr.

FJÖLVARP

Fjölbreytt og skemmtilegt erlent efni í einum risastórum pakka

# 67 **ERLENDAR** STÖÐVAR

Fjölvarp Veröld færir þér bíómyndir, íþróttir, fréttir, fræðslu, skemmtiþætti, náttúrulífsþætti, raunveruleikaþætti og margt, margt fleira. Þú færð **1.000 kr. afslátt** á mánuði af Fjölvarpi Veröld ef þú ert með aðra sjónvarpsáskrift hjá 365.

**Internet og heimasími fylgir Fjölvarpi Veröld í þrjú ár!**

**5.990 kr. + 0 kr.** | Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Fjölvarpi Veröld. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

MARKAÐURINN
Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**Gengi gjaldmiðla**

USD 113,14 | DKK 20,686 | NOK 19,013 | CHF 126,35
GBP 190,37 | EUR 154,4 | SEK 17,082 | JPY 1,10

**FTSE 100**
6,844.94 +29.19 (0.43%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## ÍSLENSK VARA Í THE DOCTORS

### Góð auglýsing fyrir Kerecis

Fjallað var um eina af lækningavörum fyrirtækisins Kerecis á Ísafirði í bandaríska spjallþættinum The Doctors í liðinni viku.

Varan sem um ræðir er MariGen Omega3 Wound, stoðefni til meðhöndlunar á þrálátum sárum. Fyrirtækið nýtir roð af þorski af Vestfjarðamiðum til framleiðslu á vörum sínum. „Það er því óhætt að segja að umfjöllunin hafi verið prýðis auglýsing fyrir Kerecis, jafnvel þótt nafn fyrirtækisins hafi ekki komið fyrir í þættinum heldur einungis talað um að varan væri framleidd á Íslandi," segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

## 19,9%

### Launamunur kynjanna

Óleiðréttur launamunur kynjanna á Íslandi reiknaður samkvæmt aðferðafræði evrópsku hagstofunnar Eurostat var 19,9% árið 2013 og jókst úr 18,1% árið 2012. Munurinn var 19,9% á almennum vinnumarkaði en 15,0% hjá opinberum starfsmönnum. Hjá opinberum starfsmönnum var munurinn 16,2% hjá ríki og 5,6% hjá sveitarfélögum. Hagstofan greindi frá þessu.

**26.5.2014** „Það er gaman að vera í hópi fólks og fyrirtækja sem eru að gera frábæra hluti. Tækniheimurinn sem áður einskorðaðist að stórum hluta við Silíkondalinn er orðinn dreifðari en hann var. Maður er oft spurður um þetta skandínavíska sprotavor þegar maður fer í viðtöl við bandaríska fjölmiðla. Það er því mikill heiður fyrir Plain Vanilla að vera valið sprotafyrirtæki ársins á Norðurlöndum og ekki síst þegar maður lítur til þess hvað það eru mörg flott fyrirtæki að koma frá þessum löndum."

*Þorsteinn B. Friðriksson, forstjóri og stofnandi Plain Vanilla*



## Hin hliðin



ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR
FRÁFARANDI FRAMKVÆMDASTJÓRI SKEMA

## Fyrirmyndir óskast

Það er gömul saga og ný að atvinnulífið skorti tæknimenntað fólk. Háskólarnir hafa brugðist við þessari eftirspurn með því að stækka tæknideildirnar með ágætum árangri. Þó er eitt sem ber að skoða betur og það er val kvenna á háskólanámi. Því miður liggja tölur frá Íslandi ekki fyrir, en samkvæmt tölum frá Bandaríkjunum sýna 74% stúlkna á miðstigi grunnskóla áhuga á vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði, en í framhaldsskóla velja aðeins 0,3% stúlknanna tölvunarfræði. Háskólinn í Reykjavík vann rannsókn árið 2003 þar sem fram kom að stúlkur höfðu litla þekkingu á námi og störfum tölvunarfræðinga og höfðu þar af leiðandi ekki allar nauðsynlegar forsendur við val á háskólanámi. Aðeins 12% nemenda í tölvunarfræði það ár voru kvenkyns og hlutfallið var það sama árið 2010. Þá kom í ljós að drengir fengu aðgang að tölvum heima fyrir mun fyrr en stúlkur.

### Þú getur ekki orðið það sem þú getur ekki séð

Á námskeiðum hjá Skema hefur hlutfall stúlkna verið að meðaltali um 10–15% nemenda en hefur þó farið allt niður í 0%. Ástæður þessa lága hlutfalls stúlkna hafa ekki verið vísindalega kannaðar, en eru taldar vera skortur á upplýsingum og aðgengi að tækni, skortur á sjálfstrausti og ekki síst skortur á fyrirmyndum. Þegar við lítum í kringum okkur sjáum við að forsvarsmenn flestra (ef ekki allra) stóru tæknifyrirtækjanna eru karlmenn. Þegar hakkaþon eru heimsótt eru um 99% þátttakenda karlmenn og þegar talað er um unga tæknifrumkvöðla eru oftast notuð karlkyns persónufornöfn.

### Hvatning er fyrsta skrefið

Árið 2012 sigraði íslensk stúlka að nafni Ólína Helga Sverrisdóttir í forritunarkeppni sem haldin var á vegum FBI og Alice.org, þá aðeins 11 ára gömul. Síðastliðið haust komst þessi sama stúlka, sem nú er orðin 13 ára, í úrslit í Digital Girl of the Year Awards 2013. Ólína byrjaði að læra forritun hjá móður sinni fyrir nokkrum árum og úr varð heilt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að endurforrita menntun og skapa nýja kynslóð barna sem hefur undirstöðuþekkingu í forritun – börn sem verða skaparar tækni í stað þess að vera eingöngu neytendur hennar. Saga Ólínu Helgu sýnir að með örlítilli hvatningu frá foreldrum geta stelpur (og strákar) fengið áhuga á forritun og jafnvel unnið alþjóðlegar keppnir. Hvatning getur því kveikt áhuga sem verður til þess að börnin sækja sér þekkingu, byggja upp færni til framtíðar og draga úr kynbundnu starfsvali seinna á lífsleiðinni.






## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

**Lyklabox með tölulás**



Hentugt í sumarbústaðinn

Neyðarþjónustan Lásasmiðurinn Stofnað 1988

Skútuvogur 11 • s: 510-8888



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**

**Húsgögn og fleira til sölu**

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.

Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

**INNRÉTTINGAR**

Til sölu góðar verslunnar innréttingar í fataverslun einnig til sölu lagerinnréttingar. Uppl. í síma 8934143

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

ELSKENDUR

elskendur.is

**S. 849 0698**

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**NORSKA - ICELANDIC - ENSKA FYRIR BÖRN:**

NORSKA I & II - NORSKA f. heilbrigðisgeira, ENSKA f. BÖRN og FULLORÐNA. ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Byrja/Start: 2/6, 30/6, 8/9: Morgna/Síðdegi /Kvölds. Mornings/Afternoons/Evenings. 4 vikur/5 x í viku- 4 weeks/5 days a week. Aukatímar: STÆ,TÖL, EÐL, EFN. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.588 1160.

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**

Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www. brokey.is

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - Í SUMAR.**

Láttu drauminn rætast! Einkaflumannsnám hefst 2. júní. Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir 14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning á www. flugskoli.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vantar borðstofuborð frá tímabilinu 1950-70. (teak) stólar komar líka til greina. uppl. í s. 8919694 Pétur.

## Dýrahald



**SHETLAND SHEEPDOG (LÍTILL LASSIE)**

Tveir mjög efnilegir rakkar eftir úr nýlegu Sheltie goti. Foreldrar eru Lukka (cc CACIB Undralands Moor Than a Feeling) og Leó (CIB IsCh Bláfelds Arctic Gun). Hvolparnir eru ættbókarfærðir hjá HRFÍ. Áhugasamir hafi samband í síma 824-4760 eða sigridurhrund@gmail.com

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 110 m2 4 herb. íbúð við Reynimel. leigist í 4 mán. án húsgagna leigan er 250 þús. pr.mán. Uppl. í síma 897 2025.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Rúmföt skaffað og þvottur á rúmfötum. Internet og ljósleiðari. Leigist reglusömum & skilvísum. Einn mán trygging. Laust strax. Uppl. í s. 557 2183

Einbýli í Vogum 220 m2. 5 svefnherb., 2 baðherb. Leiga v. 185.000 kr. Hlynur s. 660 7609

## Atvinnuhúsnæði

**FRÁBÆRT ATVINNUHÚSNÆÐI**

til leigu ca.375 fm, góð staðsetnig, góðar tölvutengingar, símkerfi eru í húsnæðinu.

**Uppl. í síma 8934143**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**AÐSTOÐARMAÐUR TANNLÆKNIS Í 50-80% STARF Á TANNLÆKNASTOFU Í HAFNARFIRÐI.**

Viðkomandi þarf að hafa góða hæfileika í mannlegum samskiptum, eiga auðvelt með að tala við fólk og geta unnið á tölvu.

**Sjá www.jaxlinn.is**

**„ALTMULIGMAN"**

í 50-100% starf við viðhald bifreiða o.fl. Leigubílapróf og nám í bifvélavirkjun æskileg. Sjá www.jaxlinn.is/hreindyr

**Uppl: Þórir í síma 863 228. Starfsferilskrá sendist á jaxlinn@jaxlinn.is**

**LAGERSTÖRF**

Hýsing - Vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar starfsmanni við pökkun og afhendingu á fatnaði og annarri sérvöru. Einnig er laust starf við vörumerkingar og að hluta til við vörumóttöku. Unnið með handtölvum, lyftarapróf æskilegt. Vinnutíminn er 8:00-16:30. Umsóknir skulu fylltar út á www.voruhysing.is .

**Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á staðnum.**

Akraneskaupstaður

*Forstöðumaður búsetuþjónustu*

Fjölskyldusvið auglýsir til umsóknar stöðu forstöðumanns í búsetuþjónustu fyrir fatlaða. Um er að ræða 100% starf.

***Helstu verkefni og ábyrgð:***

*Fagleg ábyrgð á þjónustunni út frá hugmyndafræði sem felst í persónubundinni einstaklingsmiðaðri þjónustu.*
*Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri búsetuþjónustunnar.*
*Yfirumsjón með gerð þjónustuáætlana og daglegri þjónustu.*
*Stjórnun starfsmannamála.*
*Samstarf við aðstandendur og aðra samstarfsaðila.*

***Hæfniskröfur:***

*Háskólamenntun sem nýtist í starfi.*
*Þekking og reynsla af stjórnun.*
*Reynsla af starfi með fötluðum.*
*Mikil færni í mannlegum samskiptum.*
*Sjálfstæði í vinnubrögðum.*
*Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.*
*Hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur.*

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinborg Kristjánsdóttir í síma 433 1000 eða með því að senda fyrirspurnir á sveinborg.kristjansdottir@akranes.is*

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Akraneskaupstaðar **www.akranes.is**

**Umsóknarfrestur er til 11. júní nk.**

PÓSTURINN©2014

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRI**

óskast til aksturs á sorpgámum á stór Reykjavíkursvæðinu til sumarafleysinga. Nánari upplýsingar 567-5111

Maður óskast í málningarvinnu. Uppls. s. 779-8193

Óskum eftir að ráða menn í jarðvinnu/ hellulagnir í sumarstarf. Sendið upplýsingar á tvok@internet.is / 554 1111 / 699 3090

## tilkynningar

Landsvirkjun

## BÚRFELLSLUNDUR

### VINDMYLLUR Í RANGÁRÞINGI YTRA OG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

### Drög að tillögu að matsáætlun

Landsvirkjun kynnir áform um uppbyggingu vindmylla ofan við Búrfell. Svæðið er um 34 km$^2$ að flatarmáli og hefur fengið nafnið Búrfellslundur. Stefnt er að því að reisa nægilega margar vindmyllur til að ná allt að 200 MW orkuvinnslu. Gert er ráð fyrir vindmyllum með 2,5-3,5 MW aflgetu þar sem mastur hverrar vindmyllu yrði allt að 80 m hátt og þvermál spaða um 110 m.

Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Matsvinnan er hafin og eru drög að tillögu að matsáætlun til kynningar á heimasíðum Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is, og Mannvits, www.mannvit.is.

Öllum gefst kostur á að kynna sér drög að tillögu að matsáætlun á framangreindum vefsíðum og setja fram athugasemdir fram til föstudagsins 13. júní 2014. Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast. Hægt er að senda athugasemdir bréfleiðis á neðangreint póstfang eða með tölvupósti á netfangið haukur@mannvit.is.

**Frestur til að gera athugasemdir er til 13. júní 2014.**

**Mannvit verkfræðistofa, Haukur Einarsson**
**Grensásvegur 1, 108 Reykjavík**

## fasteignir

EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957 Sala fasteigna í 57 ár — Elsta starfandi fasteignasala landsins

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

## Til sölu Rauðarástígur 23 – Heil Húseign og byggingarréttur

### Tveir matshlutar ásamt 2760 fm byggingarrétt auk 1000 fm bílakjallara





**Höfum fengið í sölu 1825,8 fm eða 75,53 % af fasteigninni Rauðarárstíg 23 ásamt hlutdeild í byggingarrétti og bílastæðum.**
**Aðkoma að húsinu er mjög góð.**

Sá hluti sem verið er að selja er jarðhæð, 2. hæð, 3. hæð og kjallari sem er 1.825,8 birtir fm auk þess fylgir hlutdeild í sameign.

**Einnig er leitað er eftir tilboðum í 4. og 5. hæð**

Fjórða hæð er 342 fm og fimmta hæð er 115,2 fm samtals 457,2 fm. eða 24,47% af fasteigninni ásamt hlutdeild í byggingarrétti og bílastæðum
Lyfta er í húsinu. Mjög stórar svalir eru á 5. hæðinni.
Á 4. hæðinni eru svalir allan hringinn. Útsýni er glæsilegt.
Heildarstærð húseignar eru samtals 2425 fermetrar.




2 | KL. 20:50
**Dallas**
Sjónvarpsþátturinn sem breytti öllu snýr aftur á Stöð 2, sem fyrr er það baráttan um yfirráð í Ewing olíufyrirtækinu sem allt hverfist um.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 20:05
**How I Met Your Mother**
Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



2 | KL. 20:30
**Lífsstíll**
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.



2 | KL. 21:35
**Falcón**
Spennuþættir um Falcón sem er afar hæfileikaríkur rannsóknarlögreglumaður sem fær til rannsóknar ýmis flókin mál.



BÍÓSTÖÐIN | KL. 22:00
**Grown Ups 2**
Bráðskemmtileg gamanmynd með Adam Sandler, Kevin James, Chris Rock og David Spade í aðalhlutverkum.



3 | KL. 19:45
**Baby Daddy**
Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 5 | 3 | 2 | | 4 | 1 |
| | | 1 | 6 | | 8 | | | |
| 2 | 5 | 7 | | | 1 | | | |
| | | | | 2 | 5 | 9 | | |
| | | 2 | 3 | | | | 7 | 8 |
| | 6 | | | 9 | 4 | | 2 | |
| 8 | 4 | | | | | 2 | | |
| 9 | 7 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | | 9 | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 8 | | | 9 | | 5 |
| | | | | | 6 | | | 7 |
| 5 | | | | 1 | 3 | | 4 | 8 |
| 1 | 8 | | | 4 | | | | |
| | | 3 | 5 | | 1 | 7 | 9 | |
| | 2 | | | 6 | 7 | | | |
| | | | | | | 5 | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | | | | 7 | |
| | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 7 | 3 | 1 | 5 | |
| | | 3 | | 5 | | 7 | | |
| | | | 6 | 9 | | | | |
| | | | | | | 9 | 4 | |
| | 6 | 4 | | 8 | | | | |
| | | 5 | 9 | | 4 | 3 | | |
| | | 1 | 8 | 6 | | 4 | | 7 |
| 6 | 3 | | | | | | | |
| | 4 | | | | 2 | | | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 6 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 8 | 2 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 9 | 1 | 7 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 7 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 |
| 3 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 6 | 4 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 | 5 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 3 | 2 |
| 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 8 | 3 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 |
| 1 | 9 | 7 | 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 |
| 9 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

*Pondus er farinn í sumarfrí en snýr aftur í ágúst.*

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ofninn er áreiðanlegur en hann hefur gert okkur löt."
*Jamie Oliver*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** óregla, **6.** eftir hádegi, **8.** sægur, **9.** garðshorn, **11.** hljóta, **12.** langt op, **14.** fet, **16.** drykkur, **17.** fjallaskarð, **18.** spendýr, **20.** nafnorð, **21.** kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** umhverfis, **4.** örvandi efni, **5.** knæpa, **7.** holdýr, **10.** hald, **13.** ískur, **15.** feiti, **16.** ósigur, **19.** 49.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sukk, **6.** eh, **8.** mor, **9.** kot, **11.** fá, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** te, **17.** gil, **18.** api, **20.** no, **21.** pils. **LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** um, **4.** koffein, **5.** krá, **7.** holsepi, **10.** tak, **13.** urg, **15.** flot, **16.** tap, **19.** il.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Bragi Þorfinnsson (2.459) hafði hvítt á móti Presti Þórhallssyni (2.437) í fyrstu umferð Íslandsmótsins í skák. Hvítur á leik:**



**30. Hxd6! De7 31. Hd5 e4 32.Rh5 fxg5 33. f6 Df7 34. Hxc5 Dxh5 35. Hxg5 Df7 36. Hg7 De6 37. Rd5** og svartur gaf. Hannes Hlífar er efstur eftir 4 umferðir með 3½ vinning. Henrik Danielsen og Guðmundur Kjartansson eru næstir með 3 vinninga. **www.skak.is** Fimmta umferð fer fram í dag.

# KARLSVAKA



**Stórtónleikar í Eldborg Hörpu 12. september 2014 kl. 21.00**

Fjölmörg af stærstu nöfnum íslenskrar tónlistar sameinast í minningu um orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
FLOWERS
MANNAKORN
HJALTALÍN
APPARAT ORGAN KVARTETT
MAGNÚS KJARTANSSON
MEGAS
MUGISON
ÓLAFUR ARNALDS
GUNNAR ÞÓRÐARSON
KK
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

Efnisskrá inniber meðal annars:

Hallgrímur kvað? - eftir Karl J. Sighvatsson o.fl. í nýrri útsetningu Viktors Orra Árnasonar fyrir kammersveit og rafmagnaða hrynsveit

Pílagrímakórinn eftir Wagner, Blómið eftir Karl J. Sighvatsson, Atómstöðin eftir Karl J. Sighvatsson

**Miðasala á midi.is og harpa.is**

Allur ágóði af tónleikunum rennur til Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Styrktaraðilar Karlsvöku:
365
Domino's Pizza
KRÓNAN
66° NORÐUR

# MENNING

**LISTAHÁTÍÐ** Í DAG



KOLBEINN BJARNASON

**20.00 Rýmin & skáldin III** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**
**20.00 Der Klang der Offenbarung des Göttlichen í Borgarleikhúsinu - frumsýning**

➜ Á tónleikunum Rýmin & skáldin III verða frumflutt á Íslandi tvö verk fyrir bassaflautu og rafhljóð, samin fyrir Kolbein Bjarnason. Verkin eru Flux eftir Huga Guðmundsson og Merula eftir írska tónskáldið Simon Mawhinney. Rafhljóð beggja verkanna eru unnin upp úr bassaflautuleik Kolbeins.



**SUÐURLAND Í MANNSMYND** Jón Tryggvi og Úní á Merkigili eru viðfangsefni einnar myndarinnar. MYND/JÓN TRYGGVI

## Ég er Ísland

Örmyndirnar Ég er Ísland – Suðurland í mannsmynd verða frumsýndar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á morgun klukkan 18. Um er að ræða fimm örmyndir sem innihalda stutta persónulega frásögn nokkurra Sunnlendinga. Þær festa á filmu áhrifaríka staði, stórbrotna náttúru, upplifun af Suðurlandi, menningu, sögur, raunir, tilfinningar og fegurð – Suðurland í mannsmynd.

Við frumsýninguna verður örmyndunum varpað á vegg í stóru formati og með uppákomum býðst gestum einnig tækifæri til þess að kynnast viðmælendum og viðfangsefnum þeirra betur. Örmyndirnar verða sýndar áfram á skjá í safninu til 22. júní.

# Heimsljós snertir listamenn

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen eftir Ragnar Kjartansson við tónlist Kjartans Sveinssonar verður frumsýnd á Íslandi í kvöld. Kjartan segir hugmyndina að baki verkinu hafa verið að búa til eitthvað fallegt.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

„Þetta er verk í fjórum þáttum sem samanstendur eingöngu af leikmynd og tónlist,“ segir Kjartan Sveinsson, tónskáld og höfundur tónlistarinnar í Der Klang der Offenbarung des Göttlichen, eftir Ragnar Kjartansson. Sýningin, sem er leiksýning án leikara og byggð á Heimsljósi Halldórs Laxness, var frumsýnd í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín í febrúar en verður frumsýnd á Íslandi í Borgarleikhúsinu í kvöld. „Textinn er ljóð úr Heimsljósi,“ segir Kjartan. „En þau eru öll sungin á þýsku. Þetta var upphaflega þýsk pródúksjón og svo bara hljómar þetta svo asskoti vel á þýskunni.“

Der Klang der Offenbarung des Göttlichen þýðir kraftbirtingarhljómur guðdómsins, hvers vegna var titill verksins ekki þýddur fyrir sýningarnar á Íslandi? „Nafnið er sko miklu flottara á þýsku,“ segir Kjartan og hlær. „Að vera með sýningu sem heitir Kraftbirtingarhljómur guðdómsins hljómar líka mjög arrógant á íslensku svo við ákváðum að halda þýska titlinum.“

Kjartan vill ekki samþykkja það að tónlistin leiki aðalhlutverk í verkinu. „Tónlistin og leikmyndin hafa jafnmikið vægi. Hugmyndin á bak við þetta var að reyna að gera eitthvað sem væri fallegt, þótt það sé auðvitað vafasamt að vera eitthvað að rembast við það. Leikmyndin er mjög rómantísk, jafnvel væmin, og músíkin tók mið af því líka, þótt hún sé frekar minímalísk á köflum. Það gerist voðalega lítið, aðalmálið er þessi upplifun, að horfa og hlusta.“

Spurður hvort þeir Ragnar hafi unnið náið saman við sköpun verksins segir Kjartan svo alls ekki hafa verið. „Ragnar fór að mála og ég kann ekkert að mála þannig að ég samdi bara músík á meðan. Auðvitað vorum við búnir að ákveða út á hvað þetta átti að ganga og veittum hvor öðrum smá inspírasjónir öðru hvoru, en annars unnum við þetta bara hvor í sínu lagi.“

Ragnar hefur lýst því í viðtölum hvað Heimsljós standi hjarta hans nærri, á það sama við um þig? „Já, við erum samtaka í því. Þótt við höfum að sumu leyti ólíkar skoðanir á bókinni, þá snertir hún okkur báða djúpt. Ég held reyndar að þessi bók snerti listamenn mjög auðveldlega þar sem hún snýst að sumu leyti um togstreituna í listamanninum.“

Aðeins verða þrjár sýningar hér á Listahátíð, í kvöld, annað kvöld og á föstudagskvöldið, og síðan fer leikmyndin beint til Berlínar þar sem verkið fer aftur á svið í haust. „Svo er aldrei að vita nema hún fari víðar,“ segir Kjartan. „Þetta er samt það stór pródúksjón að það er meira en að segja það að flytja hana milli staða, svo það verður bara að koma í ljós hvert framhaldið verður.“



**KRAFTBIRTING** Veisla fyrir augu og eyru. Frá frumsýningu verksins í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín í febrúar.



KJARTAN SVEINSSON

### AÐSTANDENDUR
DER KLANG DER OFFENBARUNG DES GÖTTLICHEN

| | |
|---|---|
| Leikstjóri | Ragnar Kjartansson |
| Tónlist | Kjartan Sveinsson |
| Hljómsveitarstjórn | Davíð Þór Jónsson |
| Hljómsveit | Deutsches Filmorchester Babelsberg |
| Kór | Schola cantorum |
| Dramatúrg | Henning Nass |
| Myndrænn dramatúrg | Axel Hallkell Jóhannesson |
| Málarar | Axel Hallkell Jóhannesson, Ingjaldur Kárason, Lilja Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Victor Cilia, Þorvaldur Gröndal |






**ICE OG ANNA ÞORVALDSDÓTTIR** „Tónlistin fór aldrei mjög langt frá sjálfri sér, hún var fremur tilbreytingarlaus,“ segir Jónas Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Risti ekki djúpt

Listahátíð 2014

TÓNLIST ★★☆☆☆

**In the Light of Air**
ICE og Anna Þorvaldsdóttir
**NORÐURLJÓS Í HÖRPU SUNNUDAGINN 25. MAÍ**

International Contemporary Ensemble, eða ICE, er heitið á nútímatónlistarhópi sem kom fram í Norðurljósum á Listahátíð. Fullt af ljósaperum var fyrir ofan hópinn og maður las í tónleikaskrá að hann myndi stýra lýsingunni með leik sínum og andardrætti.

Ég verð að segja að ég bjóst við meiru. Tónlistin var eftir Önnu Þorvaldsdóttur, og reyndar kom hún ekki á óvart. Mikið var um grunnstöðuhljóma og alls kyns áferð sem skapaði óhugnanlega stemningu. Bassatromma og drónn í upphafi hljómaði eins og sena úr Inland Empire eftir David Lynch. Tónlistin fór aldrei mjög langt frá sjálfri sér, hún var fremur tilbreytingarlaus. Það voru samt mörg falleg augnablik í henni, heilmikil stemning, en almennt var hún dálítið langdregin. Maður hefur heyrt þetta áður. Lýsingin olli hins vegar vonbrigðum. Meiri, miklu meiri fjölbreytni, eitthvað krassandi hefði verið nauðsynlegt. Verkið tók jú heilan klukkutíma. En það gerðist aldrei neitt. Ljósmagnið var mismikið og það var hreinlega eins og einhver væri að leika sér að því að dempa það, án þess að tengja það við tónlistina. Ég a.m.k. sá ekki tenginguna. Þetta var býsna þunnur þrettándi.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónleikarnir áttu sín augnablik en ollu í heild vonbrigðum.

# VIÐ **KJÓSUM** EKKI
# SKIPULAGSSLYS






- Myndirnar sýna fyrirhugaðar byggingar á hafnarbakka Reykjavíkur
- Við viljum lágreistar byggingar við höfnina í anda þeirra sem endurbyggðar voru við Lækjargötu 2
- Við viljum einnig að Laugardalnum verði bjargað frá því skipulagsslysi sem núverandi meirihluti hefur samþykkt



JÓNA BJÖRG 4. SÆTI · GUÐFINNA 2. SÆTI · SVEINBJÖRG BIRNA 1. SÆTI · GRÉTA BJÖRG 3. SÆTI

**FRAMSÓKN og FLUGVALLARVINIR**

**Hittu okkur á Facebook**
facebook.com/framsoknogflugvallarvinir

# Fjögur hlutu Nýræktarstyrki 2014

Nýræktarstyrkir Miðstöðvar íslenskra bókmennta voru veittir í gær. Styrkjunum er ætlað að styðja við útgáfu á fyrstu verkum nýrra höfunda.

Miðstöð íslenskra bókmennta veitti í gær fjórum nýjum höfundum Nýræktarstyrki til útgáfu á verkum þeirra. Þetta er í sjöunda skiptið sem Nýræktarstyrkjum er úthlutað.

Nýræktarstyrkir eru sérstakir styrkir til útgáfu á nýjum íslenskum skáldskap. Styrkjunum er ætlað að styðja við útgáfu á fyrstu verkum nýrra höfunda og er þar átt við skáldverk í víðri merkingu þess orðs, sögur, ljóð, leikrit, eða eitthvað allt annað. Í ár barst 31 umsókn um Nýræktarstyrki frá 24 aðilum. Verkin sem sótt var um Nýræktarstyrk fyrir eru af ýmsum toga s.s. ljóð, barnaleikrit, smásögur, skáldsögur og esseyjur.

Nýræktarstyrki hljóta að þessu sinni eftirfarandi verk og höfundar: Stálskip, nokkur ævintýri eftir Atla Sigþórsson, Plan B, skáldsaga eftir Guðrúnu Ingu Ragnarsdóttur, Kvíðasnillingarnir, skáldsaga eftir Sverri Norland, og Úlrika Jasmín, skáldsaga eftir Uglu Egilsdóttur.

Á meðal verka og höfunda sem hlotið hafa Nýræktarstyrki síðustu ár eru barnabókin Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur, skáldsagan Sláttur eftir Hildi Knútsdóttur, ljóðabókin Á milli okkar allt eftir Heiðrúnu Ólafsdóttur og smásagnasafnið Eldhafið yfir okkur eftir Dag Hjartarson. - fsb



**NÝIR HÖFUNDAR** Atli Sigþórsson, Guðrún Inga Ragnarsdóttir, Sverrir Norland og Ugla Egilsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ

NORÐURLANDAMÓT
Yngri landsliða 2014 í körfubolta

Í dag hefja leik yngri landslið Íslands á Norðurlandamótinu í Solna í Svíþjóð

Hægt er að fylgjast með leikjunum í beinni tölfræðilýsingu og sjá fréttir af liðunum á www.kki.is

Körfuknattleikshreyfingin óskar liðunum góðs gengis

Áfram Ísland!

ICELANDAIR
DOMINO'S DEILDIN
POWERADE
Lengjan www.getraunir.is
Hertz

# Tveir útlagar hertaka svið Gamla bíós

Elfar Logi Hannesson sýnir Gísla Súrsson á ensku í Gamla bíói á næstunni og byrjar í kvöld. Inn á milli verða svo sýningar á Gísla og Fjalla-Eyvindi á íslensku.

„Ég er bara kominn í 101,“ segir Vestfirðingurinn Elfar Logi Hannesson, leikari hjá Kómedíuleikhúsinu, sem sýnir á fjölum Gamla bíós næstu vikur. „Ég verð með sjö sýningar á Gísla Súrssyni á ensku fram að 15. júní og sú fyrsta er í kvöld. Það leggst vel í mig, gott að koma í borgina og heiður að fá að sýna í þessu frábæra húsi,“ segir leikarinn.

Elfar Logi kveðst vera upptekinn af útlögum og því líka að hafa gert sýningu um Fjalla-Eyvind sem frumsýnd hafi verið í lok síðasta árs. Ákveðið hafi verið að steypa henni og sýningunni um Gísla Súrsson saman í Gamla bíói og þá verði leikið á íslensku. Fyrsta sýning er annað kvöld. Hvor þáttur um sig er 55 mínútur og gert er stutt hlé á milli til að gefa gestum kost á að standa upp og fá sér hressingu.

Gísli Súrsson var frumsýndur árið 2005 og sýningin í kvöld er númer 264. „Það var kominn tími á að kíkja með Gísla til höfuðborgarinnar því kappinn hefur aðallega haldið sig á landsbyggðinni til þessa,“ segir Elfar Logi og upplýsir að hingað til hafi hann einungis sýnt hér syðra fyrir ákveðna hópa en ekki almenning. „Samtímis og langt fram í ágúst verð ég líka með Gísla vestur í Haukadal í Dalasýslu, ýmist á íslensku eða ensku. Þar tók Gísli Súrsson land og það er sérstök upplifun að sýna hann á söguslóðum,“ segir Elfar Logi sem fer á nútíma reiðskjóta milli héraða.

Frekari upplýsingar eru á http://komedia.is/leikarid/Gisli_Sursson/

gun@frettabladid.is



**LEIKARINN** „Það er gott að koma í borgina og heiður að fá að sýna í Gamla bíói,“ segir Elfar Logi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




siminn.is

Business or pleasure?
Skiptir ekki máli

Með Ferðapakka Símans nýturðu úrvalskjara á símaþjónustu þegar þú ferðast um Evrópu og Bandaríkin. Lauflétt er að sækja um Ferðapakkann, með því að hringja í **8007000**. Mínúturnar eru ódýrari, þú greiðir 0 kr. fyrir móttekin símtöl og daggjald aðeins þá daga sem þú notar þjónustuna.

Ferðapakki

| | |
|---|---|
| 490 kr. | Daggjald í Evrópu |
| 990 kr. | Daggjald í Bandaríkjunum |
| 5 kr. mín. | Hringd símtöl |
| 0 kr. | Móttekin símtöl |
| 0 kr. | SMS |
| 25 kr. / MB | MB |

ENNEMM / NM62907

# SNJALLSÍMAR

## KAZAM – HTC – LG






KAZAM

Einfaldir og ódýrir snjallsímar sem allir taka 2 símakort, eru með Dual Core eða Quad Core örgjörvum og fást með 3,5“-5,5“ skjá.

htc

Fyrir þá sem vilja aðeins það besta. Nýji HTC One M8 er kominn. Hágæða myndavél. Mögnuð rafhlöðuending. Frábær skjár. Ótrúlegur vinnsluhraði. Lofaður af fagtímaritum.







LG

LG er einn stærsti farsímaframleiðandi heims og samhliða að bjóða sjónvörp með bognum OLED skjá þá má einnig fá boginn OLED skjá í flaggskipinu þeirra G Flex.

## 15% KYNNINGARAFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM FARSÍMUM TIL 6. JÚNÍ

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Er útskrift?




Verð 9.599 kr.
Cross ATX Basalt kúlupenni

Verð 10.599 kr.
Cross ATX Basalt Kúlutúss




Mikið úrval af erlendum gjafabókum

# Léttasta ferðataska í heimi!



Verð 18.999 kr.
4 hjól, 46 cm

Verð 24.999 kr.
4 hjól, 61 cm

Verð 27.999 kr.
4 hjól, 71 cm

**Fáanlegir litir:**

Dökkblár

Svartur

**5%**

afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Austurs
Skólavö
Kringlu
Álfabak




**Íslensk listasaga 1-5**
Verð kr. 27.899




**Maturinn hennar Nönnu**
Verð kr. 4.999




**Íslandsklukkan**
Vildarverð kr **6.449**
Verð kr. 7.529




**Megas**
Verð kr. 6.999




**Ljóðaúrval -**
**Jónas Hallgrímsson**
Verð kr. 4.999




**Fjallabókin**
Verð kr. 5.499




**Ljóðasafn -**
**Gerður Kristný**
Verð kr. 5.999




**Hálendið í náttúru**
**Íslands**
Verð kr. 19.999




**Karólína**
Verð kr. 9.999




**Íslenskir málshættir | Íslensk úrvalsljóð | Íslenskar úrvalsstökur**
Nýjar bækur í þessari frábæru seríu.
Verð kr. 2.499

stræti 18
örðustíg 11
nni
ka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 28. maí til og með 2.júní eða á meðan birgðir endast.

# Matur sem lumar á fleiri kaloríum en þú hélst



**RÍSKÖKUR** Kökurnar sjálfar innihalda ekki mikið af kaloríum en þær eru trefja- og prótínsnauðar og margir sérfræðingar halda því fram að slík fæða auki hungur og valdi því að fólk borðar meira yfir daginn.



**SUSHI** Grænmeti og þari innihalda fáar hitaeiningar en vinsælar sushi-rúllur innihalda einnig rjómaost og majónes eða búið er að djúpsteikja sjávarfangið sem eykur kaloríufjöldann talsvert.



**ÞURRKAÐIR ÁVEXTIR** Í einum bolla af vínberjum til dæmis eru um það bil sextíu kaloríur en einn bolli af rúsínum inniheldur 460 kaloríur. Þá lauma sumir framleiðendur sykri í þurrkuðu ávextina.



**SALÖT** Grænmeti er auðvitað meinhollt en þegar osti, hnetum, brauðteningum og salatsósu er bætt við það verður það algjör kaloríubomba – stundum jafnmikil og rjómaleginn pastaréttur.



**DJÚS** Ávaxtadjús er mjög ríkur af kolvetnum og því gætir þú alveg eins fengið þér nokkrar sneiðar af brauði í staðinn fyrir að fá þér djúsglas við og við yfir daginn.

**Vélvirki**
Viljum ráða vélvirkja vanan vélaviðgerðum.
Þarf að hafa staðgóða þekkingu á mótor og vökvakerfum og geta lesið bilanir með tölvu.
Upplýsingar veittar í síma 577-5700 og 892-0067. Umsóknir skulu berast á skrifstofu okkar að Hlíðasmára 11 eða senda þær á vef okkar **www.sudurverk.is**.
SUÐURVERK

# Brúðarkjólar innblásnir af stjörnunum

Fjölmargar stjörnur hafa gengið í það heilaga upp á síðkastið og um að gera að stela hugmyndum að brúðarkjólum frá þeim fyrir stóra daginn.

**OPIÐ Á UPPSTIGNINGARDAG**
nettó

| | |
|---|---|
| Akureyri | 10:00-18:00 |
| Borgarnes | 10:00-18:00 |
| Egilsstaðir | 10:00-18:00 |
| Grindavík | 10:00-18:00 |
| Hverafold | 10:00-18:00 |
| Höfn | 10:00-18:00 |
| Kópavogur | 10:00-18:00 |
| Reykjanesbær | 10:00-18:00 |
| **Selfoss** | **10:00-20:00** |

nettó 24

| | |
|---|---|
| Grandi | Opið |
| Mjódd | Opið |


## ÞESSI GIFTU SIG LÍKA Á ÁRINU

**Janúar:**
**Pamela Anderson og Rick Salomon**

**Febrúar:**
**Adam Brody og Leighton Meester**

**Mars:**
**Stacy Keibler og Jared Pobre**
**Sara Gilbert og Linda Perry**

**Apríl:**
**Tom Ford og Richard Buckley**
**Jodie Foster og Alexandra Hedison**
**Ginnifer Goodwin og Josh Dallas**

**Maí:**
**Lisa Edelstein og Robert Russell**
**Lisa Niemi og Albert DePrisco**



24. MAÍ

### GIFTI SIG Í GIVENCHY

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian klæddist kjól úr smiðju Givenchy þegar hún játaðist rapparanum Kanye West á Ítalíu um helgina.



12. APRÍL

### MILLJÓNA KJÓLL

Backstreet Boys-söngvarinn Nick Carter kvæntist Lauren Kitt í vor en kjóll Lauren kostaði tíu þúsund dollara, rúma milljón króna.



31. DESEMBER

### BLEIKT BRÚÐKAUP

Leikkonan Kaley Cuoco gekk að eiga Ryan Sweeting í ljósbleikum kjól frá Veru Wang á gamlárskvöld og stóðu herlegheitin yfir langt fram á nýja árið.



26. JANÚAR

### BACHELOR-BRÚÐKAUP

Bachelor-stjörnurnar Sean Lowe og Catherine Giudice giftu sig í beinni útsendingu og ljómaði brúðurin í kjól frá Monique Lhuillier.

PIPAR\TBWA - SÍA
olís
Vinur við veginn
Grillum í allt sumar með gasi frá Olís
Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!







14. MARS

### LITLA SYSTIR ORÐIN STÓR

Jamie Lynn Spears, litla systir Britney Spears, gekk að eiga Jamie Watson í kjól frá Liancarlo.



9. MAÍ

### LEYNILEGT

Söngkonan Kelly Rowland og Tim Witherspoon létu pússa sig saman í Kosta-ríku en fréttir af því bárust ekki fyrr en nokkrum dögum eftir brúðkaupið.

# UNA skincare




Kynningarvika dagana 28. maí – 4. júní

**20% afsláttur** af UNΛ skincare vörum.

UNΛ húðvörurnar innihalda Marinox™ extrakt sem unnið er úr íslenskum þörungum. Extraktið inniheldur lífvirk efni sem hafa framúrskarandi andoxunarvirkni í frumum, þau stórauka kollagenframleiðslu og hindra niðurbrot byggingarefna húðarinnar.

Nýjustu rannsóknir á áhrifum Marinox™ extrakts á húðfrumur sýna allt að tíföldun á framleiðslu kollagens.

Margföldun á framleiðslu kollagens í húðfrumum með Marinox™ extrakti




Magn Marinox™ extrakts

www.unaskincare.com
www.facebook.com/UNAskincare

UNΛ húðvörurnar byggja á umfangsmiklum rannsóknum á lífefnum úr íslenskum þörungum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Of góðu vön

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Það er frí á morgun, loksins! Ég ætlaði varla að hafa mig gegnum þetta sem á undan er gengið. Þrjár heilar vinnuvikur, svona hver á eftir annarri í striklotu. Mánudagur til föstudags, aftur og aftur. Og þvílíkir mánudagar. Ekki bætti úr skák að sólin skein og skein þessa daga, bara eins og á góðum sumardegi. Sveið svoleiðis á mér kinnarnar þar sem ég sat við tölvuskjáinn og komst ekki út. Segi ekki að ég hafi ekki stundum lengt kaffitímann í annan endann úti í sólinni, en samt.

**ÞAÐ** sem stöku fimmtudagsfríin í vikunum þar á undan höfðu komið sér vel. Svo vel að ég var farin að ganga út frá þessum frídögum sem sjálfsögðum hlut. Orðin of góðu vön. Fimmtudagur hér og fimmtudagur þar. Ansi var þetta þægilegt. Var ekki einhver að tala um fjögurra daga vinnuviku? Já takk!

**STÖKU** frídagana nýtti ég til ýmissa hluta. Gerði skurk í heimilisverkunum og lauk við eitt og annað sem hafði setið á hakanum. Er tiltölulega nýflutt milli húsa og verkefnalistinn á nýja staðnum langur. Ýmislegt sem þarf að dytta að. Skrapp meira að segja í byggingavöruverslun og keypti helling á einum þessara frídaga. Heldur betur þægilegt að geta erindast svona í rólegheitum, með allan daginn fyrir mér. Var ekkert að furða mig á því að búð væri opin yfirhöfuð og þar af leiðandi þau sem þar unnu hreint ekkert í fríi. Ekki eins og ég.

**VERKEFNALISTINN** er enn jafn langur, eins öfugsnúið og það nú er. Ég sé því fyrir mér að nýta morgundaginn til hins ýtrasta. Getur verið að fimmtudagsfríin hafi spillt mér? Að ég sé orðin of góðu vön? Í það minnsta er ég blygðunarlaust farin að plana morgundaginn. Jahérna hvað það á að nota tímann vel, erindast, klára eitt og annað. Versla! Ætli verði ekki örugglega opið?

# Sameinaði frændur

## Pálmi Sigurhjartarson kom frændunum Sigga Björns og Skapta Ólafssyni saman í fyrsta sinn þegar hann fékk þá til þess að syngja lag saman í hljóðveri.

„Ég var í langan tíma að reyna að koma því fyrir mig á hvern hann minnti mig, en svo barst talið að Skapta Ólafssyni og sagði hann þá, Skapti frændi, þeir höfðu þó aldrei hist,“ segir tónlistarmaðurinn Pálmi Sigurhjartarson, en hann samdi lag sérstaklega við texta Kára Waage fyrir frændurna og tónlistarmennina Sigga Björns og Skapta Ólafsson.

Frændurnir höfðu þó aldrei hist þó svo þeir séu báðir tónlistarmenn. „Þegar ég frétti að þeir hefðu aldrei hist ákvað ég að semja lag sem frændurnir áttu að syngja og hittust þeir í fyrsta sinn í stúdíóinu og fór ákaflega vel á með þeim,“ bætir Pálmi við.

Hljóðrituð voru þrjú lög og tvö af þeim koma út núna á næstunni, Tveir vinir, í flutningi Skapta og Sigga, og Tvær dúfur, sungið af Sigga.

Pálmi og Siggi Björns kynntust í Berlín þegar Pálmi bjó þar á síðasta ári. „Siggi hefur búið og starfað víða um heiminn síðustu 25 ár, lengst af í Danmörku og í Þýskalandi. Hann á þar mjög tryggan og stóran áheyrendahóp sem fylgir honum.“

Þeir félagar spiluðu talsvert saman í Berlín og víðar og ætla þeir að koma fram á nokkrum tónleikum hér á landi. „Við verðum á Eyrarbakka í kvöld, Siglufirði á morgun og Akureyri á föstudag.“ Þeir félagar koma svo fram í Reykjavík á sunnudag á Hátíð hafsins og á Rosenberg á mánudaginn kemur. **- glp**



**BERLÍNARBRÆÐUR** Siggi Björns og Pálmi Sigurhjartarson kynntust í Berlín og halda af stað í tónleikaferðalag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég var í langan tíma að reyna að koma því fyrir mig á hvern hann minnti mig.**
>
> *Pálmi Sigurhjartarson.*

# Rifust um síðasta lagið á plötunni

## Samaris heldur útgáfupartí á Kaffibarnum í kvöld í tilefni af útgáfu Fiskidranga.

Samaris heldur útgáfupartí á Kaffibarnum í kvöld í tilefni af nýrri plötu sinni, Fiskidrangar, en útgáfan dróst á langinn. „Þetta var erfitt ferli þó að við hefðum verið búin að semja mikið af efninu áður. Við ætluðum að gefa plötuna út fyrir einhverju síðan og halda svo útgáfutónleika en það varð ekkert úr því. Þannig að í staðinn ætlum við að halda risapartí á Kaffibarnum í kvöld og fagna útgáfunni, þó seint sé,“ segir Áslaug Rún Magnúsdóttir, einn þriggja meðlima Samaris. Auk Samaris koma DJ Yamaho og IntroBeatz til með að troða upp.

„Hluti plötunnar eru gömul lög sem aldrei komu út og við þróuðum dálítið áfram,“ segir Áslaug.

Næst á dagskrá hjá Samaris er tónleikaferðalag til Ítalíu. „Við spilum í Ravenna, Róm og Mílanó, þar sem við höfum spilað áður og það var rosalega skemmtilegt. Mér sýnist Evrópubúar vera að kaupa þetta.“ **- ósk**



**SAMARIS** Í hljómsveitinni eru Áslaug Rún Magnúsdóttir, Jófríður Ákadóttir og Þórður Kári Steinþórsson. MYND/MAGNÚS RSEN


LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D | 6 | L |
| X-MEN 3D | 8, 10:40(P) | 12 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8, 10:40 | 14 |
| BAD NEIGHBOURS | 8, 10:10 | 12 |
| RIO 2 2D | 5 | L |

Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW | KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30 2D: 6:30 - 9 | 16 |
| EDGE OF TOMORROW VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| BAD NEIGHBOURS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GODZILLA 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| WALK OF SHAME | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GODZILLA 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| GODZILLA 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| EDGE OF TOMORROW 3D | KL. 8 - 10:30 | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| X-MEN 3D | KL 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| X-MEN 3D LÚXUS | KL 5 - 10.45 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 3.20 - 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL 8 | 14 |
| BAD NEIGHBORS | KL 5.50 - 8 - 10.25 | 12 |
| LÁSI LÖGGUBÍLL | KL 3.20 | L |
| THE OTHER WOMAN | KL 8 | 12 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 10.10 | 12 |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 6 - 8 - 9 - 10.40 | 14 |
| THE AMAZING SPIDERMAN 2 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL 8 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL 10 | 7 |

Miðasala á: Miði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas











# Íþróttaveisla af bestu gerð í sumar!

Það verður sannkölluð íþróttaveisla á Stöð 2 Sport og Sport 2 í sumar. Skærustu knattspyrnustjörnur heims mætast í Brasilíu og berjast um gullið. Gummi Ben mun stýra HM Messunni og við sýnum m.a. alla leikina með Aroni Jóhannssyni, fyrsta Íslendingnum til að spila á HM. Gunnar Nelson snýr aftur í búrið, strákarnir okkar mæta Bosníu-mönnum í umspili til að komast á HM 2015 í Katar, spennan eykst í Pepsi-deildinni og úrslitakeppnin í NBA heldur áfram. **Allt þetta og margt fleira í stútfullum Sportpakkanum.**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## HM Í FÓTBOLTA Í BRASILÍU
**15 DAGAR** Í FYRSTA LEIK



Aðeins tveir menn hafa afrekað það að verða heimsmeistari sem bæði leikmaður og þjálfari en það eru Brasilíumaðurinn Mario Zagallo og Þjóðverjinn Franz Beckenbauer. Zagallo varð heimsmeistari með Brasilíu 1958 og 1962 en í úrslitaleiknum 1958 skoraði hann einmitt eitt mark og lagði upp annað fyrir Pele.

Zagallo var síðan þjálfari heimsmeistaraliðs Brasilíumanna 1970 og einnig aðstoðarþjálfari liðsins þegar liðið vann fjórða heimsmeistaratitil þjóðarinnar 1994. Beckenbauer er hins vegar sá eini sem hefur orðið heimsmeistari sem fyrirliði (HM í Vestur-Þýskalandi 1974) og þjálfari (HM á Ítalíu 1990) en Þýskaland hefur ekki orðið heimsmeistari án aðstoðar keisarans í 69 ár.

## Þrettán marka súpa Blika gegn FH

**FÓTBOLTI** Breiðablik gjörsamlega valtaði yfir FH, 13-0, í Pepsi-deild kvenna í fótbolta í gærkvöldi þar sem Telma Hjaltalín Þrastardóttir skoraði fernu fyrir Blika og Rakel Hönnudóttir þrjú mörk.

Úrslitin koma nokkuð á óvart enda var FH búið að vinna fyrstu tvo leiki sína í deildinni og lítur ágætlega út. FH-ingar áttu samt aldrei möguleika gegn meistaraefnum Blika í gær sem voru 8-0 yfir í hálfleik.

Selfoss komst loks á blað í Pepsi-deildinni en liðið vann Aftureldingu, 3-0, að Varmá í Mosfellsbæ. Stórstjörnur Selfoss-liðsins, Guðmunda Brynja Óladóttir (2 mörk) og Dagný Brynjarsdóttir (1 mark), sáu um Mosfellinga sem hafa tapað öllum þremur leikjum sínum til þessa.

Stjarnan gerði vel á heimavelli og vann nýliða Fylkis, 3-0, en Fylkiskonur hafa komið skemmtilega á óvart í byrjun móts og héldu t.a.m. hreinu gegn Breiðabliki í annarri umferð deildarinnar. Maegan Kelly skoraði öll þrjú mörk Stjörnunnar í gærkvöldi.

Þá vann Valur hina nýliðana, ÍA, 3-0, uppi á Skaga þar sem Elín Metta Jensen skoraði tvö mörk. Breiðablik, Valur og Þór/KA eru efst og jöfn með sjö stig. **- tom**



**MARKSÆKIN** Harpa Þorsteinsdóttir gerir sig líklega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


## Útboð

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í verkið:

**Eldhústæki í Vallarsel og Grundaskóla**

Verkið felst í útvegun eldhústækja og uppsetningu ásamt innlausn á eldri tækjum í leikskólann Vallarsel og grunnskólann Grundaskóla. Verklok eru 22.ágúst 2014.

Útboðsgögn eru afhent á stafrænu formi með því að senda beiðni á netfang akranes.utbod@mannvit.is.

Tilboð eru opnuð á bæjarskrifstofunni Stillholti 16-18, Akranesi, **fimmtudaginn 12.júní 2014 kl. 14:00.**

MANNVIT


# Stoltur af afrekinu

**Bjarki Már Elísson var markahæsti Íslendingurinn á sínu fyrsta tímabili í þýsku 1. deildinni. Fer samt sem áður með Eisenach niður í aðra deildina.**

**HANDBOLTI** Bjarki Már Elísson, hornamaður Eisenach, stóð sig vel á sínu fyrsta tímabili í þýsku 1. deildinni í handbolta. Bjarki gekk til liðs við Eisenach síðasta sumar en hann varð Íslandsmeistari með HK árið 2012. Þrátt fyrir að Eisenach hafi á endanum fallið úr deildinni var Bjarki nokkuð sáttur með eigin spilamennsku.

„Það er auðvitað svekkjandi að hafa fallið úr deildinni en þetta var lærdómsríkt tímabil. Það var margt nýtt sem ég fór í gegn um á tímabilinu en ég var nokkuð sáttur með eigin frammistöðu,“ sagði Bjarki, sem var ánægður með reynsluna sem hann fékk á tímabilinu.



**MARKAHRÓKUR** Bjarki Már Elísson átti gott fyrsta tímabil í herbúðum Eisenach. Hann er í landsliðshóp Arons Kristjánssonar fyrir Portúgalsleikina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Náði flestum mínum markmiðum

„Hérna úti eru fleiri æfingar og fleiri leikir. Þetta er það sem maður sækist eftir og ég hef lært helling á þessum tíma. Þetta er mun sterkari deild en sú íslenska með sterkari leikmenn og hver einasti leikur hérna er hörku leikur. Það er líka töluvert skemmtilegra að spila alltaf fyrir mörg þúsund manns í staðinn fyrir nokkur hundruð eins og heima. Maður vill vera í sviðsljósinu og spila fyrir framan fjölda af fólki og reyna að skemmta því, til þess er maður í þessu.“

Bjarki var markahæstur Íslendinga á tímabilinu og var hann sáttur með þann árangur.

„Það er mikið af góðum Íslendingum í þessari deild og ég er mjög stoltur af því að vera markahæstur Íslendinga þegar upp er staðið. Ég náði flestum mínum einstaklingsmarkmiðum á tímabilinu þrátt fyrir að gengi liðsins hafi ekki verið neitt sérstakt.“

Bjarki skrifaði undir nýjan samning fyrr í vetur og er búinn að koma sér vel fyrir í Þýskalandi. Hann kvaðst vera spenntur fyrir næsta tímabili með Eisenach.

„Mér líður mjög vel hérna, ég og kærastan mín erum búin að koma okkur vel fyrir. Það hjálpar að hafa Íslendinga í næsta nágrenni sem eru tilbúnir að hjálpa okkur. Ég hef ekkert heyrt af áhuga annarra liða. Ég hef ekkert verið að fylgjast með þessu frá því að ég skrifaði undir nýja samninginn. Ég reyni bara að einbeita mér að handboltanum. Áform liðsins er að reyna að halda kjarnanum og fara beint upp aftur. Þessi klúbbur á heima í 1. deildinni.“

### Vonast eftir tækifærinu

Bjarki hefur leikið átta landsleiki og skorað í þeim fjórtán mörk en samkeppnin er hörð. Hann er að berjast við Guðjón Val Sigurðsson og Stefán Rafn Sigurmarsson í leikmannahópi Arons Kristjánssonar.

„Ég hef lítið velt þessu fyrir mér, ég veit að Guðjón Valur á eftir að koma inn og Stefán og ég verð bara að sjá hvernig þetta fer. Ég ætla bara að reyna að standa mig í þeim verkefnum sem ég er tek þátt í og sjá til hvernig það fer,“ sagði Bjarki brattur.

### Hópurinn klár

Stuttu eftir að samtali blaðamanns við Bjarka lauk var landsliðshópur Arons Kristjánssonar fyrir vináttulandsleikina gegn Portúgal opinberaður en þeir fara fram á sunnudag, mánudag og þriðjudag á Ísafirði, í Mosfellsbæ og í Breiðholti.

Leikirnir eru hluti af undirbúningi íslenska liðsins fyrir umspilsleiki gegn Bosníu um sæti á HM 2015 í Katar á næsta ári.

**kristinnpall@365.is**






## Einar fékk þrjá leiki í bann

**FÓTBOLTI** Einar Orri Einarsson, leikmaður Keflavíkur, var úrskurðaður í þriggja leikja bann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ í dag fyrir framkomu sína í leik liðsins gegn FH síðastliðinn fimmtudag.

Einar Orri brást illur við þegar hann fékk annað gult spjald, og þar með rautt, fyrir að taka í Böðvar Böðvarsson, leikmann FH. Hann öskraði þá á fjórða dómara leiksins og hrækti í átt að varamannaskýli FH.

Einar missir af bikarleik Keflavíkur gegn Augnabliki í kvöld og svo tveimur næstu deildarleikjum Keflavíkurliðsins, gegn Fjölni og Fram. **- tom**




Ljósmyndun
Átt þú samleið með okkur?
Spennandi, skemmtilegt og skapandi nám.
Kynntu þér námið á
*tskoli.is/upplysingataekniskolinn*
Opið fyrir umsóknir á haustönn á
*menntagatt.is* til 31. maí.
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.30**
### Lífsstíll
Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl. Hárgreiðslumeistarinn Theodóra Mjöll hefur gefið út metsölubækurnar Háríð, Innblástur og Lokkar og heldur úti vinsælu tískubloggi á trendnet.is.



**How I Met Your Mother**
**Stöð 2 kl. 20.05** Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvenig Ted kynntist barnsmóður sinni.



**Borgunarbikarinn: KR–FH**
**Stöð 2 Sport kl. 19.45** Stöð 2 Sport sýnir beint frá stórleik KR og FH í Borgunarbikarnum en það lið sem vinnur kemst áfram í 16-liða úrslitin.



**Modern Family**
**Stöð 2 Gull kl. 19.25** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, fimm manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna og eldri manns sem býr með suður-amerískri fegurðardís.

**X977 kl. 07-10**
### Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7–10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(5:22)*
**08.30 Wipeout**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(37:175)*
**10.15 Grey's Anatomy** *(15:24)*
**11.00 Spurningabomban**
**11.50 Touch** *(4:14)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Veistu hver ég var?**
**13.50 Up All Night** *(21:24)*
**14.10 2 Broke Girls** *(17:24)*
**14.35 Sorry I've Got No Head**
**15.05 Mom** *(1:22)*
**15.30 Tommi og Jenni**
**15.55 UKI**
**16.00 Frasier** *(19:24)*
**16.25 Mike & Molly** *(17:23)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(19:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(1:25)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stóru málin**
**20.05 How I Met Your Mother** *(6:24)*
**20.30 Lífsstíll**
**20.50 Dallas** *(1:15)*
**21.35 Falcón** *(4:4)*
**22.20 I Am**
**23.40 Lincoln**
**02.05 NCIS** *(14:24)*
**02.50 Person of Interest** *(17:23)*
**03.35 The Killing** *(11:12)*
**04.20 The Killing** *(12:12)*
**05.05 Mike & Molly**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**07.00 Oklahoma - San Antonio**
**11.25 Pepsímörkin 2014**
**12.40 NB90's. Vol. 2**
**13.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**13.35 Kiel - Fuchse Berlin**
**15.05 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Atletico Madrid**
**17.45 Oklahoma - San Antonio**
**19.45 KR - FH** Bein útsending.
**22.00 Sevilla - Benfica**
**00.30 Indiana - Miami** Bein útsending.

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.00 Enska 1. deildin: Leyton Orient - Rotherdam**
**13.40 Inside Manchester City**
**14.30 Liverpool - Newcastle**
**16.10 Football League Show 2013/14**
**16.40 Tottenham - Swansea**
**18.20 Tottenham - Norwich**
**20.00 Bogi Ágústsson**
**20.35 Football League Show 2013/14**
**21.05 Tottenham - Man. City**
**22.45 Enska 1. deildin: Derby - QPR**
**00.25 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll Samfylkingarformaður
**20.30** Perlur Páls Steingrímssonar
**21.00** Í návígi Gestur Kári Stefánsson
**21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**18.15 Malibu Country** *(8:18)*
**18.35 Bob's Burgers** *(16:23)*
**19.00 Junior Masterchef Australia** *(22:22)*
**19.45 Baby Daddy** *(11:16)*
**20.10 Revolution** *(13:22)*
**20.50 Tomorrow People** *(15:22)*
**21.30 Supernatural** *(16:22)*
**22.15 Junior Masterchef Australia** *(22:22)*
**23.00 Baby Daddy** *(11:16)*
**23.25 Revolution**
**00.10 Tomorrow People**
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** Ævintýraferðin **07.55** UKI **08.00** Lukku-Láki **08.25** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Tommi og Jenni **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Brunabílarnir **09.23** Latibær **09.47** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** Ævintýraferðin **11.55** UKI **12.00** Lukku-Láki **12.22** Ljóti andarunginn og ég **12.44** Tommi og Jenni **12.51** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Brunabílarnir **13.23** Latibær **13.47** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** Ævintýraferðin **15.55** UKI **16.00** Lukku-Láki **16.22** Ljóti andarunginn og ég **16.44** Tommi og Jenni **16.51** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Brunabílarnir **17.23** Latibær **17.47** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Ríó **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.05 Strákarnir**
**18.35 Friends**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Modern Family**
**19.45 Two and a Half Men**
**20.10 Örlagadagurinn** *(3:30)*
**20.40 Heimsókn**
**21.00 The Killing** *(6:13)*
**21.45 Chuck** *(9:13)*
**22.25 Cold Case**
**23.10 Without a Trace**
**00.40 Örlagadagurinn**
**01.20 Heimsókn**
**01.40 The Killing**
**02.25 Chuck**
**03.10 Cold Case**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**10.15 The American President**
**12.10 The Remains of the Day**
**14.20 Anger Management**
**16.05 The American President**
**18.00 The Remains of the Day**
**20.15 Anger Management**
**22.00 Grown Ups 2**
**23.40 Seeking a Friend for the end of the World**
**01.20 Still Waiting**
**02.50 Grown Ups 2**

## RÚV

**16.25 Ljósmóðirin** *(Call the Midwife II) (e)*
**17.20 Disneystundin** *(19:52)*
**17.21 Finnbogi og Felix** *(19:26)*
**17.43 Sígildar teiknimyndir** *(19:30) (Classic Cartoon)*
**17.50 Herkúles** *(19:21)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Nýsköpun – Íslensk vísindi III** *(4:8) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.10 Í garðinum með Gurrý II** *(4:6) (Skuggaplöntum skipt)* Í garðinum með Gurrý sýnir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur áhorfendum réttu handtökin við garðyrkjustörfin og fer í áhugaverðar heimsóknir.
**20.40 Neyðarvaktin** *(22:22) (Chicago Fire II)*
**21.25 Blásið í glæður** *(2:6) (Schmokk)* Norsk gamanþáttaröð um par sem reynir að kynda undir ástarblossanum sem virðist hafa dofnað í hversdagsleikanum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Guðmóðirin** *(2:3) (Die Patin)*
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(16:16)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Psych** *(4:16)*
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 The Good Wife** *(16:22)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(32:44)*
**19.35 Save Me** *(1:13)*
**20.00 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(20:20)*
**20.25 Solsidan** *(8:10)*
**20.50 The Millers** *(21:23)*
**21.15 Emily Owens M.D. - NÝTT** *(1:13)* Emily Owens er nýútskrifaður læknir og hefur fengið starf á stórum spítala í Denver. Henni finnst hún loksins vera orðin fullorðin og fagnar því að gagnfræðaskóla árin eru að baki þar sem hún var hálfgerður lúði, en ekki líður á löngu áður en hún uppgötvar að spítalamenningin er ekki svo ólík klíkunum í gaggó. Í aðalhlutverki er Mamie Gummer, dóttir Óskarsverðlaunaleikkonunnar Meryl Streep. Emily hefur störf sem læknakandídat á Memorialspítalanum en kemst að því sér til hrellingar að erkióvinur hennar, Cassandra, hefur einnig verið ráðin til starfa.
**22.00 Blue Bloods** *(21:22)*
**22.45 Leverage** *(4:15)*
**23.30 Blue Bloods** *(21:22)*
**00.15 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**12.00** PGA Tour 2014
**12.55** Golfing World 2014
**13.45** PGA Tour 2014
**17.45** Golfing World 2014
**18.35** European Tour 2014
**19.25** European Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



TWISTER
ELSKAR
DORITOS
Tortilla +
salsasósa
+ iceberg
+ majónes +
rifinn ostur
+
muldar Doritos
flögur
+ Zinger
lundir
= sönn ást
799
kr.
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

## SUMARLAGIÐ



**„Óaðfinnanlega lagið Bailando. Það minnir mig alltaf á sumar, sól og skemmtilega vini.“**

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir, matarbloggari og dagskrárgerðarkona

# Stelpur rokka á öllum aldri

Kvennarokksumarbúðir um helgina sem lýkur með alvöru rokktónleikum.

Sérstakar kvennarokksumarbúðir verða haldnar næstu helgi fyrir konur, tuttugu ára og eldri. Það eru Stelpur rokka! sem standa fyrir búðunum en þetta er þriðja sumarið í röð sem þær eru haldnar. Í rokkbúðunum læra konur á hljóðfæri, að spila í hljómsveit, fá þekkta tónlistarkonu í heimsókn og enda á alvöru rokktónleikum þar sem þær flytja frumsamið efni, en skráningarfrestur rennur út á föstudaginn. Áslaug Einarsdóttir, framkvæmdastýra búðanna, segir viðtökurnar hafa verið góðar undanfarin ár. „Þetta er annað árið í röð sem við bjóðum upp á rokkbúðir fyrir tuttugu ára og eldri en þriðja árið sem við bjóðum upp á rokksumarbúðir fyrir 12-16 ára stelpur. Yngri stelpurnar sækja búðirnar í tvær vikur en þær eldri þjappa þeim saman í eina helgi.“

Helsta markmið búðanna að sögn Áslaugar er að vekja áhuga stelpna og kvenna á rokktónlist og tónlistarbransanum.

„Langtímamarkmið okkar er að leiðrétta kynjahalla í tónlistarbransanum. Þar hallar verulega á konur. Markmið kvennarokkbúðanna er einnig að kynna starf okkar fyrir konum svo hægt sé að fjölga þeim í sjálfboðaliðahópi okkar. Þær eru líka hugsaðar sem fjáröflun fyrir þær yngri stelpur sem ekki hafa ráð á að borga fyrir námskeiðið. Það hefur alltaf verið fullt hjá okkur og búðirnar hafa vakið mikla athygli en tónlistarkonur hafa verið mjög hjálplegar og lánað okkur hljóðfæri og ýmsan búnað.“



**ÁSLAUG EINARSDÓTTIR** Langtímamarkmiðið að leiðrétta kynjahalla í tónlistarbransanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GusGus hitar upp fyrir Timberlake

Íslenska rafsveitin GusGus mun sjá um að hita mannskapinn upp fyrir tónleika Justins Timberlake sem fram fara í ágúst. Mikil tilhlökkun er innan sveitarinnar sem ætlar að leika sín þekktustu lög. GusGus hefur í nógu að snúast og sendir frá sér nýja plötu í þann 11. júní.

**Gunnar Leó Pálsson**
gunnarleo@frettabladid.is

„Ég er mikill aðdáandi Justins Timberlake og hef alltaf verið dálítið svag fyrir stöffinu hans og finnst hittararnir hans sérlega æðislegir,“ segir tónlistarmaðurinn Biggi veira og meðlimur hljómsveitarinnar GusGus en sveitin sér um upphitun fyrir tónleika Justins Timberlake sem fram fara í Kórnum 24. ágúst. „Þetta er líka ágætis leið til þess að fá að fara frítt á tónleikana,“ bætir Biggi við léttur í lundu.

„GusGus var alltaf ofarlega á blaði hjá okkur og var eitt af þeim böndum sem við lögðum til. Þetta er frábær sveit og sérstaklega góð tónleikasveit, við erum mjög sátt við að fá hana á þessa frábæru tónleika,“ segir tónleikahaldarinn Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu.

GusGus er þó ekki eina upphitunaratriðið á tónleikunum því Dj Freestyle Steve kemur einnig fram á undan Timberlake. „Dj Freestyle Steve hefur verið upphitunaratriði hjá Justin á öllum túrnum. Ég fór á tónleikana á Parken fyrir skömmu og hann náði upp alveg þvílíkri stemningu áður en Justin steig á svið,“ bætir Ísleifur við. Innlendar hljómsveitir hafa afar sjaldan fengið að hita upp fyrir Justin Timberlake. „Það er afar sjaldan sem lókal artistar fá að hita upp fyrir Justin, næstum því aldrei,“ bætir Ísleifur við.

GusGus er í fantaformi þessa dagana og sendir frá sér nýja plötu þann 11. júní. „Platan er framhald af því sem við höfum verið að gera í gegnum tíðina. Þarna eru þó léttari beat en á síðustu plötu. Högni sýnir líka á sér nýjar léttar og sprækar hliðar, mér finnst platan mjög skemmtileg,“ útskýrir Biggi.

Gert er ráð fyrir að GusGus leiki sín þekktustu lög á tónleikunum, í bland við efni af væntanlegri plötu. „Húsið verður opnað klukkan 18.00 og GusGus stígur á svið klukkan 19.30. Þar á eftir kemur Dj Freestyle Steve og svo í kjölfarið mætir Justin á sviðið þannig að þetta er sannkölluð tónleikaveisla,“ segir Ísleifur. Hann gerir ráð fyrir að Justin verði á sviðinu í um eina og hálfa til tvær klukkustundir.



**MIKIÐ SJÓNARSPIL** Tónleikar Justins Timberlake koma til með að verða með þeim flottustu sem haldnir hafa verið á Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY



**AÐDÁENDUR JUSTINS** Hljómsveitin GusGus hitar upp fyrir Justin Timberlake á tónleikum hans á Íslandi í sumar. Liðsmenn GusGus eru fullir tilhlökkunar. MYND/ARI MAGG

## JUSTIN TIMBERLAKE SIGRAR HEIMINN

**Sigurvegari á Billboard-verðlaunahátíðinni** Alls fór Justin Timberlake heim með sjö verðlaunagripi af Billboard-verðlaunahátíðinni á dögunum. Meðal annars fyrir flokkana Besti tónlistarmaðurinn, Besti Billboard-tónlistarmaðurinn, Besti karlkyns tónlistarmaðurinn, Besti R&B-tónlistarmaðurinn og Besta R&B-platan.

**Margverðlaunaður** Áður hefur hann til að mynda hlotið níu Grammy-verðlaun og fern Emmy-verðlaun.

**Justin úti um allt** Tónleikarnir hans á Íslandi verða þeir síðustu í bili. Hann og hans lið fær þá frí þangað til tónleikaferðalagið hefst að nýju í Melbourne í Ástralíu þann 18. september.

**The 20/20 Experience** Tónleikaferðalagið sem kallast The 20/20 Experience hófst þann 6. nóvember 2013 og stendur til 20. desember 2014 en á því tímabili hefur Justin Timberlake og hljómsveit hans komið fram á 130 tónleikum.

## NÓG FRAM UNDAN HJÁ GUSGUS

**Ný plata** Hljómsveitin GusGus sendir frá sér nýja plötu þann 11. júní næstkomandi og ber hún nafnið Mexico. Þetta er áttunda plata sveitarinnar en síðast kom út platan Arabian Horse árið 2011.

**Nóg framundan** GusGus heldur af stað í tónleikaferðalag í haust en heldur þó útgáfutónleika hér á landi í sumar.

**GusGus í dag** Biggi veira, Stebbi, Daníel Ágúst Haraldsson og Högni Egilsson skipa sveitina í dag.



SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
HLUSTAÐU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER
BYLGJAN 989


Ragnar Kjartansson &
Kjartan Sveinsson
DER KLANG DER OFFENBARUNG
DES GÖTTLICHEN
Frumsýning í kvöld kl. 20!
Aðeins þrjár sýningar
28/5 kl. 20 UPPSELT
29/5 kl. 20 örfá sæti
30/5 kl. 20 lokasýning
№28
2014
Miðasala | 568 8000 | midasala@borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Misstu af vélinni

Rithöfundarnir Steinar Bragi og Stefán Máni voru fjarri góðu gamni á bókmenntahátíðinni Comédie du livre sem fór fram í Montpellier um helgina. Þeir sváfu yfir sig og misstu af vélinni til Parísar. Fjöldinn allur af íslenskum höfundum voru á hátíðinni eins og þeir Árni Þórarinsson, Hallgrímur Helgason og Jón Kalman sem náðu umræddri flugvél og eyddu helginni í franska bænum ásamt þeim Arnaldi Indriðasyni, Auði Övu og Steinunni Sigurðardóttur. **- áp**



### Með brotið nef og glóðaraugu

„Já, ég er víst nefbrotinn og með glóðarauga á báðum svo það verður eitthvað um það að maður noti sólgleraugu næstu daga þrátt fyrir sólarleysið." Þetta segir Magnús Scheving íþróttaálfur sem slasaðist á laugardaginn við tökur á nýjum sjónvarpsþætti. Magnús vildi ekki greina nákvæmlega frá því sem gerðist að öðru leyti en því að um erfiða íþrótt sem tengist vatnasporti hafi verið að ræða. **- ibs**



### Mest lesið VÍSIR

1. „Þetta er bara glannaskapur"
2. „Þessi staður er ekki sá versti" - Emmsjé Gauti fékk sér húðflúr
3. Fyrrum bæjarstjóri í tugmilljóna viðskiptum við bæinn án útboðs
4. Mikill fjöldi styður bloggara í baráttu við eiginkonu bæjarstjóra
5. Hundrað stungur skildu ekki eftir sig blóðslettur





